

SAMAN GEGN OFBELDI

Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og
Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu
gegn heimilisofbeldi



RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum

24. október 2016

Höfundar:

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Kristín I. Pálsdóttir

Ranneig Sigurvinsdóttir

Forsíðumynd: Kristín I. Pálsdóttir

Úttekt þessi er unnin af RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum fyrir Reykjavíkurborg og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Matið byggir á innleggi þess starfsfólks sem að verkefninu kemur, sjónarmiðum þolenda og sérfræðinga á sviðinu ásamt tölulegum gögnum. Matsteymið vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra einstaklinga sem gáfu sér tíma til að deila með teyminu reynslu sinni af verkefninu.

Matsteymið ber fulla ábyrgð á greiningum og niðurstöðum skýrslunnar og þeim skilningi sem endurspeglast í skýrslunni.

ISBN 978-9935-24-094-1

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	<i>i</i>
Myndir	<i>iv</i>
Samantekt	1
1 Inngangur	7
1.1 Verkefnið Saman gegn ofbeldi	8
1.1.1 Aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar	9
1.1.2 Aðgerðir af hálfu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu	11
2 Aðferðafræði úttektar	13
2.1 Aðferðir	13
2.1.1 Djúpvíðtöl við þolendur	13
2.1.2 Hálfstöðluð víðtöl við lykilstarfsfólk	13
2.1.3 Rýnihópar meðal starfsfólks	14
2.1.4 Spurningakönnun meðal starfsfólks	15
2.2 Matsteymið	16
3 Tölulegar niðurstöður	17
3.1.1 Tölulegar greiningar	17
3.2 Töluleg gögn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu	19
3.2.1 Fjöldi mála	19
3.2.2 Tegundir mála lögreglu og eðli	21
3.3 Töluleg gögn Reykjavíkurborgar	23
3.3.1 Fjöldi mála hjá Reykjavíkurborg	23
3.3.2 Aðstæður þolenda í heimilisofbeldismálum hjá Reykjavíkurborg	24
3.3.3 Tegundir ofbeldis og þjónusta veitt	26
3.4 Töluleg gögn Barnaverndar	28
4 Sjónarhorn þolenda	29
4.1 Ofbeldi af hálfu gerenda	29
4.2 Áhrif ofbeldis á þolendur og varnarhættir þeirra	31
4.3 Viðbrögð annarra	33

4.4	Sambandsslit _____	35
5	Verklag og -þættir samstarfsverkefnisins _____	36
5.1	Almenn viðhorf _____	36
5.2	Lögregla _____	36
5.2.1	Spurningakönnun meðal lögreglumanna _____	36
5.2.2	Rýnihópar með starfsfólki lögreglu _____	38
5.2.2.1	Rannsóknarlögreglumenn og varðstjórar _____	38
5.2.2.2	Ákærusvið lögreglu _____	41
5.2.3	Sérfræðingar lögreglu _____	42
5.2.4	Viðhorf þolenda til starfs lögreglu _____	42
5.3	Starfsfólk Reykjavíkurborgar (starfsfólk þjónustumiðstöðva og Barnavernd) _____	43
5.3.1	Spurningakönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar _____	43
5.3.1	Rýnihópar starfsfólks félagsþjónustu Reykjavíkurborgar _____	46
5.3.2	Rýnihópur frá Barnavernd Reykjavíkur _____	47
5.3.3	Sérfræðingar frá Reykjavíkurborg _____	48
5.3.4	Viðhorf þolenda til starfs Reykjavíkurborgar _____	48
5.4	Annað starfsfólk _____	50
5.4.1	Kvennaathvarf _____	50
5.4.2	Heimilisfriður _____	51
5.5	Vinnuálag _____	52
5.6	Útköll _____	54
6	Sérstakar aðgerðir _____	57
6.1	Eftirfylgniheimsókn _____	57
6.2	Nálgunarbann og brottvísun af heimili _____	58
6.2.1	Nálgunarbann – sjónarhóll þolenda _____	60
6.2.2	Nálgunarbann – sjónarhóll annarra _____	61
6.3	Gátlisti _____	63
6.4	Fræðsla _____	63
7	Áhættuhópar og -þættir í heimilisofbeldismálum _____	66
7.1	Börn og ofbeldi innan heimila _____	66
7.2	Fólk af erlendum uppruna _____	70
7.3	Fötlan _____	74
7.4	Fíkn og geðræn vandamál _____	75
7.5	Kynjað kerfi _____	77
8	Almennt um ofbeldi og áhrif þess _____	79
8.1	Ofbeldi á milli náinna og skyldra _____	79

8.2	Íslenskar rannsóknir _____	79
8.3	Kynbundið ofbeldi _____	81
8.4	Afleiðingar kynbundis ofbeldis _____	81
8.5	Lagarammi um ofbeldi í nánum samböndum _____	82
9	<i>Niðurstöður og tillögur til úrbóta</i> _____	84
9.1	Markmið verkefnisins _____	84
9.2	Tillögur til úrbóta _____	90
9.2.1	Verkefna- og breytingastjórnun _____	90
9.2.2	Virkara samráð og samstarf _____	90
9.2.3	Útköll lögreglu _____	91
9.2.4	Eftirfylgni mála _____	91
9.2.5	Gátlisti _____	92
9.2.6	Nálgunarbönn _____	92
9.2.7	Samstarf við aðra aðila _____	93
9.2.8	Nýjungar _____	94
9.2.9	Samþætt meðferðarúrræði sem taka tillit til geðrænna vandamála og fíknar _____	94
9.2.10	Áhersla á gerendur _____	95
9.2.11	Sértækur stuðningur við tiltekna hópa _____	95
9.2.12	Húsnæðisúrræði fyrir þolendur og gerendur _____	96
9.2.13	Málsmeðferð í réttarkerfinu _____	96
10	<i>Heimildaskrá</i> _____	98
	<i>VIÐAUKI I Gagnlegar heimildir um heimilisofbeldi</i> _____	102
	<i>VIÐAUKI II Umræða í fjölmiðlum á verkefnistímabilinu</i> _____	109
	Umræður um ofbeldi í nánum samböndum _____	109
	Fréttir af verkefninu _____	112

Myndir

Mynd 1-1 Meginþættir verkefnisins af hálfu Reykjavíkurborgar	9
Mynd 3-1 Málafjöldi lögreglu og Reykjavíkurborgar eftir póstnúmerum árið 2015	18
Mynd 3-2 Málafjöldi lögreglu á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum 2014-15	20
Mynd 3-3 Fjöldi lögreglumála í Reykjavík eftir mánuðum 2015.....	20
Mynd 3-4 Heildarmálafjöldi eftir vikudögum í Reykjavík	21
Mynd 3-5 Árásaraðilar - gerendur í málum í Reykjavík 2015	22
Mynd 3-6 Fjöldi mála hjá Reykjavíkurborg á mánuði 2015	23
Mynd 3-7 Málafjöldi þjónustumiðstöðva 2015	24
Mynd 3-8 Aldursdreifing þolenda í málum Reykjavíkurborgar 2015	24
Mynd 3-9 Fjölskyldugerð þolenda í málum Reykjavíkurborgar 2015.....	25
Mynd 3-10 Hjúskaparstaða þolenda í málum Reykjavíkurborgar 2015	26
Mynd 3-11 Ofbeldi af hálfu ólíkra aðila í málum Reykjavíkurborgar 2015.....	27
Mynd 3-12 Eðli og gerð ofbeldis í málum Reykjavíkurborgar 2015	27
Mynd 3-13 Fjöldi tilkynninga lögreglu vegna heimilisofbeldis til barnaverndar eftir mánuðum	28
Mynd 5-1 Afstaða starfsfólks lögreglu á höfuðborgarsvæðinu til verklags í heimilisofbeldismálum	37
Mynd 7-1 Ríkisfang geranda í málum lögreglu í Reykjavík 2015	71
Mynd 7-2 Ríkisfang þolenda í málum lögreglu í Reykjavík 2015	71

Samantekt

Saman gegn ofbeldi er samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og Reykjavíkurborgar til að sporna við heimilisofbeldi í Reykjavík. Kvennaathvarfið og Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu taka einnig þátt í verkefninu. Verkefnið hófst 12. janúar 2015 sem árslengt tilraunaverkefni og var svo framlengt til eins árs í janúar 2016. Í þessari úttekt er gerð grein fyrir styrkleikum og veikleikum verkefnisins og er henni ætlað að veita hlutaðeigandi aðilum innsýn í hvernig til hefur tekist auk þess að skoða mögulegar leiðir til úrbóta.

Í skýrslunni er byggt á viðtækri gagnasöfnun, m.a. voru tekin djúpvíðtöl við þolendur og viðtöl við lykilstarfsfólk. Gögnum var einnig safnað frá starfsfólki verkefnisins (LRH, starfsfólki þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og Barnaverndar Reykjavíkur) með rýnihópum og rafrænni viðhorfskönnun. Þá voru töluleg gögn frá Reykjavíkurborg og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu rýnd. Einnig var rætt við sérfræðinga hjá Kvennaathvarfi og Heimilisfriði (áður Karlar til ábyrgðar). Hér verður stuttlega farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Mikilvægt er að hafa í huga að gögnum var safnað á ólíkum tímabilum verkefnisins. Því er mögulegt að þegar hafi verið leyst úr þeim atriðum sem bent er á hér. Helstu niðurstöður:

- Mikil aukning varð árið 2015 á heimilisofbeldismálum sem komu til kasta LRH. Alls sinnti lögreglan 391 máli árið 2015, borið saman við 200 mál árið 2014 (aðeins í Reykjavík, alls voru mál á höfuðborgarsvæðinu 627 árið 2015 og 290 árið 2014).
- Flestir árásar- og brotþólar eru konur (um 80%) og flestir árásaraðilar karlar (81%) skv. gögnum lögreglu. Algengast er að þolandi og gerandi séu í maka-sambandi. Heimilisofbeldi felur gjarnan í sér bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi.
- Starfsmenn þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar sinntu 164 málum árið 2015, þar sem starfsmaður fór á vettvang með lögreglu. Starfsmenn félagsþjónustu fóru aðeins á vettvang ef börn voru þar búsett eða ef þolandi samþykkti að fá starfsmann félagsþjónustu á staðinn.
- 212 mál voru skilgreind sem heimilisofbeldi hjá Barnavernd Reykjavíkur en flestar tilkynningar þess efnis komu frá lögreglu, eða 155, og þar næst frá velferðarsviði, eða 17 mál. Í þessum 155 málum komu 144 börn við sögu.
- Þolendur sögðu frá margvíslegum tegundum ofbeldis: líkamlegu, andlegu, kynferðislegu, fjárhagslegu ofbeldi og eignaspjöllum. Í sumum tilvikum var

um markvisst og alvarlegt ofbeldi að ræða. Tveir þolendur sem rætt var við höfðu upplifað ofbeldismynstur eltihrellis (*e. stalking*).

- Ofbeldi hefur margvísleg áhrif á þolendur. Nefna má áverka vegna líkamlegs ofbeldis, skömm sem því fylgir, þunglyndi, áfallastreitu, sjálfsvígshugsanir og sjálfsskaðandi hegðun sem og mikla streitu. Fæstir þeir þolendur sem rætt var við hafa leitað sér aðstoðar vegna þessara áhrifa.
- Þolendur heimilisofbeldis minntust einnig á fjárhagslegt ofbeldi og fjárhagsvanda sem tengist gerendum eða varðar kostnað við að fara úr ofbeldissambandi. Fjárhagur getur því verið hindrun fyrir því að fólk komist út úr ofbeldissamböndum, auk þess sem peningar eru notaðir til að stjórna og kúga þolanda.
- Viðbrögð samfélagsins hafa áhrif á þolendur. Stuðningur og jákvæð viðbrögð geta skipt miklu máli, aukið vellíðan þolenda og komið í veg fyrir að þeir fari aftur í ofbeldissambönd. Hins vegar geta neikvæð viðbrögð frá öðrum og einangrun sem fylgir ofbeldinu haft mjög slæm áhrif.
- Verulegar hindranir geta verið til staðar fyrir því að þolendur yfirgefi ofbeldissamband, t.d. fjárhags- og húsnæðiserfiðleikar. Um helmingur þolenda í makasambandi hafði slitið sambandinu og lýstu þeir létti en einnig togstreitu vegna flókinna tilfinninga. Öryggi þolenda var ekki tryggt með sambandslitum í öllum tilvikum.
- Á heildina litið var starfsfólk ánægt með átaksverkefnið en fram kom gagnrýni á framkvæmd þess, eins og eðlilegt er við miklar breytingar á verklagi.
- Spurningakönnun meðal starfsfólks LRH sýndi að meirihluti svarenda taldi sig þekkja verklagið vel (67,3%) og að vel hefði tekist að vinna eftir því (73,6%). Þá taldi 63,7% starfsfólks verklagið vera til þess fallið að mæta þörfum þolenda. Þegar hins vegar var spurt hvort verklagið væri til þess fallið að fækka heimilisofbeldismálum til lengri tíma litið voru færri sammála því (44,4%) og þriðjungur þátttakenda tók ekki afstöðu til þess.
- Fram kom í rýnihópum með rannsóknarlögreglumönnum og varðstjórum að þeir væru jákvæðir gagnvart verkefninu, fannst það nauðsynleg breyting í málaflokknum og liður í viðhorfsbreytingum til heimilisofbeldis innan lögreglunnar. Þeim fannst gott að fá félagsþjónustu og Barnavernd á vettvang þar sem mikil þörf er fyrir félagsleg úrræði. Gagnrýni var helst á rýni yfirstjórnar á mál, verklagi hafi verið fylgt of stíft, málum væri haldið til streitu gegn vilja þolenda og stundum taldi starfsfólk sig ekki hafa næg úrræði til að hjálpa fólki. Tekið skal fram að brugðist var við gagnrýni á breytt verklag við rýni mála þegar hún kom fram.
- Rýnihópur með starfsfólki ákærusviðs LRH leiddi í ljós að hópurinn var ánægður með að öflun sönnunargagna á vettvangi hefði batnað (t.d. eru teknar myndir af áverkum). Starfsfólkið hafði gagnrýna sýn á verkefnið og nefndi að ekki væri hægt að vinna öll mál eins, nálgunarbann væri íþyngjandi úrræði sem ætti aðeins að nota í ákveðnum tilfellum og að starfsfólk hefði kosið meira samráð þegar verkefnið var mótað og innleitt í upphafi.

- Sérfræðingar lögreglu höfðu jákvæða sýn á verkefnið og töldu það upphaf breytinga í málaflokknum og í lögreglunni almennt. Þeir voru sérstaklega ánægðir með samstarf við Reykjavíkurborg.
- Þegar þolendur voru spurðir um þeirra sýn á lögreglu voru flestir jákvæðir og töluðu um að lögreglan hefði komið vel fram. Þá minntust nokkrir á að þeir fyndu skýran mun á viðbrögðum lögreglu fyrir og eftir upphaf átaksverkefnisins. Þolendur voru ánægðir með að talað er við þolendur og gerendur sitt í hvoru lagi og að teknar séu myndir og öðrum sönnunargögnum safnað. Hins vegar voru nokkur tilvik þar sem þolendur voru ósáttir við framkomu lögreglu, nefndu þeir leiðinlega framkomu lögreglumanna og þá tilfinningu að lögregla tæki afstöðu með geranda. Þessi tilvik voru þó undantekningar og almennt var upplifun þolenda jákvæð.
- Send var spurningakönnun á starfsfólk Reykjavíkurborgar (félagsþjónustu, Barnavernd og stjórnendur). Fram kom mikil ánægja með verkefnið meðal starfsfólks, en nær allir þátttakendur töldu sig þekkja verklagið vel, að vel hefði gengið að fara eftir því á vinnustað þeirra og að verklagið mæti þörfum þolenda heimilisofbeldis. Þá töldu 80,9% að verklagið væri líklegt til að fækka heimilisofbeldismálum til lengri tíma litið. Þar að auki var meirihluti ánægður með stjórnun verkefnisins (81,8%) og taldi að vel hefði gengið að innleiða umbætur á verkefnatímanum (73,9%). Loks var 68,1% þátttakenda ánægðir með fræðslu í tengslum við verkefnið.
- Í rýnihópum með starfsfólki félagsþjónustu Reykjavíkur kom fram ánægja með verkefnið og nefndi það að nú komi til kasta félagsþjónustu mál sem ekki hafa gert það áður. Einnig væri samstarf við lögreglu mjög gott. Gagnrýnt var hversu lítil áhersla væri á gerendur og bent á að nauðsyn þess að bæta úr því, einnig kom fram að vinnuálag sé mikið og að ákveðna þætti mætti færa til betri vegar við skráningu mála.
- Rýnihópur frá Barnavernd lýsti almennri ánægju með verkefnið og telur það til mikilla bóta fyrir þolendur. Vinnuálag hefur þó aukist og þá aðallega vegna lengri útkalla og þau geta líka verið erfið fyrir börn sem bíða meðan rannsakandi klárar sína vinnu í stað þess að fundin séu úrræði fyrir þau strax. Starfsmenn Barnaverndar nefna líka að gott hefði verið að fá sérhæfða fræðslu og aðgang að faglegu tengslaneti, t.d. norrænu.
- Sérfræðingar frá Reykjavíkurborg voru ánægðir með bættu skráningu og tölfræði tengda heimilisofbeldi. Mikil samskipti eru nauðsynleg til að tryggja að málum sé fylgt eftir og að þeim sé vel sinnt. Einnig sé mikilvægt að starfsfólk fari eftir verklaginu.
- Þegar þolendur voru spurðir um sýn þeirra á starfsfólk félagsþjónustu Reykjavíkurborgar voru flestir mjög jákvæðir. Sérstaklega væri mikilvægt að fá félagsráðgjafa á vettvang til að sýna þolendum hlýju og stuðning. Óánægja með félagsþjónustu sneri aðallega að skorti á eftirfylgni og áframhaldandi aðstoð, en brugðist hefur verið við þessu með breyttu verklagi.

- Aðrir sem tengdust verkefninu, frá Kvennaathvarfi og Heimilisfriði, voru jákvæðir gagnvart verkefninu í heild sem er til marks um jákvæða þróun í málaflokknum.
- Allir sem starfa að verkefninu finna fyrir auknu vinnuálagi og er það álit mats-teymisins að margir eigi á hættu að verða fyrir kulnun í starfi ef slíkt álag verður viðvarandi, án þess að auknir fjármunir séu settir í málaflokkinn miðað við það sem nú er. Þó ber að geta þess að Reykjavíkurborg veitti fjármunum í verkefnið fyrir starfsfólks á bakvöktum.
- Sérstakar aðgerðir sem fylgja verkefninu eru: Eftirfylgniheimsókn, nálgunarbann og brottvísun af heimili (sem var til staðar áður en fær sérstaka áherslu í átaksverkefninu), gátlisti og fræðsla. Í upphafi verkefnisins fengu aðeins tveir af fimmtán þolendum eftirfylgniheimsókn stuttu eftir útkall frá lögreglu og félagsþjónustu eins og gert er ráð fyrir í verklagi. Þeir sem fengu heimsóknina voru mjög ánægðir með hana. Heimsóknin reyndist flókin í framkvæmd, verklagi við hana breytt og frumkvæði flutt til félagsþjónustu.
- Aukning var í beitingu nálgunarbanns og brottvísunar af heimili fyrri hluta ársins 2015, borið saman við árið 2014. Þolendur eru ánægðir með að úrræðið stendur til boða en það olli tveimur þeirra vonbrigðum að óska eftir nálgunarbanni án árangurs. Skiptar skoðanir eru um nálgunarbann meðal starfsfólks, til dæmis fannst starfsfólki ákærusviðs úrræðið íþyngjandi fyrir gerendur og að það ætti að nota sparlega en lögreglumenn voru almennt ósammála því. Einnig var rætt hvort rétt væri að fara gegn vilja þolanda þegar nálgunarbann er ákveðið.
- Gátlisti er fylltur út á vettvangi en sumir lögreglumenn kvörtuðu yfir listanum og voru óvissir um hverju hann bætti við gagnaöflun þeirra. Brugðist hefur verið við þessu og nú er í gangi vinna við að þróa og innleiða áhættumat innan lögreglunnar.
- Lögreglumenn voru almennt gagnrýnir á skort á fræðslu í tengslum við verkefnið. Haldin hafa verið ýmis námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk lögreglu en mæting hefur ekki verið sem skyldi. Mikið vinnuálag gæti skýrt það að hluta. Einnig hafa verið haldnir fundir með starfsfólki lögreglu til að útskýra verklag og auka samráð. Það hafa verið haldin námskeið á vegum verkefnisins og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur einnig haldið námskeið fyrir sitt starfsfólk. Félagsráðgjafar voru ánægðir með fræðsluna en óskuðu þó eftir sérhæfðari fræðslu og samráðsfundum í framtíðinni. Þegar hefur verið brugðist við því. Sálfræðingar Barnaverndar sakna líka sérhæfðrar fræðslu og tengslanets í sínum störfum.
- Ákveðnir hópar eru í aukinni hættu á að verða fyrir heimilisofbeldi: Börn, fólk af erlendum uppruna, fatlað fólk, þeir sem glíma við fíkn eða geðræn vandamál og þá getur skort úrræði fyrir kvenkyns gerendur og karlkyns þolendur.
- Samkvæmt gögnum lögreglu voru börn á heimilum í 63% heimilisofbeldismála. Börn voru líka á nær öllum heimilum þeirra þolanda sem rætt var við. Börn geta orðið fyrir ofbeldinu sjálf eða orðið vitni að því og það getur haft

mikil áhrif á þau. Þolendur töldu mikilvægt að huga vel að málum þar sem börn eru til staðar. Lögreglumenn voru ánægðir með sérstaka áherslu á að sinna börnum vel í verkefninu. Starfsmenn Barnaverndar voru einnig ánægðir með verkefnið almennt og að börn sem verða vitni að ofbeldi eigi nú strax að fá aðstoð frá sálfræðingi. Þó var einhver óánægja meðal starfsmanna Barnaverndar með það að lögreglan hefði mögulega stigið að einhverju leyti inn á það sem áður var verksvið Barnaverndar. Nauðsynlegt er að tryggja að vel sé búið að börnum í framtíðinni og mætti styrkja sálfræðisþjónustu Barnaverndar faglega, í samræmi við óskir starfsmanna, í því skyni.

- Í um fimmtungi mála hjá lögreglu er þolandi eða gerandi af erlendum uppruna. Fólk af erlendum uppruna er því í áhættuhópi og rætt var við tvo þolendur af erlendum uppruna. Þeir voru almennt sáttir við þjónustuna en þó hafði annar þeirra upplifað einhvern dónaskap frá lögreglunni áður fyrr. Lögreglumönnum þykja þessi mál oft flókin því að menningarmunur og ólík gildi geta skipt máli (eins og líkamlegar refsingar sem uppeldisaðferð). Lögreglan reynir að virða ólík sjónarmið og menningarhópa en þeir verða að bregðast við brotum á íslenskum lögum. Þar að auki getur verið flókið og erfitt að fá tulkþjónustu. Hjá starfsfólki Kvænnaathvarfs kemur fram að þar komi oft konur af erlendum uppruna og dvelji lengi því þær hafa lítið tengslanet á Íslandi og þekkja ekki réttindi sín og möguleika hér á landi.
- Fötlan þolenda er ekki skráð í gögnum lögreglu en lögreglumenn segjast ekki sjá mörg mál þar sem fatlaðir koma við sögu, en þó verður að taka fram að fötlan er af mörgum toga og oft ekki auðgreinanleg. Skoða þarf betur í framtíðinni hvernig er hægt að ná til fatlaðs fólks, mæta þörfum þess og skrá það betur í tölfræði stofnanna.
- Lögregla hefur ekki heimild til að safna upplýsingum um fíkn og geðræn vandamál en þolendur skýrðu frá því að gerendur ættu oft við mikil geðræn vandamál eða fíknivanda að stríða en hefðu yfirleitt ekki leitað sér aðstoðar vegna þess. Þrír þolendur sögðust einnig glíma við fíknivanda sjálfir. Starfsfólk útskýrði að mál væru sérstaklega flókin þegar saman færu geðræn vandamál, fíknivandi og að viðkomandi hefði ekki áhuga á að leita sér aðstoðar.
- Yfirleitt er gert ráð fyrir því að karlar séu gerendur ofbeldis og konur þolendur, enda er það oftast á þann veginn. Hins vegar kemur það fyrir að karlar séu þolendur og þá skortir úrræði fyrir þá, t.d. tekur Kvænnaathvarfið aðeins við konum þó að þar sé boðið upp á aðstoð fyrir karla í gegnum síma. Heimilisfriður var áður bara fyrir karla en er nýlega opinn öllum gerendum. Huga þarf að þessu þegar úrræði eru mótuð og skipulögð í framtíðinni.

Heildarniðurstaða skýrslunnar er jákvæð og verulega miklu var áorkað á árinu sem átaksverkefnið stóð yfir. Starfsfólk hefur ríka trú á að nýtt verklag sé vel til þess fallið að fækka heimilisofbeldismálum þegar til lengri tíma er litið. Samstarf lögreglu, starfsmanna þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og Barnaverndar hefur verið

mjög gott og hefur vinnulag batnað eftir því sem liðið hefur á verkefnatímann og starfsfólk hefur fengið tíma til að venjast nýjum vinnubrögðum.

Í öðrum kafla úttektarinnar er útlistun á aðferðafræði úttektar, tölulegar niðurstöður eru settar fram í þriðja kafla og sjónarhorn þolenda kemur fram í fjórða kafla. Í fimmta kafla er fjallað um verklag og verkþætti verkefnisins, í sjötta kafla um sérstakar aðgerðir í verkefninu, í sjöunda kafla um áhættuhópa og þætti í heimilisofbeldi. Í áttunda kafla er svo fjallað almennt um heimilisofbeldi og lagarammann í kringum það. Nánari útlistun á niðurstöðum og tillögur til úrbóta eru settar fram í níunda kafla. Í næsta kafla verður fjallað um aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

1 Inngangur

Verkefnið *Saman gegn ofbeldi* er samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LHR) og Reykjavíkurborgar og er markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum. Með innleiðingu verkefnisins var unnið að því að bæta þjónustu við þolendur, gerendur hvattir til að sækja sér ráðgjöf og vinna lögreglunnar á vettvangi bætt. Ekki síst var markmiðið að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

Samstarfsverkefni Embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum og félagsþjónustunnar á Suðurnesjum, *Að halda glugganum opnum*, var haft til hliðsjónar við mótun verkefnisins. Markmið þess verkefnis, sem var tilraunaverkefni til eins árs og hófst 1. febrúar 2013, var að bæta úrvinnslu í heimilisofbeldismálum með markvissari fyrstu viðbrögðum lögreglu, fækkun ítrekunarbrota, bættri tölfræðivinnslu, markvissari aðstoð við þolendur og gerendur, betri nýtingu úrræða um nálgunarbann og brottvísun af heimili og að ná fleiri málum í gegnum réttargæslukerfið. Sambærileg samstarfsverkefni erlendis hafa skilað verulegum árangri í baráttunni gegn heimilisofbeldi.

Ákveðið var að beita svipaðri nálgun gagnvart heimilisofbeldismálum í Reykjavík og því hófu LRH og Reykjavíkurborg samvinnu um átak gegn heimilisofbeldi í nóvember 2014. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, skrifuðu undir samstarfsyfirlýsingu og lýstu vilja til að vinna að verkefninu í samvinnu við hagsmunasamtök og aðra sem lagt gætu verkefninu lið. Þannig hafa til dæmis Kvennaathvarf og Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu tekið þátt í verkefninu með setu í stýrihópi og vinnu þar.

Markmið úttekta á verkefninu er tvíþætt. Annars vegar er leitast við að meta árangur verkefnisins með markvissum hætti og hins vegar voru þær upplýsingar sem aflað var í úttekta vinnunni nýttar til að bæta verkefnið á meðan á því stóð. Aðferðafræði mótandi matsrannsókna (*e. formative evaluation*) er beitt, þar sem náin samvinna úttekta hóps við aðila samstarfsverkefnisins er í forgrunni og áhersla á að matsvinnan nýtist verkefnaaðilum sem höfðu rými til að laga vinnulag sitt að tillögum eftir því sem leið á verkefnatímamann. Jafnframt var lögð áhersla á að verkefnið er nýtilkomið og að það krefðist tíma fyrir starfsfólk að aðlagast starf sitt nýjum vinnuaðferðum og bæta vinnuferla.

Tilgangurinn með þessari skýrslu er að leggja fram lokamat (*e. end term evaluation*) fyrir verkefnið *Saman gegn ofbeldi*. Í október 2015 var gefið út áfangamat um árangur verkefnissins fyrsta hálfu árið. Í lokamatinu verður gefið yfirlit yfir gögn sem safnað var í tengslum við verkefnið og ályktanir dregnar eftir því sem kostur er. Lögð var áhersla á viðtæka gagna- og upplýsingasöfnun til að draga fram eins heildstæða mynd af verkefninu og framgangi þess eins og kostur er. Meginmarkmiðið er að gera þeim sem taka þátt í verkefninu kleift að fá grundvallarinnisýn inn í hvernig tekist hefur til í verkefninu og hvað betur megi fara.

Í matinu eru nýttar tölulegar upplýsingar, djúpvíðtöl, spurningakannanir, rýnihópar og hálfstöðluð viðtöl. Kastljósinu er beint að þeim ólíku aðilum sem koma að heimilisofbeldi og jafnframt er leitast við að byggja á þeirri reynslu sem aflað hefur verið í sambærilegum samstarfsverkefnum erlendis.

1.1 Verkefnið *Saman gegn ofbeldi*

Verkefnið *Saman gegn ofbeldi* hófst þann 12. janúar 2015 og var í upphafi sett á fót sem tilraunaverkefni til eins árs. Reykjavíkurborg hefur veitt fjármagni til verkefnissins en LRH hefur ekki gert það. Báðar stofnanir ákváðu svo að framlengja verkefnið.

Skipaður var stýrihópur sem stjórnaði verkefninu og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Í honum eiga sæti tveir fulltrúar velferðarsviðs, og er annar frá Barnavernd Reykjavíkur, tveir fulltrúar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi mannréttindaskrifstofu, Kvennaathvarfs og heilsugæslunnar. Hlutverk stýrihópsins er eftirfarandi:

1. Hafa umsjón með framkvæmd átaksverkefnissins.
2. Hafa umsjón með gerð leiðbeininga- og verklagsreglna fyrir starfsfólk, þjónustumiðstöðva og starfsmenn Barnaverndar.
3. Endurskoða reglur Reykjavíkurborgar um félagslega aðstoð í því augnamiði að kanna hvort unnt sé að koma betur til móts við þá þolendur ofbeldis í nánnum samböndum sem uppfylla ekki skilyrði fyrir úrræðum félagsþjónustunnar/Barnaverndar. Stýrihópurinn skilar inn tillögum að breytingu á reglum ef hann telur þess þörf.
4. Hafa umsjón með samráðsfundum og sameiginlegri þverfaglegri fræðslu.
5. Að kortleggja úrræði félagsþjónustunnar/Barnaverndar og kanna hvort þörf sé á nýjum úrræðum fyrir þolendur og gerendur.

Halldóra Gunnarsdóttir á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar var ráðin verkefnisstjóri verkefnissins í hálfri stöðu og sá hún um samræmingu, fjármál, fræðslu og upplýsingagjöf í tengslum við verkefnið, svo sem á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Einnig hélt hún utan um fundahöld í stýrihópnum og sá um önnur verkefni sem hann fól henni.

Stýrihópurinn fundaði oft og reglulega, upphaflega vikulega en svo aðeins sjaldnar þegar leið á verkefnið. Á fundunum var tekið á öllum málum sem upp komu í tengslum við verkefnið og leitast við að leysa úr þeim og móta verkefnið með í ljósi


reynslunnar. Þessi þétta eftirfylgni við verkefnið og víðtæka samráð er lykilatriði í þeim mikla árangri sem náðst hefur á stuttum tíma.

Sameiginleg markmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Að tryggja öryggi borgaranna á heimilum sínum
- Að veita þolendum og gerendum heimilisofbeldis betri þjónustu
- Að efla traust þolanda, og eftir atvikum gerenda, á því að stjórnvöld muni veita aðstoð við að binda enda á ofbeldi
- Að auka samráð og samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn
- Að efla og samræma úrvinnslu mála
- Að bæta tölfraeðiupplýsingar um ofbeldi
- Að bæta þjónustu við konur af erlendum uppruna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi
- Að bæta stöðu barna sem búa við ofbeldi
- Að bæta þjónustu við fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi
- Að auka þekkingu á málaflokkinum og hvetja til opinberrar umræðu um það samfélagsmeið sem heimilisofbeldi er

1.1.1 Aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar

Meginþættir verkefnisins af hálfu Reykjavíkurborgar eru fimm: Bætt samstarf, þjónusta, verklag og þekkingarmiðlun, auk sérstakra aðgerða. Þessir þættir eru settir fram á mynd 1-1.



MYND 1-1 MEGINÞÆTTIR VERKEFNISINS AF HÁLFU REYKJAVÍKURBORGAR

Aðgerðir sem falla undir liðinn aukið *samstarf* lögreglu og starfsfólks Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi:

- Bakvaktapjónusta þjónustumiðstöðva velferðarsviðs sem fer í útköll með lögreglu. Ef barn er á heimili kemur líka aðili frá Barnavernd Reykjavíkur. Málum er svo fylgt eftir með símtali og eftirfylgni-heimsókn.
- Stýrihópur verkefnisins heldur reglulega samráðsfundi.
- Samstarf við lögreglu um dreifingu upplýsingaefnis um ofbeldi.
- Samstarf við Lögregluskóla ríkisins um að fræða nemendur um ofbeldi, afleiðingar þess og úrræði.

Liðurinn *þjónusta* felur í sér betri þjónustu fyrir þolendur og gerendur til að binda enda á ofbeldið og aðstoða þolendur við að losna undan ofbeldinu. Aðgerðir sem falla undir þennan lið eru:

- Markviss ráðgjöf til þolenda og gerenda.
- Að tryggja fjárhagsaðstoð eftir þörfum og stytta málsmeðferðar-tíma.

Liðurinn *verklag* felur í sér breytingu á verklagi sem miðar að því að uppræta heimilis-ofbeldi og sýna hvernig tekið er á þessu vandamáli. Aðgerðir að þessu marki eru:

- Skýr stefna og samræmd viðbrögð.
- Skimun og eftirfylgni vegna heimilisofbeldis.
- Bætt skráning og greining mála.

Liðurinn *þekkingarmiðlun* felur í sér fræðslu til starfsfólks um heimilisofbeldi og virkara samráð um þekkingarmiðlun milli fagstétta. Aðgerðir eru:

- Fræðsla til ráðgjafa þjónustumiðstöðva og Barnaverndar um stefnu, verklag og rétt viðbrögð.
- Þverfagleg fræðsla og samráð.
- Bætt upplýsingagjöf á vefsíðum borgarinnar.

Liðurinn *sérstakar aðgerðir vegna stöðu erlendra kvenna* miðar að því að efla þjónustu og stuðning við konur af erlendum uppruna með t.d:

- Túlkaþjónustu fyrir þolendur og gerendur.
- Bæklingi fyrir innflytjendur um heimilisofbeldi.
- Dreifingu upplýsingaefnis um heimilisofbeldi.
- Samstarfi um upplýsingagjöf og kynningu.
- Sérstökum verklagsreglum vegna kvenna af erlendum uppruna.
- Fræðslu um stöðu erlendra kvenna sem búa við heimilisofbeldi.
- Auknu samstarfi við að kynna starfsemi sem miðar að því að efla félagslegt tengslanet kvenna af erlendum uppruna.

Liðurinn *sérstakar aðgerðir vegna stöðu fatlaðra kvenna* felur í sér að kanna ítarlega heimilisofbeldi gegn fötluðu fólki með sérstöku átaksverkefni með því að:

- Setja á fót starfshóp sem vinnur að útfærslu átaksverkefnisins sem vinnur að útfærslu átaksverkefnisins sem snýr að ofbeldi gegnu fötluðum konum/fötluðu fólki

Liðurinn *stjórn verkefnisins* felur í sér að skipaður verður stýrihópur sem stjórn verkefninu og beri ábyrgð á framkvæmd þess m.a. með því að:

- Ráða verkefnisstjóra.

1.1.2 Aðgerðir af hálfu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Ríkislögreglustjóri samþykkti hinn 2. desember 2014 nýjar verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru til lögreglu. Eldri reglur í þessum málaflokki voru frá árinu 2005. Við gerð reglnanna var litið til tilraunaverkefnis Embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum og laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011 (Ríkislögreglustjórinn, 2014).

Verklagsreglurnar skilgreina heimilisofbeldi og lýsa hvernig bregðast skuli við því, til dæmis með viðbrögðum á vettvangi, hvernig safna skuli sönnunargögnum, fylla út gátlista, fylgja málum eftir og skrá þau í málskrá. Einnig er lýst hvernig eigi að aðstoða og leiðbeina þolendum og gerendum. Loks er farið yfir skilyrði nálgunarbanns og brottvísunar af heimili, málshraða, rýni mála og kærur.

Í 6. gr. verklagsreglnanna er fjallað um almenn atriði um útköll og þar kemur fram að ef börn eru á vettvangi útkalls skulu starfsmenn félagsþjónustu/barnaverndar upplýstir og kallaðir á vettvang en ef ekki eru börn til staðar skal leita munnlegs samþykkis brotþola fyrir því að að kallað sé á starfsmann félagsþjónustu. Hlutverk þessara aðila er að styðja við brotþola og börn og einnig aðstoða lögreglu eftir þörfum. Í greininni kemur einnig fram að kalla þurfi á löggiltan dómtúlk eða annan hæfan mann til að annast túlkun ef aðilar máls skilja ekki íslensku nægilega vel.

Í 7. gr., um söfnun upplýsinga, kemur fram að taka skuli myndir á vettvangi, taka niður nákvæman framburð þolanda í einrúmi, skrifa hann niður og fá undirritun ef þess er kostur. Einnig skal taka skýrslu af geranda og fá framburð vitna.

Í 8. gr. er fjallað um aðstoð og leiðbeiningar við brotþola og þar kemur m.a. fram í h. lið að ef brotþoli er ekki líklegur til að treysta sér til að leggja fram beiðni um nálgunarbann getur lögreglan gert það að eigin frumkvæði og einnig skulu þolendur upplýstir um að heimilisofbeldismál séu rannsökuð óháð því hvort brotþoli leggur fram kæru.

Í 12. gr. er fjallað um eftirfylgniheimsókn en hún skal farin til þolanda innan viku frá því að atvik átti sér stað, helst ásamt starfsmanni félagsþjónustu. Eftirfylgniheimsókn er fyrirvaralaus og ætlað að skoða heimilisástand.

Í reglunum kemur einnig fram að málsmeðferð í heimilisofbeldismálum skuli hraða eins og kostur er og þá er einnig ákvæði um að öll slík mál skuli rýnd mánaðarlega í þeim tilgangi að meta hvort málin séu rétt skráð og að viðbrögð lögreglu hafi verið samkvæmt reglunum.

2 Aðferðafræði úttektar

2.1 Aðferðir

Gögnum í þessari skýrslu hefur verið safnað á ólíka vegu. Tekin voru djúpviðtöl við þolendur heimilisofbeldis sem tekið hafa þátt í verkefninu og hálfstöðluð viðtöl við lykilstjórnendur í verkefninu og annað samstarfsfólk. Gögnum var einnig safnað hjá starfsfólki verkefnisins með rýnihópum og spurningakönnun. Bæði LRH og Reykjavíkurborg hafa látið af hendi þau opinberu gögn sem safnað hefur verið í tengslum við verkefnið.

2.1.1 Djúpviðtöl við þolendur

Djúpviðtöl voru tekin við þolendur heimilisofbeldis til að kanna upplifun þeirra af verkefninu. Alls voru tekin fimmtán djúpviðtöl frá júlí 2015 til janúar 2016 við þátttakendur í átaksverkefninu. Aðeins var talað við þolendur í málum þar sem félagsráðgjafi hafði komið á vettvang heimilisofbeldisútkalls lögreglu. Flestir þátttakendur voru konur, alls tólf talsins, og þrír karlar, á aldrinum 18 til 61 árs. Um ofbeldi milli maka var að ræða í tólf tilvikum, í tveimur tilvikum ofbeldi barns gegn foreldri og í einu tilviki ofbeldi foreldris gegn barni. Þegar makasamband var milli þolanda og geranda var í öllum tilvikum um gagnkynhneigð sambönd að ræða (þolendur voru tveir karlar og tíu konur). Félagráðgjafi sem sinnti eftirfylgni spurði þolanda hvort viðkomandi vildi taka þátt í rannsókninni. Með leyfi þolanda hafði rannsakandi samband við þolanda og kom viðtalinu í kring. Þau sem samþykktu komu svo í viðtal sem tók einn til tvo tíma. Þátttakendur fengu greiddar 5000 kr. fyrir ómakið fyrir hvert viðtal. Aðferðafræðilegir kostir djúpviðtala eru þeir að viðtölin gefa rannsakanda kost á að fá innsýn í reynsluheim viðmælenda. Markmiðið er ekki að draga almennar ályktanir um þolendur í verkefninu heldur að fá dýpri skilning á aðstæðum, upplifun og afstöðu viðkomandi til viðfangsefnisins.

2.1.2 Hálfstöðluð viðtöl við lykilstarfsfólk

Tekin voru einstaklingsviðtöl í ágúst og september 2015 við þrjá sérfræðinga sem starfa hjá LRH. Allir hafa langa reynslu af lögreglustörfum og tveir þeirra hafa í störfum sínum verið virkir þátttakendur í átaksverkefninu. Tekin voru sex viðtöl við sérfræðinga hjá Reykjavíkurborg; tvo deildarstjóra, einn sérfræðing í stýrihópi, tvo

sálfræðinga og einn yfirstjórnanda. Þessi viðtöl fóru fram frá september 2015 til febrúar 2016. Loks var leitað sjónarmiða þriggja sérfræðinga utan verkefnisins, í Kvennaathvarfi og hjá tveimur sálfræðingum Heimilisfriðar sem er sérhæft meðferðarúrræði fyrir gerendur heimilisofbeldis. Markmið viðtalanna var að fá innsýn inn í verkefnið sjálft, hversu vel hefði tekist til, helstu kosti þess og galla auk hugmynda um breytingatillögur. Mikilvægur þáttur var að fá sjónarmið sérfræðinga sem veita markhópi verkefnisins þjónustu til að meta ólíka sýn og þarfir eftir þjónustuúrræðum.

2.1.3 Rýnihópar meðal starfsfólks

Þeir aðilar sem vinna að framgangi verkefnisins dags daglega hafa hvað besta innsýn inn í daglega verkferla, þær áskoranir sem starfsfólk mætir í sínu starfi og tækifæri til úrbóta innan ramma verkefnisins. Því þótti mikilvægt að kanna viðhorf og reynslu þess fjölmarga starfsfólks sem að verkefninu kemur með einum eða öðrum hætti. Rýnihópar voru mótaðir meðal starfsfólks velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Barnaverndar, lögreglumanna og starfsfólks ákærusviðs LRH.

Tveir rýnihópar voru kallaðir saman meðal starfsfólks velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í ágúst 2015 og voru í þeim samtals tíu félagsráðgjafar sem taka þátt í verkefninu. Hlutverk þeirra er að fara á vettvang í heimilisofbeldisútköllum hjá lögreglu. Ef börn eru á vettvangi eru félagsráðgjafar alltaf kallaðir út, ef svo er ekki hefur þolandi rétt til að afþakka komu félagsráðgjafa á vettvang. Því ber að hafa í huga að félagsráðgjafar hitta ekki alla þá sem starfsfólk lögreglu hefur afskipti af. Félagsráðgjafar eiga að ræða við þolanda og geranda á vettvangi, vera í sambandi við þolanda með símtali stuttu síðar og fara í eftirfylgniheimsókn ásamt lögreglu. Þeir sem talað var við höfðu flestir unnið á velferðarsviði í mörg ár og gátu borið nýtt verklag saman við það fyrirkomulag sem áður ríkti. Tilgangur rýnihópanna var, eins og hjá lögreglu, að fá innsýn í hvernig verkefnið gengur fyrir sig en ekki er hægt að alhæfa um að niðurstaðan eigi við um alla sem unnið hafa að verkefninu.

Einn rýnihópur var kallaður saman með starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur í desember 2015. Í hópnum voru fimm starfsmenn, þar af fjórir félagsráðgjafar og einn sérfræðingur í barnavernd en stærstur hluti bakvaktarstarfsmanna Barnaverndar eru félagsráðgjafar. Þeir eru kallaðir á vettvang í heimilisofbeldisútköllum hjá lögreglu þegar börn eru á vettvangi og sjá þar um að sinna börnum og finna úrræði fyrir þau ef á þarf að halda. Verklag Barnaverndar breyttist lítið með tilkomu verkefnisins þar sem áður hafði verið samstarf við Barnaverndarstofu í svipuðu verkefni og verklaginu var komið á í tengslum við það. (Elísabet Karlsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2015). Löng hefð er fyrir því hjá Barnavernd að starfsmenn gangi bakvaktir og höfðu starfsmenn í rýnihópi allir reynslu af því áður.

Þrjú rýnihópar voru settir saman hjá lögreglumönnum og einn með starfsfólki ákærusviðs í ágúst 2015. Rætt var við fimm rannsóknarlögreglumenn og tvo varðstjóra. Samkvæmt verklagi verkefnisins ákveður varðstjóri hvort mál falli undir heimilisofbeldi og kallar þá út rannsóknarlögreglumann (og félagsþjónustu og Barnavernd

eftir atvikum). Rannsóknarlögreglumenn sjá svo um skýrslutöku af þolanda og geranda og söfnun sönnunargagna á vettvangi og vinna svo áfram með málið, m.a. með því að fara í eftirfylgniheimsókn á sama heimili nokkru síðar. Allir þeir sem talað var við höfðu margra ára reynslu í lögreglunni og gátu því borið saman það vinnulag sem viðhaft er í heimilisofbeldismálum í dag við hvernig því var háttað áður. Tilgangur rýnihópanna var að kanna afstöðu þessa úrtaks lögreglumanna en ekki að draga ályktanir um almenna afstöðu allra lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu. Almennur samhljómur var á meðal lögreglumannanna sem rætt var við og voru þeir að mestu leyti sammála um verkefnið og hvað mætti betur fara. Einnig var talað við níu starfsmenn ákærusviðs í september 2015, sem allir eru með lögfræðimenntun, og sjá um vinnslu mála eftir að rannsóknarlögreglumenn hafa lokið hlutverki sínu.

2.1.4 Spurningakönnun meðal starfsfólks

Til að kanna viðhorf starfsfólks til nýs verklags í heimilisofbeldismálum var lögð fyrir viðhorfskönnun í byrjun árs 2016. Lögregla lagði spurningakönnun fyrir alla lögreglumenn á landinu, líka þá sem ekki höfðu komið að verkefninu. Svarhlutfall í könnuninni á landsvísi var 61%. Á höfuðborgarsvæðinu tóku 143 starfsmenn lögreglunnar þátt og voru flestir þeirra karlkyns (81,6%). Algengustu stöðuheiti voru lögreglumaður (37,1%), rannsóknarlögreglumaður (33,6%) og varðstjóri (14,0%). Á heildina litið höfðu þátttakendur langa starfsreynslu en 36,4% höfðu unnið í lögreglunni í 20 ár eða meira og 70% höfðu starfað þar í 10 ár eða lengur. Starfsfólk var spurt um verkefnið sjálft, innleiðingu þess, hvernig það þjónar þolendum og hvort það sé líklegt til að minnka heimilisofbeldi í framtíðinni.

Matsteymið lagði sambærilega spurningakönnun fyrir það starfsfólk Reykjavíkurborgar sem að verkefninu kom og stýrihóp verkefnisins til að kanna viðhorf þeirra og fékk 81 starfsmaður könnunina. 48 starfsmenn svöruðu (59,26% svarhlutfall) af þeim gáfu 44 upp kyn, einn karlmaður og 43 konur. Flestir þátttakendurnir voru félagsráðgjafar, eða 30, en önnur starfsheiti sem gefin voru upp voru: Aðallögfræðingur (1), deildarsérfræðingur (1), deildarstjóri (3), framkvæmdastýra (1), ljósmóðir/hjúkrunarfræðingur (1), ráðgjafi (3), sálfræðingur (1), verkefnastjóri (2).

Alls gaf 41 upplýsingar um hjá hvaða stofnun þeir starfa og nefndu flestir, eða 30, velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Aðrar stofnannir sem nefndar voru: 6 Reykjavíkurborg (6), heilsugæsla (1), Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (2) og þjónustumiðstöðvar (2).

Þegar þátttakendur voru beðnir að nefna deild eða starfsstað nefndu flestir, eða 21 þjónustumiðstöðvar og 11 Barnavernd Reykjavíkur. Nokkrir aðrir starfsstaðir voru nefndir.

2.2 Matsteymið

Matsteymi vegna úttektar á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar við LRH um átak gegn heimilisofbeldi hóf vinnu sína í febrúar 2015 við að móta úttekt, matsviðmið og árangursmælikvarða jafnframt því að skoða sambærileg verkefni erlendis og skrif fræðimanna um viðfangsefnið.

Matsteymið samanstendur af þremur einstaklingum. Rannveig Sigurvinsdóttir er með doktorspróf í samfélagslegri sálfræði frá University of Illinois í Chicago. Rannsóknir hennar beinast að heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og inngripum gegn þeim. Kristín I. Pálsdóttir er verkefnisstjóri Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum (RIKK) við Háskóla Íslands. Kristín er með MA-próf í ritstjórn og útgáfufræði og vinnur að lokaritgerð til MA-prófs í almennri bókmenntafræði. Erla Hlín Hjálmarsdóttir er doktorsnemi í stjórn málafræði við Háskóla Íslands og rannsóknastjóri við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Í doktorsritgerð sinni fjallar Erla um árangursstjórnun.

3 Tölulegar niðurstöður

Heimilisofbeldi er oft á tíðum falið samfélagsvandamál og þess vegna geta mælingar á því og inngripum gegn því verið flóknar. Langtímamarkmið samvinnuverkefna á borð við *Saman gegn ofbeldi* er að fækka tilvikum heimilisofbeldis í Reykjavík þegar til lengri tíma er litið. Tilhneigingin er því sú að horfa til fjölda þeirra mála sem upp koma hjá lögreglu sem helsta viðmiðs um árangur. Hins vegar er raunin sú að fjöldi mála eykst gjarnan þegar slík samvinnu- og átaksverkefni eru sett á laggirnar þar sem mál sem annars myndu ekki rata inn í kerfið bætast við heildarfjölda mála. Ef verkefnið þjónar hlutverki sínu verða þolendur og aðrir sem verða vitni að heimilisofbeldi meðvitaðri um réttindi sín, samfélagið skilur betur hinar fjölbreyttu birtingarmyndir heimilisofbeldis og skilgreiningar á því og hlutaðeigandi fá aukna trú á kerfinu. Að öllu jöfnu er því litið á aukinn fjölda mála til skamms tíma sem vísbendingu um að slík verkefni skili árangri. Í svipuðum átaksverkefnum erlendis er gert ráð fyrir að málum hætti að fjölga eftir fimm ár. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar tölfræði þessa verkefnis er skoðuð.


3.1.1 Tölulegar greiningar

Söfnun tölulegra upplýsinga er gagnleg við mat á verkefninu. LRH og Reykjavíkurborg safna nú þegar tölulegum upplýsingum sem eru mikilvægar til að skoða þróun mála-flokksins yfir lengri tíma. Stofnanirnar hafa einnig unnið markvisst að því að bæta söfnun tölfræðiupplýsinga auk þess sem þarf að skoða hvernig megi bæta gagnasöfnun enn meira í framtíðinni.

Hér á eftir fara töluleg gögn frá LRH og Reykjavíkurborg sem sett eru fram í aðskildum köflum. Heildarfjöldi mála LRH á árinu 2015 var 391¹ og 164 hjá Reykjavíkurborg. Á mynd 3-1 er grunntölfræði stofnananna borin saman og sýnir hún málafjölda eftir póstnúmerum hjá LRH og Reykjavíkurborg. Hlutfall þeirra mála LRH sem rata inn á borð Reykjavíkurborgar er ákaflega mishátt eftir borgarhlutum. Félagsráðgjafar frá Reykjavíkurborg hafa til dæmis fjallað um allflest mál (69,7% mála) sem upp koma innan póstnúmers 110 en einungis 14% mála úr póstnúmeri 107 og 20% mála úr


¹ Hér er miðað við málafjölda innan marka borgarinnar, heildarmálafjöldi á höfuðborgarsvæðinu var 627 árið 2015 hjá embættinu.

póstnúmeri 101. Aðeins eitt þeirra mála sem upp komu í póstnúmeri 103 komu inn á borð starfsfólks Reykjavíkurborgar.



MYND 3-1 MÁLAFJÖLDI LÖGREGLU OG REYKJAVÍKURBORGAR EFTIR PÓSTNÚMERUM ÁRÍÐ 2015

Erfitt er að prófa tilgátur um hvað veldur þessum mun með þeim gögnum sem fyrir liggja, en áhugavert verður að rýna nánar í slíka þætti þegar verkefninu vindur fram. Ekki er síður gagnlegt að rýna í fjölda mála á þúsund manns í hverju póstnúmeri fyrir sig þar sem þessi ólíku hverfi borgarinnar eru misfjöldmenn, líkt og kemur fram á mynd 3-2.



MYND 3-2 MÁLAFJÖLDI LÖGREGLU OG REYKJAVÍKURBORGAR Á ÞÚSUND ÍBÚA EFTIR PÓSTNÚMERUM ÁRÍÐ 2015

Eins og kemur fram á mynd 3-2 eru flest mál, bæði hjá LRH og Reykjavíkurborg, í Efra-Breiðholti (póstnúmer 111), í Grafarholti og Úlfarsárdal (póstnúmer 113). Fæst mál lögreglu voru á Kjalanesi (póstnúmer 116) og fæst mál Reykjavíkurborgar í Háaleiti og Bústöðum (póstnúmer 103). Hér kemur fram að í sumum hverfum borgarinnar sinnir lögregla og Reykjavíkurborg svipað mörgum málum. Þó er mun algengara að lögregla sé með mun fleiri mál en Reykjavíkurborg.


3.2 Töluleg gögn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Lögreglan heldur nákvæmar skrár um þau mál sem koma til meðferðar hjá embættinu. Unnið var með tvenns konar gögn frá LRH: Mál skráð í LÖKE kerfi og mál skráð í gagnagrunn sem hefur verið unninn af sérfræðingi lögreglu. LÖKE inniheldur margvíslegar upplýsingar eins og fjöldi mála, tíma og dagsetningu þeirra, samband þolanda og geranda, brot sem hafa átt sér stað o.fl. Gagnagrunnurinn inniheldur að einhverju leyti sömu upplýsingar en einnig hefur verið bætt við öðrum upplýsingum við yfirlestur mála. Þessi gagnagrunnur er mikilvægur liður í átaki lögreglunnar til að bæta tölfræði og skilvirka skráningu lykilupplýsinga í heimilisofbeldismálum. Í framtíðinni þarf því einnig að skoða hvort heppilegt þykir að skrá þessar upplýsingar í LÖKE.

3.2.1 Fjöldi mála


Þegar litið er til heildarfjölda þeirra heimilisofbeldismála sem LRH vinnur að, má einnig merkja verulega fjölgun á ársgrundvelli. 391 mál voru skilgreind af embættinu sem heimilisofbeldismál í Reykjavík árið 2015 en 200 árið 2014. Ef litið er til dreifingar tilvika innan Reykjavíkur kemur í ljós að flest mál komu upp í miðborginni (hverfi 101) og í Efra Breiðholti (hverfi 111), sjá mynd 3-1.

Árið 2014 var dreifing mála Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu yfir árið nokkuð jöfn með 23,7 mál á mánuði og náði málafjöldi hámarki með 50 málum í desembermánuði. Í janúar 2015 og það sem af er árinu 2015 helst málafjöldi hár, með rétt tæplega 51,4 mál sem komu að jafnaði upp á mánuði líkt og sjá má á mynd 3-2. Eflaust má rekja þessa skyndilegu aukningu að einhverju marki til breyttar skráningar lögreglu, en samstarfsverkefnið hefur einnig haft sitt að segja enda er um rúmlega tvöföldun mála að ræða á ársgrundvelli. Talsverð umfjöllun var um heimilisofbeldi í fjölmiðlum í tengslum við verkefnið sem getur einnig haft áhrif á fjölda mála sem koma til kasta lögreglu. Vitundarvakning í samfélaginu getur orðið til þess að lögregla er frekar kölluð á vettvang.




MYND 3-2 MÁLAFJÖLDI LÖGREGLU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EFTIR MÁNUÐUM 2014-15

Ef litið er til þeirra mála sem komu inn á borð LRH í Reykjavík, þá var meðalmálfjöldi í Reykjavík 2015 32,6 mál og var dreifingin nokkuð jöfn, þar sem fæstu málin komu upp í aprílmánuði en flest voru þau 39 í desembermánuði, líkt og sýnt er á mynd 3-3.



MYND 3-3 FJÖLDI LÖGREGLUMÁLA Í REYKJAVÍK EFTIR MÁNUÐUM 2015

Fjöldi mála í Reykjavík dreifist nokkuð jafnt yfir vikuna milli ára, en greina má aukinn fjölda í kringum helgar þar sem málafjöldi nær hámarki á sunnudögum, líkt og sýnt er á mynd 3-4 og er mynstrið nokkuð áþekkt milli ára.




MYND 3-4 HEILDARMÁLAFJÖLDI EFTIR VIKUDÖGUM Í REYKJAVÍK

3.2.2 Tegundir mála lögreglu og eðli

79 brotáþolar í þeim málum sem upp komu í Reykjavík voru karlmenn, en konur voru brotáþolar í 312 tilvikum og er þá hlutfall karlanna sem þolenda um 20%. Flestir gerendur árið 2015 voru karlar (sjá mynd 3-5) eða í um 80% mála. Tveir gerendur voru skráðir í 32 málum og voru konur gerendur í 46 málum, sem eru um 12% af heildarfjölda mála á árinu.

Árásaraðilar (gerendur) í málum í Reykjavík 2015



MYND 3-5 ÁRÁSARAÐILAR - GERENDUR Í MÁLUM Í REYKJAVÍK 2015

Vettvangur mála er jafnframt skráður hjá lögreglu. Langflest málanna áttu sér stað inni á heimili eða einkalóð en þó eru tilteknir aðrir staðir, svo sem utandyra, eða á skemmtistöðum. Athygli vekur að allt árið 2014 var vettvangur ekki flokkaður í 41 máli á höfuðborgarsvæðinu, en árið 2015 er vettvangur skráður í öllum málum í Reykjavík sem bendir til að betur sé vandað til við flokkun og skráningu málsaðstæðna í heimilisofbeldismálum þrátt fyrir verulega aukningu á málafjölda.


Aðrar upplýsingar sem voru skráðar voru til dæmis notkun vopns, en engin vopn voru tiltekin í skýrslum lögreglu í 85% mála árið 2014. Algengasta vopnið sem tiltekið var 2015 er heimilishlutur af einhverju tagi sem beitt var í 27 málum, allt frá rafmagnsnúrum til kertastjaka og borðgaffla. Hnífar voru notaðir sem vopn í 16 málum. Einnig voru áverkar skráðir í meirihluta mála sem upp komu í Reykjavík á árinu, eða í 221 máli, en engir áverkar voru skráðir 170 málum. Úrræði lögreglu voru með ýmsum hætti. Í 169 tilvikum voru einstaklingar handteknir, sakborningur rauf skilorð í einu máli, í níu málum leituðu þolendur til Kvænnaathvarfsins og í mörgum tilvikum fer brotþoli eða gerandi af heimili. Kærur voru lagðar fram í 63 málum á tímabilinu. Brotþoli tilkynnti málin til lögreglu í flestum tilvikum, í 200 málum af 391 en fjölskyldumeðlimur tilkynnti til lögreglu í 51 máli. Vinur eða vinkona brotþola tilkynnti í 11 málum og nágrannar í 60 málum. Áhugavert er að aðrir ólíkir utanaðkomandi aðilar, líkt og leigubílstjóri, lásasmiður, sundlaugargestur, dyravörður á skemmtistað, starfsmaður verslunar og almennir vegfarendur voru meðal þeirra sem tilkynntu mál á árinu en hins vegar voru einungis tvö mál þar sem starfsfólk heilbrigðisþjónustu tilkynnti mál á árinu (læknir og geðlæknir).

3.3 Töluleg gögn Reykjavíkurborgar

Með nýju vinnulagi við verkefnið *Saman gegn ofbeldi* eru félagsráðgjafar sem starfa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar kallaðir á vettvang af lögreglu. Mynd 3-8 sýnir fjölda mála sem starfsfólk Reykjavíkurborgar kom að á árinu 2015, en leggja ber áherslu á að starfsfólk Reykjavíkurborgar vinnur að hluta þeirra mála sem koma til kasta lögreglu þar starfsmenn Velferðarsviðs eru ekki alltaf kallaðir á vettvang þegar engin börn eru til staðar. Jafnframt er vert að benda á að verkefnið hófst ekki formlega fyrr en 12. janúar, auk þess sem að það tekur tíma fyrir vinnuferla að komast í gang. Að meðaltali fékkst starfsfólk félagsþjónustu við rúmlega 13 heimilisofbeldismál á mánuði á tímabilinu.

3.3.1 Fjöldi mála hjá Reykjavíkurborg

Mynd 3-8 sýnir fjölda þeirra mála sem starfsfólk Reykjavíkurborgar fjallaði um yfir tímabilið en þau voru alls 164 árið 2015. Álag er nokkuð mismunandi milli mánaða, málin voru flest í febrúar (22) en fæst í nóvember en þá voru þau sex talsins.




MYND 3-6 FJÖLDI MÁLA HJÁ REYKJAVÍKURBORG Á MÁNUÐI 2015

Leggja ber áherslu á að þessar upplýsingar gefa ekki skýra vísbendingu um dreifingu mála til lengri tíma vegna þess hve fá mál eru bak við þessar tölur og hve stuttur tími er til skoðunar. Þó má benda á að áhugavert verður fyrir aðstandendur verkefnisins að skoða slíka dreifingu þegar til lengri tíma er litið.

Álag á þjónustumiðstöðvum er mismikið vegna verkefnisins en mynd 3-11 sýnir þann fjölda mála sem þjónustumiðstöðvar borgarinnar hafa fjallað um á árinu. Í 136 málum veitti starfsfólk þjónustumiðstöðva stuðning á heimili og í 124 málum var


veittur stuðningur við skýrslutöku. Þess ber að geta að þjónustumiðstöðvarnar fá greitt af fjárveitingu verkefnisins fyrir hvert mál sem upp kemur.



MYND 3-7 MÁLAFJÖLDI ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVA 2015

3.3.2 Aðstæður þolenda í heimilisofbeldismálum hjá Reykjavíkurborg

Flestir þolenda voru konur, alls 140 einstaklingar, en 24 þolenda voru karlar. Mynd 3-8 sýnir aldursdreifingu meðal þolenda en hún var mikil. Fjórir þolendur voru undir 18 ára og tveir þolendur voru yfir sjötugu. Flestir þolenda voru í aldurshópnum 35-44 ára eða alls 51 þolendur.




MYND 3-8 ALDURSDREIFING ÞOLENDA Í MÁLUM REYKJAVÍKURBORGAR 2015

Um 16% þolenda var með erlent ríkisfang eða alls 26 af 164. Í öllum málunum (26) var talin vera þörf á túlkabjónustu og voru túlkar notaðir í 21 þeirra.

Mynd 3-9 sýnir fjölskyldugerð þolanda. Stærsti hópurinn er einstæðar mæður, alls 67 konur. Í 117 tilvikum var barn eða börn með lögheimili á heimilinu eða í rúmlega 71% tilvika.

Fjölskyldugerð þolanda í málum Reykjavíkurborgar 2015



MYND 3-9 FJÖLSKYLDUGERÐ ÞOLANDA Í MÁLUM REYKJAVÍKURBORGAR 2015

Hjúskaparstaða þolenda er sett fram á mynd 3-10 en stór hluti þolenda er ógiftur.



MYND 3-10 HJÚSKAPARSTAÐA ÞOLENDA Í MÁLUM REYKJAVÍKURBORGAR 2015


3.3.3 Tegundir ofbeldis og þjónusta veitt

Stuðning á heimili fengu 136 þolendur og 124 var jafnframt veittur stuðningur við skýrslutöku. Alls var þrettán þolendum fylgt af heimili sínu í kjölfar heimilisofbeldis. Fimm þolendur leituðu til Kvennaathvarfsins í kjölfar útkalls og þar af var einum þolenda fylgt af lögreglu í Kvennaathvarfið. Þrír þolendur voru fluttir á bráðamóttöku LHS, einn leitaði til Heilsustofnunar Suðurlands, einn var fluttur af lögreglu á Hraunberg² og tveir þolendur að auki fengu fylgd af heimili á heimili ættingja sinna.


Eins og kemur fram á mynd 3-11 er ofbeldið af hálfu ólíkra aðila en í allt að helmingi tilvika er það þó af hendi maka eða kærustu og fyrrum maki eða kærasti/a eru gerendur í 22% tilvika.

² Hraunberg 15 er skammtímaðvistun fyrir börn á aldrinum 13-18 ára sem ekki geta búið heima hjá sér af einhverjum ástæðum. Úrræðið er á vegum Reykjavíkurborgar og þar eru börn vistuð til lengri eða skemmri tíma á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.

Ofbeldi af hálfu ólíkra aðila í málum Reykjavíkurborgar 2015



MYND 3-11 OFBELDI AF HÁLFU ÓLÍKRA AÐILA Í MÁLUM REYKJAVÍKURBORGAR 2015




MYND 3-12 EÐLI OG GERÐ OFBELDIS Í MÁLUM REYKJAVÍKURBORGAR 2015

Líkt og kemur fram á mynd 3-12 er ofbeldið af margvíslegum toga og falla málin jafnvel undir margar tegundir heimilisofbeldis en algengast er þó að andlegt og líkamlegt ofbeldi fari saman í þeim málum sem starfsfólk Reykjavíkurborgar kemur að.

3.4 Töluleg gögn Barnaverndar

Alls fékk Barnavernd Reykjavíkur 3.948 tilkynningar árið 2015 sem snéru alls að 1.868 börnum. Barnavernd framkvæmdi kannanir og fjallaði um 1.156 mál á árinu.



MYND 3-13 FJÖLDI TILKYNNINGA LÖGREGLU VEGNA HEIMILISOFBELDIS TIL BARNAVERNDAR EFTIR MÁNUÐUM

212 mál féllu undir heimilisofbeldi en flestar tilkynningar þess efnis komu frá lögreglu, eða 155 málanna, og þar næst frá velferðarsviði, eða 17 mál. Í þessum 155 málum komu 144 börn við sögu. Mynd 3-13 sýnir dreifingu tilkynninga frá lögreglu vegna heimilisofbeldismála til barnaverndar yfir árið. Málin voru að jafnaði um 13 á mánuði en nokkur munur er á málafjölda milli mánaða og sker júlímánuður sig nokkuð úr hvað málafjöldi varðar en þá komu einungis upp fimm mál.

4 Sjónarhorn þolenda

Þessi kafli fjallar um upplifun þolenda af því ofbeldi sem þeir hafa orðið fyrir og þau áhrif sem ofbeldið hefur haft á líf þeirra. Tekin voru fimmtán djúpvíðtöl við þolendur heimilisofbeldis sem hafa tekið þátt í verkefninu. Umfjöllun um afstöðu þeirra til verkefnisins og verklags starfsfólks kemur fram í síðari köflum. Eigindlegar rannsóknaraðferðir gefa innsýn í upplifun þolenda en varast þarf að alhæfa um eðli eða umfang heimilisofbeldis byggt á þessum gögnum.

Sex af þolendunum töluðu um að erfitt væri fyrir þá sem ekki hefðu upplifað heimilisofbeldi á eigin skinni að skilja aðstæðurnar. Enginn ætli sér að verða þolandi ofbeldis og erfitt sé að losa sig úr aðstæðunum. Sumir þolendur sjá stöðu sína jafnframt í nýju ljósi eftir inngrip yfirvalda: „Ég hélt að þetta væri mér að kenna. Ég hélt líka að þetta væri ekki svona slæmt.“ Eftirfarandi umfjöllun er ætlað að gefa innsýn í þær ólíku aðstæður sem þolendur lýsa í djúpvíðtölum.

Erfitt er fyrir aðra að skilja aðstæður þolenda heimilisofbeldis, sem margir lifa við mikla skömm, afneitun og sektarkennd

4.1 Ofbeldi af hálfu gerenda

Þrettán þolendur höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi af einhverju tagi. Í sumum tilvikum var um lífshættulegt ofbeldi að ræða, til dæmis að gerandi barði þolanda með þungum hlut í höfuð eða tók viðkomandi kverkatak. Önnur dæmi um ofbeldi voru að gerandi kýldi, sparkaði, beit, klóraði, hrinti eða reif í þolanda. Hjá þremur þolendum hafði líkamlegt ofbeldi aðeins átt sér stað einu sinni en hjá einum þeirra var ofbeldið gróft þar sem þolandinn nefbrotnaði.

Aðrir sögðu frá miklu líkamlegu ofbeldi sem einn þolandi lýsti sem mjög úthugsuðu og grimmdarlegu. Annar þolandi hafði upplifað svo mörg tilvik líkamlegs ofbeldis að hann átti erfitt með að muna þau öll í smáatriðum. Ofbeldinu fylgdu yfirleitt áverkar eins og marblettir, sprungin vör, sprungin æð í auga og ýmiss konar sár.

Allir þolendur lýstu andlegu ofbeldi gagnvart sér. Algengust voru rifrildi og öskur, hótanir, ógnanir og að gerandi kallaði þolanda ljótum nöfnum. Til dæmis hótaði einn gerandi að sparka í magann á þolanda þegar hún var komin sjö mánuði á leið. Einnig lýstu sumir þolendur því að gerandinn væri stanslaust að gagnrýna þolandann eða saka hann um að gera eitthvað af sér. Önnur sambönd einkenndust af mikilli stjórnandi hegðun, eins og að vilja vita öllum stundum hvar þolandinn væri og hvað hann væri að gera. Til dæmis refsaði gerandi þolanda í einu tilfelli vegna meintrar slæmrar hegðunar með því að pína þolandann til að sofa á útidyráþröskuldinum, án sængur. Algengt mynstur í samböndum var svo til linnulaust andlegt ofbeldi sem stundum

þróaðist út í líkamlegt ofbeldi. Einn þolandinn lýsti því að það væri mun auðveldara að höndla líkamlega ofbeldið en andlega ofbeldið.

Aðeins einn þolandi lýsti kynferðislegu ofbeldi gegn sér en ekki var sérstaklega spurt um slíkt. Kynferðislegt ofbeldi getur verið enn meira feimnismál en aðrar tegundir heimilisofbeldis og því er mögulegt að þolendur hafi ekki viljað ræða um slíkt ofbeldi.

Fimm þolendanna lýstu fjárhagslegu ofbeldi og peningavandamálum, ýmist meðan á ofbeldissambandi stóð, eftir sambandið eða hvoru tveggja. Í þremur tilfellum var viðvarandi fjárskortur á meðan á sambandinu stóð, yfirleitt tengt óreglu geranda eða jafnvel fjárhagslegu ofbeldi. Til dæmis var gerandinn í einu tilfelli sjómaður á góðum launum. Hann gætti þess að eyða laununum þegar hann var í landi og skildi svo þolandann eftir peningalausum með tvö börn í nokkrar vikur. Í öðru tilviki neitaði gerandinn að borga fyrir nauðsynlega hluti fyrir heimilið og viðhald á húsinu en fór í staðinn reglulega til útlanda með vinum sínum. Í þremur tilvikum sátu þolendur uppi með skuldir eftir geranda þegar sambandi þeirra lauk. Einnig lýstu þolendur því hversu kostnaðarsamt það getur verið að fara frá gerandanum, til dæmis með því að fá nýja íbúð og þurfa að standa á eigin fótum fjárhagslega. Einn þolandi sagði frá því að eftir skilnað hafi gerandinn verið duglegur að borga hluti fyrir börnin þeirra en hún sporni ekki við stjórnsemi hans og láti sig hafa ónæði af honum til að halda honum góðum svo hann hætti ekki að borga með börnunum.

Þolendur lýsa margvíslegu ofbeldi, allt frá alvarlegu líkamlegu ofbeldi til andlegs ofbeldis og eignarspjalla

Tveir þolendur lýstu ofbeldismynstri eltihrellis (*e. stalking*) þar sem fyrrverandi makar ofsóttu viðkomandi í langan tíma, en þess ber þó að geta að fleiri viðmælendur höfðu áður upplifað slíkt frá mökum. Í bæði skiptin felur þetta í sér að gerandinn eltir þolandann og á það til að birtast allt í einu, bæði fyrir utan heimili viðkomandi og annars staðar. Einnig senda gerendurnir mikið af skilaboðum til þolendanna sem geta verið allt frá ástarjátningum til hótana og ógnana. Til dæmis hafði annar þolandinn fengið ljót skilaboð þrisvar til fimm sinnum á dag í meira en ár þegar viðtalið var tekið. Hinn þolandinn, sem er kona, hefur lent í því að gerandinn hefur brotist inn til hennar bæði þegar hún var sofandi og vakandi. Hún segist heldur ekki geta átt samskipti við neinn karlmann utan fjölskyldunnar, jafnvel þó að um vinnufélaga eða vini sé að ræða, vegna ógnar frá gerandanum. Þolendurnir hafa því upplifað mikið ónæði og hræðslu vegna slíkrar ofbeldishegðunar.

Í sjö tilvikum var um einhver eignarspjöll að ræða þegar ofbeldi átti sér stað. Kona í hópi þolenda talaði um að eftir inngrip lögreglunnar þori gerandinn ekki að ráðast á hana en eyðileggi frekar muni sem henni er annt um. Önnur kona sagði frá því að ef hún viti að gerandinn sé reiður og á leið til hennar þá bíði hún frekar eftir honum fyrir utan húsið til að hann eyðileggi ekki allt heima hjá henni þegar hann ræðst á hana. Eignarspjöll virðast því vera hluti af ofbeldismynstrinu í sumum tilvikum.

Helmingur þolenda lýsti því að gerandinn geti komið vel fyrir út á við en svo verið önnur manneskja heima fyrir. Þessi hegðun getur gert þolandanum erfitt fyrir að fá

aðstoð, þar sem lögreglan og aðrir geta átt erfitt með að sjá í gegnum slíkan leikaraskap. Þó lýsti einn þolandi því að lögreglan hlustaði ekki á gerandann og virtist sjá í gegnum leikaraskapinn. Einnig getur verið erfitt fyrir annað fólk að sjá hversu hættulegur gerandinn er því viðkomandi getur virkað ljúfur, vingjarnlegur og skemmtilegur en sýnt svo allt aðra hlið heima fyrir. Einn þolandi lýsti því bókstaflega sem hamskiptum hvernig gerandinn talaði við hana annars vegar þegar þau voru ein og hins vegar þegar aðrir voru nálægt.

4.2 Áhrif ofbeldis á þolendur og varnarhættir þeirra

Sex af þolendunum reyndu að berjast á móti eða stoppa gerandann þegar líkamlegt ofbeldi hófst. Þetta er þó misörðugt því gerandur geta verið mun sterkari en þolendur. Sumir þolendur leggja líka mikið á sig til að auka öryggi sitt eftir að sambandi lýkur eins og að sofa með hamar undir koddanum, setja þunga hluti fyrir framan úti-dyrahurðina eða vera með 112 innslegið á símanum svo hægt sé að hringja strax. Einn karlkyns þolandi lýsti því líka að þegar gerandi ræðst að honum með ofbeldi þá reynir hann að hemja gerandann en er hræddur við að bregðast við af ótta við að vera sjálfur stimplaður sem gerandi: „Maður svarar ekki neinu á móti af því þetta er kvenmaður.“

„Það hefur rosaleg áhrif á sálina að þurfa að berjast fyrir lífi sínu á móti barninu sínu“

Polandi lýsir áhrifum ofbeldis af hendi fullorðins barns

Polendur lýstu almennt miklum og margvíslegum áhrifum ofbeldisins á sig. Í fyrsta lagi töluðu þrír þolendur um þá skömm og niðurlægingu sem fylgir heimilisofbeldi:

Þetta er líka ógeðslega niðurlægjandi að standa í þessu ... tilfinningin er einhvern veginn þannig, þetta er bara niðurlægjandi ... finn bara fyrir skömm, að vera eitthvað fórnarlamb.

Skömmin kemur í veg fyrir að þolendur tali um ofbeldið og leiti sér aðstoðar en tengist líka öðrum sálrænum þáttum, eins og þunglyndi:

Þetta er bara svo mikil skömm sem fylgir þessu. Stundum hef ég verið mjög þunglynd og bara ekki vilja láta fólk sjá mig, mér finnst þetta svo ömurlegt ... Ég skammast mín fyrir að vera ekki einhvern veginn búin að losa mig út úr þessum kringumstæðum, það er bara miklu erfiðara, sérstaklega þegar um

fasteign er að ræða sem þarf þá að selja, þetta er miklu erfiðara en fólk heldur. Þetta er ekkert auðvelt.

Einnig finnst þolendum stimpillinn heimilisofbeldi vera mjög slæmur og erfitt að átta sig á að það eigi við um þá sjálfa:

Ég er ekki ennþá búin að átta mig á, bara þegar við vorum að labba inn hérna áðan, ég hugsaði, „ég er ekkert kona sem bjó við heimilisofbeldi, samt náttúrulega var lögreglan með heimilið mitt liggur við í gjörgæslu á tímabili og nágrannar mínir voru orðnir hræddir.“ Samt finnst mér ekki ... þú heyrir þetta væntanlega frá fleiri konum ... ég er rosalega sjálfstæð og hef bara séð um mig og mín börn, þetta er eitthvað sem ég hef lesið um en svona kemur ekki fyrir konur eins og mig.

Skömm þolenda tengdist líka viðbrögðum umhverfisins við að hafa ekki farið strax úr ofbeldissambandi:

Maður líka bara skammast sín geðveikt mikið fyrir að þú veist, verða fyrir þessu. Og þú veist, ég upplifði það alveg að fólk var bara: „Fyrirgefðu, vantar eitthvað í þig? Af hverju ertu þarna?“

„Ég svaf með hamar undir koddanum hjá mér ... það er rosalega óþægileg staða þegar það er búið að svipta þig örygginu heima hjá þér“

Polandi lýsir áhrifum ofbeldis

Einnig sögðu fjórir þolendur frá því að þeir hefðu upplifað þunglyndi eftir að ofbeldið hófst og tveir þeirra tengdu þunglyndið beint við ofbeldið og streitu sem af því hlaut. Einn polandi lýsti því þannig að hann ætti erfitt með að finna tilgang í lífinu og fara á fætur á morgnana. Ástandið getur orðið mjög alvarlegt, tveir þolendur sögðu frá alvarlegum sjálfsvígshugsunum og sjálfsskaðandi hegðun og einn hafði reynt að fyrirfara sér vegna ofbeldisins.

Allir þolendurnir lýstu einhverri streitu tengdri ofbeldinu. Sumir höfðu ekki getað sofið eða borðað eðlilega í langan tíma og var það yfirleitt tengt óvissuástandi á heimilinu eða mikilli hræðslu: „Maður er svo brotinn, þó maður átti sig ekki á því og maður er svo umkomulaus ... Ég átti engan öruggan punkt.“

Aðrir tóku eftir líkamlegum áhrifum streitu, eins og verkjum og þreytu. Fram kom að það væri sérstaklega erfitt þegar áverkar væru ekki sýnilegir, eins og ónýtt hné hjá einum þolanda.

Fjórir af þolendunum töluðu sérstaklega um áfallastreitu og að þeir fengju grátköst og fyndu fyrir dofa. Einn þolandinn lýsti því hvaða áhrif ofbeldið hefði haft:

Þetta hefur brotið alveg heilmikið á mér, þú veist, ég var miklu lífsglaðari heldur en ég er í dag. Og þú ert fyrsta manneskjan sem ég segi þetta við en þú veist, ég bara stundum fer bara að hugsa og ég er bara geðveikt reið hvað hann hefur haft áhrif á mig af því ég hef alltaf verið mjög sterk manneskja.

Þó var einn kvenkyns þolandi sem talaði um að áfallastreita ætti ekkert sérstaklega vel við í hennar tilviki þar sem hún hefur upplifað ofbeldi mestalla ævina svo þetta teldist ekki áfall lengur.

Þrír af þolendunum ræddu sérstaklega að þeir hefðu leitað sér sálrænnar aðstoðar. Tveir af þeim hafa farið til geðlæknis til að ræða málin og fundist það hjálpa til og annar hefur líka tekið þátt í hugrænni atferlismeðferð á Reykjalundi sem gekk vel. Einn þolandi hefur í gegnum tíðina verið hjá mörgum mismunandi sálfræðingum en ekki fundið neinn sem hentar vel og finnst núna betra að leita stuðnings hjá vinum en fagfólki. Loks var einn þolandi sem sýndi mikinn áhuga á að fara til sálfræðings en hefur ekki efni á því og telur að gerandinn eigi að borga sálfræðimeðferð. Greinilegt er af þessum niðurstöðum að þrátt fyrir margvísleg áhrif ofbeldisins leita ekki allir þolendur sér aðstoðar til að vinna úr áhrifum þess á þeirra líf.

4.3 Viðbrögð annarra

Tólf þolendur höfðu fengið einhver jákvæð viðbrögð frá fólki í kringum sig. Meðal þeirra var algengt að hafa sagt nánustu fjölskyldu og vinum frá ástandinu og var almenn ánægja með þann stuðning sem viðkomandi var veittur. Til dæmis hafa aðrir gefið þolandandum rúm til að tala um ofbeldið og tilfinningar sínar, haft trú á þeim og gert skemmtilega hluti með þeim. Einn kvenkyns þolandi talaði um mikilvægi þess að hafa einhvern til að styðja sig til að koma í veg fyrir að fara aftur í ofbeldis-samband:

Ég var orðin svo heilapvegin í þessu sambandi af því að ... og þrátt fyrir allt þetta, þá vildi ég samt ekki missa hann. Og vinkona mín þurfti oft að koma til mín af því ég hugsaði að mig langaði að senda honum skilaboð, mig langar að fara til hans, mig langar að hitta hann ... þannig var það búið að vera síðustu árin, þess vegna var ég heldur ekki farin úr þessu sambandi, því ég hélt ég gæti ekki betur. Ég hélt að þetta væri sambandið sem ég ætti að vera í.

Annar kvenkyns þolandi lýsti því líka að aðrir sæju strax góða breytingu á henni þegar hún var hætt með gerandanum. Margir þolandanna minntust líka á að annað fólk hefði hjálpað til með alls konar aðstoð eftir að þolandinn sagði frá ofbeldi.

Nokkrir þolendur voru tregir til þess að segja öðrum frá ofbeldinu. Ástæður þess voru til dæmis hræðsla við að kjaftasögur fari af stað um heimilið eða að vilja ekki íþyngja öðrum með sögu sinni. Jafnframt er möguleiki að gerandinn ógni öðrum tengdum

polandanum en einn polandinn lýsti því að fjölskylda hennar og nágrennar væru mjög hrædd við hann sjálf. Einn polandi minntist einnig á að gerandinn segði allt aðra sögu af sambandi þeirra á Facebook en þá sem ætti sér í raun stað og hann fengi mikinn stuðning frá öðrum þar. Polandanum fannst því eins og fólk úti í bæ væri að dæma sig án þess að þekkja aðstæðurnar.

Nokkrir polendur minntust á að þeir hefðu fengið neikvæð viðbrögð frá öðrum. Til dæmis sagði ung kona frá því að nokkrir vinir hennar hefðu ekki nennt að hlusta á hana segja frá ofbeldinu því þeir trúðu því ekki að hún myndi fara frá gerandanum. Þessi sami polandi hefur einnig fengið neikvæð viðbrögð og jafnvel fundist sér vera ógnað af vinum gerandans. Annar polandi, kona, sagði einnig frá því að hún hefði í raun mun meiri þörf fyrir að tala um ofbeldið en vinir og fjölskylda hafa þolinmæði til að hlusta á. Elsti polandinn í rannsókninni lýsti því líka að annað fólk hefði verið boðið og búið til liðsinnis þegar ofbeldið hófst þegar hún var yngri en núna væri það alveg hætt. Einn kvenkyns polandi lýsti því að viðbrögð annarra hafi alveg farið eftir því hvenær hún bað um hjálp. Í fyrstu voru allir tilbúnir að hlusta og reyna að hjálpa til en þegar polandinn lauk ekki sambandinu var eins og margir gæfust upp við að aðstoða: „*Þetta var bara orðið mitt vandamál, ég gat ekki talað um þetta við nokkurn mann.*“ Utanaðkomandi stuðningur var því ekki í boði nema í upphafi ferlisins, en þegar polandinn var tilbúinn að fara úr sambandinu voru aðrir í kringum hann orðnir langþreyttir og höfðu ekki áhuga á frekari stuðningi. Þessu fylgdi mikill einmanaleiki og reiði og polandanum fannst þetta sýna hversu erfitt getur verið að hjálpa einhverjum í þessari stöðu. Einnig lýsti einn polandi vonbrigðum með að gerandinn réðst einu sinni á hann á almannafæri en enginn viðstaddra skarst í leikinn.

Fimm af polendunum töluðu sérstaklega um mikla einangrun sem fylgdi ofbeldinu. Var þá bæði erfiðum aðstæðum um að kenna og því að gerandinn var viljandi að reyna að einangra polandann, t.d. með því að sýna gestkomandi vinum polenda óvild. Slík hegðun verður til þess að færri og færri koma í heimsókn sem eykur einangrun polenda. Einn polendanna talaði sérstaklega um að gerandanum hefði tekist að breyta sér alveg með því að einangra hann:

Málið er að ég er alls ekki þú veist, vitlaus, ég hef aldrei verið vitlaus en ... hann er bara búinn að spila svo ógeðslega með, þú veist, heilann á manni og allt að ... ég bara einangraði mig bara inni í skilurðu? Þú veist, inni í þessum litla heimi sem að hann vildi að ég væri í, skilurðu? Hann vildi bara að ég væri inni í einhverjum svona, litlum hluta og myndi bara helst ekki tala við einn né neinn, sko.

4.4 Sambandsslit

Af þeim tólf þolendum sem voru í makasambandi voru sex þolendur ennþá í ástarsambandi við gerandann þegar viðtalið var tekið. Ein eldri kona lýsti því yfir að hún bæri í raun engar tilfinningar lengur til gerandans en gæti ekki farið burt þrátt fyrir langa sögu um ofbeldi því hún hefur engan stað til að fara á. Þau eiga íbúðina saman sem þau búa í og hún veit ekki hvernig hún eigi að losa sig og á ekki fjármuni til að

Þolendur geta verið í þeirri stöðu að fjárhags- og hús-næðisstaða þeirra kemur í veg fyrir að þeir fari frá gerendum

kaupa nýja íbúð eða fara að leigja ein. Henni finnst mjög erfitt að byrja upp á nýtt á sjötugsaldri og telur að hún hafi litla sem enga möguleika á að fá félagslega íbúð eða aðra slíka aðstoð. Þolandinn reyndi einu sinni að selja íbúðina þegar gerandinn var í útlöndum en hætti svo við af hræðslu við hvernig hann myndi bregðast við.

Einn af karlþolendum lýsti því að hann væri ennþá með gerandanum því þau vilja vinna í þessum málum saman, þau eiga þrjú börn saman og vilja reyna að laga ástandið í sameiningu. Einn þolandi er núna að hitta gerandann, eftir að hann leitaði sér aðstoðar hjá Heimilislífri. Þolandinn túlkaði þessa viðleitni sem vilja gerandans til að breyta hegðun sinni og vildi því gefa honum annað tækifæri en lýsti því þó að hún væri hrædd við hann og vildi ekki verða of nán honum. Það virðast því vera margvíslegar ástæður fyrir því að þolendur eru ennþá í sambandi við gerendurna.

Eins og áður sagði höfðu sex þolendur þegar slitið sambandi við gerendur er viðtalið var tekið. Í fjórum tilvikum hættu viðkomandi saman í framhaldi af afskiptum yfirvalda í átaksverkefninu en í tveimur var sambandi þegar lokið. Í einu tilviki hélt gerandinn áfram að ofsækja þolandann. Flestir lýstu miklum létti eftir að hafa farið úr ofbeldissambandinu, en þó gætir líka togstreitu hjá sumum. Til dæmis lýsti einn þolandi miklum vilja til að vera með barnsföður sínum og að vera fjölskylda en það sé bara ekki hægt á meðan ofbeldi er viðvarandi. Annar þolandi sagði líka frá erfiðum tilfinningum vegna sambandsslita og að hann bæri enn miklar tilfinningar til gerandans, en hann geti í raun ekki litið manneskjuna sömu augum og áður. Einn þolandi hafði til dæmis markvisst reynt að passa að fara ekki aftur í samband með geranda, með því að skrifa lista með öllum þeim ljótu nöfnum og blótsyrðum sem gerandi hefur notað gegn þolandanum. Í tveimur tilvikum situr gerandinn ennþá að einhverju leyti um þolandann þrátt fyrir sambandsslit, til dæmis með því að fylgjast með ferðum hans, senda skilaboð og tölvupósta. Þegar þolendur yfirgefa ofbeldissambönd er það því engin trygging fyrir því að þeir séu endanlega lausir undan oki gerandans eða að líðan þeirra batni strax við sambandsslit.

5 Verklag og -þættir samstarfsverkefnisins

5.1 Almenn viðhorf

Flestir viðmælendur létu í ljósi almenna ánægju með verkefnið *Saman gegn ofbeldi* og töldu jafnframt að verklag og samstarf hafi batnað mikið eftir því sem verkefninu vatt fram. Flestar athugasemdir varða verklag en þó aðallega fjárveitingar í verkefnið og vinnuálag.

Í þessum kafla verður fjallað um verklag og verkþætti samstarfsverkefnisins. Kynnt verða gögn sem safnað var frá starfsfólki LRH og starfsfólki Reykjavíkurborgar. Þar að auki verður fjallað sérstaklega um viðhorf þolenda til verklags og þjónustu sem þeir fengu. Við lok kaflans verður einnig fjallað um vinnuálag og útköll í heimilisofbeldismálum.

5.2 Lögregla

Safnað var þrenns konar gögnum frá starfsfólki LRH: Rafræn spurningakönnun um verkefnið var lögð fyrir, rýnihópar voru með starfsfólki og viðtöl tekin við sérfræðingna. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr þessari gagnasöfnun og að auki greint frá mati þolenda á starfi lögreglu.

5.2.1 Spurningakönnun meðal lögreglumanna

Til að meta viðhorf til breytt verklags í heimilisofbeldismálum var send rafræn spurningakönnun á lögreglumenn en lögreglumaður er starfsheiti lögreglumanna- og kvenna, óháð því hvort þeir gegna stöðu varðstjóra, rannsakara eða í almennu lögreglunni. Könnunin var send út af Ríkislögreglustjóra á lögreglumenn á öllu landinu og var svarhlutfall í könnuninni 61%. Hér verða aðeins kynntar niðurstöður af höfuðborgarsvæðinu þar sem 143 lögreglumenn tóku þátt. 81,6% þátttakenda voru karlkyns og af þátttakendum voru 37,1% lögreglumenn, 33,6% rannsóknarlögreglumenn og 14% varðstjórar. 36,4% höfðu unnið í lögreglunni í 20 ár eða lengur og 70% höfðu starfað þar í yfir tíu ár.


Rétt er að geta þess að svörin voru ekki skilgreind eftir því hvort lögreglumennirnir sem svöruðu voru í störfum sem gerðu það að verkum að þeir ynnu með heimilisofbeldismál eða hvort þeir kæmu ekki nálægt slíkum málum.

Þátttakendur voru spurðir eftirfarandi spurninga um nýtt verklag í heimilisofbeldismálum:

- Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja verklagið?
- Hversu vel eða illa telur þú að tekist hafi til hjá þínu embætti að vinna eftir verklaginu?
- Hversu vel eða illa telur þú verklagið til þess fallið að mæta þörfum þolenda heimilisofbeldis?
- Hversu vel eða illa verklagið telur þú að verklagið til þess fallið að fækka heimilisofbeldismálum (til lengri tíma litið)?

Almennt séð voru niðurstöður könnunarinnar jákvæðar og eru þær settar fram á mynd 5-1. Til dæmis taldi meirihluti þátttakenda að vel hefði tekist til við að vinna eftir verklaginu og að þeir þekktu verklagið vel. Þá töldu 63,7% þátttakenda að verklagið mæti þörfum þolenda frekar vel eða mjög vel. Hins vegar kom fram áhuga-verður munur þegar spurt var hvort verklagið væri til þess fallið að fækka heimilisofbeldismálum, 44,4% voru sammála þessu og þriðjungur þátttakenda tók ekki afstöðu. Lögreglumönnum finnst því verklagið hjálpa þolendum en heldur minni trú er á því að verklagið sé til þess fallið að fækka heimilisofbeldismálum til lengri tíma. Í niðurstöðunum eru hins vegar ekki að finna svör við því hvaða ráðstafanir þátttakendur telja að væru betri til að minnka heimilisofbeldi til lengri tíma.

Afstaða til verklags á höfuðborgarsvæðinu



MYND 5-1 AFSTAÐA LÖGREGLUMANNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU TIL VERKLAGS Í HEIMILISOFBELDISMÁLUM

Þegar niðurstöður höfuðborgarsvæðisins voru bornar saman við landið í heild kom í ljós að starfsfólk landsbyggðar var meira sammála því að verklagið mæti þörfum þolenda ($t(325) = 2,10$, $p = 0,04$) og að verklagið sé til þess fallið að fækka tilvikum um

heimilisofbeldi til lengri tíma litið ($t(325) = 2,39, p = 0,02$) heldur en starfsfólk á höfuðborgarsvæðinu. Óljóst er hvað veldur þessum mun, en þó ljóst að á heildina litið voru niðurstöður könnunarinnar mjög jákvæðar og vísbendingar um að verklagið hafi skilað árangri.

5.2.2 Rýnihópar með starfsfólki lögreglu

5.2.2.1 Rannsóknarlögreglumenn og varðstjórar

Sérstaklega var rætt við rannsóknarlögreglumenn og varðstjóra sem hafa unnið í verkefninu. Rannsóknarlögreglumenn spila sérstakt hlutverk í verkefninu þar sem þeir eru kallaðir á vettvang í heimilisofbeldismálum þar sem þeir safna sönnunargögnum, taka viðtöl við þolendur og gerendur og fylgja málum eftir. Rannsóknarlögreglumenn eru því líklega það starfsfólk lögreglunnar sem vinnur hvað mest með hvert mál. Varðstjórar eru mikilvægir í verkefninu þar sem þeir eru kallaðir á vettvang af almennum lögreglumönnum og ákveða hvort mál skuli flokkað sem heimilisofbeldi eða ekki (en þá geta þau flokkast sem ágreiningur). Rætt var við þetta starfsfólk til að fá heildstæða mynd af því sem vel hefur gengið í verkefninu og því sem má betur fara.

„Mér finnst þetta gefa skýr skilaboð út í samfélagið að við samþykkjum ekki heimilisofbeldi“

Lögreglumaður um Saman gegn ofbeldi

Allir þeir lögreglumenn sem talað var við voru sammála um að verkefnið væri af hinu góða og hefði í för með sér mjög nauðsynlega breytingu í þessum málaflokki, þrátt fyrir að deila mætti um mismunandi framkvæmdaðætti. Áður fyrr voru heimilisofbeldismálin þannig að lögreglan kom á vettvang en þar sem engin eftirfylgni var til staðar fór ástandið mjög gjarnan aftur í sama farið:

Þessi málaflokkur var þess eðlis að það var aldrei nein framför, sérstök, í honum. Gamla kerfið var sem sagt það að við komum á staðinn en svo sat þolandinn í því að það eigi að fylgja þessu eftir og heimilisofbeldi á það til að vera vítahringur, það koma góðir tímar og slæmir tímar. Þannig að eftir slæma tímann kom góður tími og þá var ekkert gert, svo kom annar slæmur tími og þá aftur vorum við á núllpunkti.

Vinnsla mála hefur því gjörbreygst og lögreglumenn skynja að nýtt vinnulag sé líklegra til að koma í veg fyrir frekara ofbeldi.

Lögreglumennirnir minntust einnig á viðhorfsbreytingar í lögreglunni:

Lögreglumenn telja að viðhorfsbreytinga gæti innan lögreglunnar eftir að verkefnið hófst

Sjálfum finnst mér algjörlega nauðsynlegt að við höfum farið út í þetta og mjög jákvætt ... það eru ótalmörg mál sem við fórum í áður sem við hefðum aldrei flokkað sem heimilisofbeldi sem við gerum í dag ... Ég held að lögreglan hafi litið svolítið á heimilið sem einhvers konar einkastað, það sem fór þar fram, þó við vissum að það hefði eitthvað gengið á, að þá ef það var sagt nei, þá gengum við bara út, það var ekki gengið á eftir neinu.

Flestir lögreglumennirnir ræddu um mikilvægi þess að fá félagsþjónustu og barnavernd til að hjálpa heimilum sem þurfa aðstoð, þar sem sum vandamálin eru félagsleg og þurfa því aðrar lausnir en löggæsluúrræði. Þannig hefur oft komið fyrir að lögreglan komi á heimili, þar sem miklir erfiðleikar eru, sem hafa ekki verið í samskiptum við félagsþjónustu áður og gott sé að tengja þessa aðila saman:

Heimilisofbeldi er yfirleitt ekki einangrað mál, það er einhver aðdragandi og aðdragandinn er það sem við þurfum að vinna úr ... Fólki líður illa og lögreglan er ekkert að fara að leysa það en félagsþjónustan gæti gert það.

Með nýja verklaginu er lögð áhersla á að setjast niður og ræða við fólk um hvað er í gangi á heimilinu, stundum taka lögreglumenn við sálgæsluhlutverki en stundum gerir félagsþjónustan það. Þegar starfsfólk þjónustumiðstöðva og Barnvernd er líka til staðar getur starfsfólk lögreglu líka einbeitt sér að öðrum verkefnum eins og skýrslutöku. Þetta verklag er mikil breyting frá því sem áður var, þar sem var bara farið beint inn og svo út aftur en ekkert reynt að vinna með ástandið á heimilinu sjálfu.

Mér finnst svo mikilvægt að þetta sé unnið svona, af því við erum yfirleitt að koma í veg fyrir áframhaldandi brot og svo er það búið. En þarna erum við að reyna að bæta ástandið á heimilinu, hvort sem það er fyrir fólkið eða börnin eða alla aðilana.

Nokkrir lögreglumenn minntust á að aðkoma félagsþjónustu og barnaverndar væri kannski ekki nauðsynleg fyrir hvert einasta mál og það væri gott að þolendur gætu hafnað ferlinu ef börn eiga ekki lögheimili á staðnum.

Þrátt fyrir almenna ánægju með verkefnið meðal lögreglumanna kom fram ákveðin gagnrýni á framkvæmd þess. Hér ber að hafa í huga að rýnihópar fóru fram í ágúst og september 2015 og niðurstöður þeirra voru fyrst birtar í áfangaskýrslu verkefnisins í október 2015. Síðan þá hefur sumum verkþáttum verið breytt sem lögreglumenn höfðu upprunalega gagnrýnt en gögnum hefur ekki verið safnað síðan til að sjá hvaða áhrif þær breytingar höfðu. Þessar upplýsingar eru því settar fram með þeim fyrirvara. Farið verður stuttlega yfir gagnrýnina og þess getið þegar breytingar hafa átt sér stað. Gagnrýni frá lögreglumönnum sneru að vinnuálagi, rýni mála innan lögreglu, verklagi hafi verið fylgt of stíft, að málum sé haldið til streitu gegn vilja þolenda og skorti á úrræðum.

Í fyrsta lagi voru lögreglumenn ósáttir með vinnuálag. Heimilisofbeldismál geta í eðli sínu verið flókin og það vanti mannskap til að sinna þessum málum svo vel sé. Verklagið hafði í för með sér aukna vinnu og fjöldi mála jókst strax. Verklag hefur hins vegar slípast til og úrvinnsla orðið auðveldari með tímanum. Verkefnið var strax umdeilt meðal lögreglumanna en þeir sem var talað við voru sammála um að neikvæð viðhorf til verkefnisins hafi ekki komið niður á þjónustu lögreglunnar sem hafi unnið vel að málunum. Þó þurfi að reikna með því að lögreglumenn séu mannlegir og geta gert mistök og að innleiðing breytinga tekur alltaf einhvern tíma.

Í öðru lagi hafa mál sem upp koma í verkefninu verið rýnd reglulega eins og gert er ráð fyrir í 15. gr. verklagsreglna Ríkislögreglustjóra. Sumir lögreglumannanna fagna því að fá gagnrýni sem nýtist til að bæta vinnubrögð, rétt viðbrögð og skýrslugerð. Mörgum fannst gagnrýnin hins vegar snúast um smáatriði sem ekki skipti öllu máli í vinnslu málanna. Við upphaf verkefnisins var ábendingum komið á framfæri með tölvupósti, til rannsóknarlögreglumanna og yfirmanna þeirra, og nokkuð bar á óánægju með þetta fyrirkomulag. Verklaginu var því fljótlega breytt og samkvæmt sérfræðingi hjá lögreglu er nú er farið reglulega yfir mál með stöðvarstjórum.

Í þriðja lagi voru sumir lögreglumenn ósáttir við að verklagi hafi verið fylgt of stíft, m.a.s. í aðstæðum þar sem það á alls ekki við. Mest kvað að þessu í upphafi verkefnisins en þá hafi starfsfólk verið hrætt við að fara út fyrir verklag og hafi óttast skammir vegna frávika frá því. Nauðsynlegt sé að treysta starfsfólki til að vinna vel og meta aðstæður rétt. Lögreglumenn vilja hafa meiri sveigjanleika í þeim fjölda mála sem ekki teljast alvarleg og ráða þá hvort nauðsynlegt sé að kalla út félagsþjónustu og Barnavernd. Viðmælendur telja að í dag fari mikill tími í minniháttar ágreining milli fólks og að sterk viðbrögð við öllum málum geti jafnvel gert lítið úr alvarlegu málunum. Sem dæmi um of sterk viðbrögð töldu sumir að handtöku væri of oft beitt í nýja verklaginu, sem getur verið harkalegt og óviðeigandi úrræði í málum þar sem ofbeldi er ekki alvarlegt. Nauðsynlegt sé að skoða hvert mál fyrir sig til að taka ákvörðun. Þetta er þáttur sem getur hafa slípast til með tíma, eftir því sem meiri reynsla kemur á verklagið.

Í fjórða lagi lýstu sumir lögreglumenn efasemdum um að halda málum til streitu í trássi við vilja þolanda. Óljóst væri hvort að slíkur málarekstur skilaði árangri ef þolandi vildi svo vera áfram með gerandanum, sérstaklega eftir að sakfelld hefði verið í máli eða nálgunarbann sett á.

Að lokum fannst sumum lögreglumönnum þeir ekki hafa upp á mikil úrræði að bjóða. Þetta á sérstaklega við um mál þar sem ekki er um makaofbeldi að ræða, eins og til dæmis ofbeldi uppkomins barns gegn foreldrum sínum. Einnig getur verið erfitt að aðstoða karlkyns þolendur og aðra sem ekki falla vel að þeim úrræðum sem nú eru í boði. Úrræði fyrir þolendur eru almennt ætluð konum og eitt meðferðarúrræði er í boði fyrir gerendur, búið að er að breyta nafni þess úr Karlar til ábyrgðar í Heimilisfriður í samræmi við breytt hlutverk úrræðisins sem ekki er lengur bara ætlað körlum.

Rannsóknarlögreglumenn og varðstjórar voru því almennt ánægðir með breytingar í heimilisofbeldismálum og töldu þær hafa leitt til breytinga á viðhorfum innan lögreglunnar. Þó kom fram gagnrýni um framkvæmd átaksverkefnisins, sem reynt hefur verið að taka tillit til og bæta með jafnóðum.

5.2.2.2 Ákærusvið lögreglu

Starfsfólk ákærusviðs lögreglu er mikilvægt í verkefninu af því að það annast saksókn mála en eitt af markmiðum verkefnisins er að fleiri mál nái framgöngu í réttarkerfinu. Þegar rannsókn mála er lokið fara þau inn á ákærusvið þar sem tekin er ákvörðun um framhald þeirra. Þannig er til dæmis hægt að ákæra fyrir brot sem tengjast heimilisofbeldi, t.d. líkamsárás eða eignaspjöll, ef nægileg sönnunargögn liggja fyrir. Starfsfólk ákærusviðs sér einnig um að krefjast staðfestingar nálgunarbanna og brottvísunar af heimili fyrir héraðsdómi eftir að lögreglustjóri hefur ákveðið slíkt. Þessi rýnihópur fór fram í september 2015 svo óljóst er hvort breytingar hafa verið gerðar eða viðhorf starfsfólksins eru svipuð.

Starfsfólk ákærusviðs hafði almennt séð nokkuð gagnrýna sýn á verkefnið í heild, ólíkt öðrum hópum sem talað var við. Þannig kom fram að starfsfólk hafi að mestu leyti verið ánægt með hvernig mál voru unnin áður hjá lögreglunni. Ein undantekning sé betri söfnun sönnunargagna á vettvangi, eins og þegar teknar eru myndir af áverkum.

Þegar verið er að taka myndir af áverkum á vettvangi, það held ég að sé jákvæðast í þessu verklagi. Af því að fólk er oft ekki tilbúið til að fara og fá áverkavottorð en þá erum við með myndir af áverkum og þá er hægt að sækja málin á þeim grundvelli.

Starfsfólk ákærusviðsins lagði áherslu á að ekki sé hægt að vinna öll mál heimilisofbeldis með sama hætti og það þyrfti að treysta rannsakanda máls til að meta aðstæður og til hvaða aðgerða ætti að grípa. Starfsfólkið hafði líka varfærna sýn á nálgunarban, taldi að oft væri það íþyngjandi úrræði og að vernda þyrfti réttindi gerenda jafnt sem þolenda. Til dæmis var sérstaklega minnst á að þolendur brjóti stundum nálgunarban sjálfir, en starfsfólki ákærusviðs finnst að bannið eigi að ganga í báðar áttir. Þannig sé geranda óheimilt að nálgast þolandann (eins og bannið felur í sér) en á sama hátt ætti þolanda að vera óheimilit að nálgast gerandann.

Þessi hópur lagði einnig áherslu á heildræna nálgun þegar kemur að heimilisofbeldismálum, eins og til dæmis með meiri aðkomu geðheilbrigðiskerfisins. Þá kom fram að starfsfólki ákærusviðsins hefði þótt æskilegt að nánara samráð hefði verið haft um mótun og innleiðingu verkefnisins. Fram kom hjá sérfræðingi lögreglu að til að bregðast við þessu hafi verið farið í samráðs- og samþættingarferli.

5.2.3 Sérfræðingar lögreglu

Sérfræðingar innan lögreglu voru ánægðir með verkefnið og spenntir fyrir því að lögreglan hefði ráðist í svo metnaðarfullt verkefni. Þó kom fram að ákveðinnar togstreitu hefði gætt innan lögreglunnar vegna mikillar áherslu á verkefnið og jafnvel væri hægt að tala um mótþróa. Einn þeirra lýsir þessu svona: „*Að mínu mati erum við að fást við gamla og nýja tíma ... Kannski bæði samfélagslega og innan lögreglunnar.*“ Verkefnið sé þó ekki nein bylting heldur sé eingöngu verið að fylgja stefnu stjórnvalda, vanda verklag og bæta árangur. Þetta á ekki bara við á Íslandi heldur eru þetta breytingar sem eiga sér nú stað bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Nýtt verklag hafi því miður síst skilað sér inn á ákærusvið lögreglunnar og líklega hefði þurft sérhæft námskeið eða meiri handleiðslu fyrir starfsmenn þess. Sérfræðingar hjá lögreglu lýstu almennri ánægju með samstarf við Reykjavíkurborg en þar hefði verið mikill áhugi á framgangi verkefnisins og að almennt hafi gengið vel að leysa úr þeim vandamálum sem upp komu.

5.2.4 Viðhorf þolenda til starfs lögreglu

Flestir þolendur töldu að lögreglan hefði sýnt gott viðmót á vettvangi og reynt að hressa þolandann við. Einn þolandi lýsir þessu svona:

[Lögreglan talaði við mig] með hómor, þössuðu að hafa þetta glaðlegt ... þeir fengu mig alveg til að hlæja á staðnum. Náðu alveg að minnka stressið og láta mér líða betur og allt ... Þau fá alveg stóran plús fyrir sína vinnu.

Sumir þolendur hafa reynslu af lögreglu bæði fyrir og eftir að átaksverkefnið hófst. Kona í þeirra hópi tók sérstaklega fram að hún hefði ekki verið óánægð með hvernig málin voru unnin áður. Aðrir lýstu fyrra verklagi þannig að lítið hefði verið gert á vettvangi. Önnur kona sagði t.d. frá því að gerandinn hafi í fyrsta skipti verið handtekinn á þessu ári eftir margra ára ofbeldi og ítrekuð útköll lögreglu. Hann hefur ekki beitt hana ofbeldi síðan hann var handtekinn og telur hún sig vera mun öruggari á heimili sínu nú, sem er mjög mikil framför, þar sem gerandi upplifði það sem mikla niðurlægingu að vera handtekinn. Hún telur að lögregla ætti því að halda áfram að bregðast svona við, þar sem það geti fælt gerendum frá því að beita ofbeldi. Annar þolandi lýsti greinilegum mun á aðgerðum lögreglu eftir að átaksverkefnið fór af stað,

„Þetta var bara tekið svolítið föstum tókum ... Þá leið mér eins og það yrði gert eitthvað. Og mér leið líka eins og núna væri allt ... allt í lagi“

Polandi lýsir mun á viðbrögðum lögreglu fyrir og eftir átaksverkefnið

nú væri tekið betur á málinu en áður. Þolendur lýstu einnig yfir ánægju sinni með það verklag, að talað er við þolanda og geranda sitt í hvoru lagi, að skýrslan er tekin upp og að teknar séu myndir af áverkum og aðstæðum.

Þolendur voru þó ekki alltaf ánægðir með lögreglu. Til dæmis fannst einum þolanda að lögreglan vissi ekki alveg hvernig ætti að tala við hana og það væri góð viðbót að félagsráðgjafi væri á staðnum. Í öðru tilfalli var lögreglan beinlínis dónaleg við þolanda:

Af því að það er það er ömurlegt að lenda í svona aðstæðum. Og hérna, og það er fullt af fólki þarna, skilurðu sem þú þekkir ekki neitt, þú veist, lögreglan og einhver félagsráðgjafi og einhver frá barnavernd, eitthvað fólk sem ég hef aldrei hitt, skilurðu, á ævinni. Og það er eitthvað svona, maður sem er svona að tala við þig bara eins og þú sért fífl, skilurðu? Ég var svo að upplifa mig, bara ókei honum finnst ég bara ógeðslega heimsk.


Einn þolandi upplifði að honum fannst rannsóknarlögreglumaður taka afstöðu með geranda, ástæðuna taldi þolandinn vera að hann var undir áhrifum áfengis eða þá að gerandinn hefði ekki í nein önnur hús að vernda og var óánægður með það. Einum kvenkyns þolanda fannst eins og lögregluna grunaði að hún hefði gert eitthvað af sér og fannst henni það mjög óþægilegt. Á heildina litið voru þolendur þó nokkuð ánægðir með störf lögreglu.

5.3 Starfsfólk Reykjavíkurborgar (starfsfólk þjónustumiðstöðva og Barnavernd)

Þrenns konar gögnum var safnað frá starfsfólki Reykjavíkurborgar: Rafræn spurningakönnun um verkefnið var lögð fyrir það, rýnihópar voru haldnir með starfsfólki og viðtöl tekin við sérfræðinga. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra auk ánægju þolanda með þjónustu Reykjavíkurborgar.

5.3.1 Spurningakönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar

Viðhorfum starfsfólks Reykjavíkurborgar til verkefnisins var safnað með rafrænni spurningakönnun. Alls tóku 48 manns þátt (61,54% svarhlutfall) og mynd 5-2 sýnir að um helmingur þeirra vann á þjónustumiðstöð, fjórðungur hjá Barnavernd Reykjavíkur og afgangur voru stjórnendur eða óskilgreindir. Af þeim sem svöruðu könnuninni vinna 30 á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Gögnum var safnað í febrúar 2016.



MYND 5-2 HLUTFALLSLEG DREIFING ÞÁTTTÖKU STARFSFÓLKS REYKJAVÍKURBORGAR EFTIR STARFSSTAÐ

Lagðar voru fyrir sambærilegar spurningar og lagðar voru fyrir starfsfólk lögreglu:

- Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja verklagið?
- Hversu vel eða illa telur þú að tekist hafi til hjá þínu embætti að vinna eftir verklaginu?
- Hversu vel eða illa telur þú verklagið til þess fallið að mæta þörfum þolenda heimilisofbeldis?
- Hversu vel eða illa verklagið telur þú að verklagið til þess fallið að fækka heimilisofbeldismálum (til lengri tíma litið)?

Að auki voru eftirfarandi þrjár spurningar lagðar fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Hversu vel eða illa telur þú að stjórnun verkefnisins hafi tekist?
- Hversu vel eða illa telur þú að tekist hafi að innleiða umbætur á verkefnatímanum?
- Hversu vel eða illa telur þú að tekist hafi til með fræðslu í tengslum við verkefnið?


Mynd 5-3 sýnir niðurstöðurnar en þær eru á heildina mjög jákvæðar. Starfsfólk Reykjavíkurborgar telur sig þekkja verklagið vel og að vel hafi tekist til við innleiðingu þess. Starfsfólkið telur jafnframt að verklagið sé til þess fallið að mæta þörfum þolenda, en 93,5% voru frekar eða mjög sammála þeirri staðhæfingu. Þá telja yfir 80% að verklagið sé vel til þess fallið að fækka heimilisofbeldismálum. Þessar niðurstöður sýna með afgerandi hætti að starfsfólk er ákaflega jákvætt í garð verkefnisins og teljur það gagnlegt. Enginn marktækur munur er á afstöðu einstakra hópa eða milli vinnustaða.

Enginn taldi að stjórnun verkefnisins hafi tekist mjög illa, en einungis tveir þátttakendur töldu þó að hún hafi tekist illa. Tæplega 82% svarenda töldu að stjórnun verkefnisins hafi tekist fremur eða mjög vel, sem ber stýrihópi og stjórnendum gott vitni. Stjórnendur lögðu upp með þá nálgun frá upphafi verkefnisins að sýna sveigjanleika í verkefnastjórn og innleiða umbætur á verkefnatímanum. Tæplega 74% þátttakenda töldu að það hafi gengið vel. Í áfangamati var starfsfólki tíðrætt um fræðslu

og skort þar á og var því ákveðið að kanna þann þátt líka við lok verkefnis. Rúmlega 68% starfsfólks taldi að frekar eða mjög vel hefði tekist til með fræðslu í tengslum við verkefnið en tæp 30% svarenda eru hlutlaus. Það mætti því skoða þennan þátt betur í framtíðinni og huga vel að endurmenntun starfsfólks sem kemur að verkefninu.

Í heildina má segja að starfsfólk Reykjavíkurborgar sé sérlega jákvætt í garð verkefnisins og telji að vel hafi tekist til. Þessar niðurstöður eru svipaðar og í könnun meðal starfsfólks lögreglu en þessar niðurstöður eru þó enn meira afgerandi.

Afstaða til verklags í heimilisofbeldismálum - Reykjavíkurborg



MYND 5-3 AFSTAÐA TIL VERKLAGS Í HEIMILISOFBELDISMÁLUM - REYKJAVÍKURBORG

5.3.1 Rýnihópar starfsfólks félagsþjónustu Reykjavíkurborgar

Rætt var við tvo hópa félagsráðgjafa sem eru á bakvöktum og eru kallaðir á vettvang af lögreglu. Fram kom að verkefnið feli í sér mjög gott inngríp, gefi skýr skilaboð til þolenda og gerenda og að það yrði mikil afturför ef því yrði ekki haldið áfram. Verkefnið sé bæði þarft og jákvætt fyrir félagsráðgjafa og einn félagsráðgjafi lýsti þessu á eftirfarandi hátt:

Spennandi tækifæri fyrir félagsráðgjafa, að fara á vettvang, hitta fólk í aðstæðum, að geta leiðbeint fólki, stutt og frætt og komið málunum í réttan farveg og til réttra fagaðila strax.

Félagsráðgjafar sem hafa unnið við verkefnið eru því almennt ánægðir með það og vilja að því verði haldið áfram.

„Hvað var gert? Var fólk svo bara skilið eftir í þessu og hafði ekkert áfram að leita? Mér finnst þetta það mikilvægt að það er þínu óhuggulegt að hugsa til þess að það hafi ekki verið“

Félagsráðgjafi vísar til þess vinnulags sem áður var við lýði

Starfsfólk félagsþjónustu taldi almennt að verkefnið væri mjög jákvætt og þarft, að nú fengju félagsráðgjafar betri upplýsingar og tengsl við lögreglu og á milli stofnana væru almennt betri. Áður hefðu mál oft komið seint inn á borð félagsráðgjafa, jafnvel þó að lögregla hafi verið búin að fara í mörg útköll á sama heimili.

Félagsráðgjafar hafa sagt frá nokkrum þáttum sem þeir gagnrýna varðandi verkefnið. Í fyrsta lagi eru þeir ósáttir við að skráningarkerfi þeirra geri ekki ráð fyrir því að um ágreining sé að ræða, alltaf þurfi að skrá þolanda og geranda en sum mál eru flóknari en svo að þetta henti vel. Þetta getur orðið til þess að aðilar sem ekki hafa beitt ofbeldi eru skráðir sem gerendur óverðskuldað.

Í öðru lagi bentu félagsráðgjafar á að það þurfi að leggja meiri áherslu á gerendur í verkefninu, til að stöðva ofbeldið þarf að ná almennilega til þeirra. Félagsráðgjafar hafa lítið samband við gerendur, þeir eru yfirleitt farnir af heimilinu þegar félagsráðgjafar koma á staðinn og þar að auki vilja þeir oft ekki afskipti félagsráðgjafa. Einnig er spurning hvort félagsráðgjafi ætti að vera viðstaddur skýrslutöku af geranda á lögreglustöð, til dæmis þegar það er gert næsta dag. Jafnframt þarf að skoða hvort

Það geti skaðað traust þolenda til félagsráðgjafa ef þeir eiga að vera stuðningur við gerendur líka eða hvort að annað fyrirkomulag væri betra. Erfitt er líka að skrá gerendur hjá félagsþjónustu, þar sem ekki er hægt að skrá geranda sem þjónustupega í málaskrá ef gerandinn tilheyrir annarri þjónustumiðstöð en þeirri sem viðkomandi félagsráðgjafi starfar við.

Í þriðja lagi lögðu félagsráðgjafar áherslu á að efla samstarf á milli aðila og að stundum væri lögregla t.d. með upplýsingar sem félagsráðgjafar hefðu ekki og þá telja þeir að félagsráðgjafar ættu jafnvel að hafa meira frumkvæði í verkefninu.

Loks hefur komið fyrir að félagsráðgjafa séu boðaðir í útköll í öðrum bæjarfélögum en í Reykjavík þó að það sé augljóslega utan þeirra verksviðs. Gagnrýni hefur jafnframt komið fram á fyrirkomulag bakvaktarstarfs, að ekki sé gefið svigrúm varðandi önnur verkefni félagsráðgjafa, t.d. hvíld eða frítaka sem ætti að koma á móti bakvöktum, og að umbun fyrir vinnuna sé of lítil. Almenn séð var starfsfólk félagsþjónustu Reykjavíkurborgar því jákvætt gagnvart verkefninu en hafði þó smávægilega gagnrýni á framkvæmd þess.

5.3.2 Rýnihópur frá Barnavernd Reykjavíkur

Almennt lýsa starfsmenn Barnaverndar ánægju með verkefnið. Barnavernd taldi jafnframt að hlutverk starfsfólksins væri skýrt, að sinna börnunum, en taldi jafnframt gott að vita af því að starfsfólk þjónustumiðstöðva fylgdi nú fullorðna fólkinu eftir. Það hefur þó aukið vinnuálag en fyrir fólk sem verður fyrir heimilisofbeldi í Reykjavík telja starfsmenn Barnaverndar að verkefnið sé til mikilla bóta. Verkferlar eru skýrari en þó setja þeir spurningarmerki við það að öll útköll flokkist sem heimilisofbeldi og þau telja að veita mætti lögreglu meira vald til að flokka eðli mála á staðnum áður en allir eru kallaðir út.

Stundum upplifir fólk þetta sem mjög íþyngjandi að þarna birtist fjöldi manns inni á heimilinu þeirra og oft segir fólk næst mun ég aldrei hringja. Jafnvel systkini sem hafa verið eitthvað að karpa og lent í, eitthvað farið úr böndunum, flokkast sem heimilisofbeldi.

Þá er einnig eitthvað um útköll sem ekki eru í verkahring Barnaverndar eins og t.d. slagsmál feðga þar sem sonurinn var þrítugur, ófrísk kona eða barn með lögheimili utan Reykjavíkur. Gott væri því ef ítarlegri upplýsingar fengjust áður en farið er af stað og athugað sé ef börn eru á staðnum hvar þau eiga lögheimili. Það mætti vera hálfgerður tékklisti sem farið er yfir nöfn, aldur, lögheimili, þolandi, gerandi. Starfsmenn Barnaverndar telja einn mesta ávinning verkefnisins að öll börn sem verða vitni að ofbeldi fá í kjölfarið sálfræðiaðstoð, áfallahjálp, innan 48 stunda. Það er mjög mikilvægt að hún komi strax.

Það sem mér hefur þótt óþægilegast er það að það sem hefur breyst núna er að við vorum bara vanalega að koma inn og höfðum stjórnina, töluðum við börnin, töluðum við foreldrana. Ákváðum hvert börnin ættu að fara og svona

arranséruðum hlutunum. Nú er búið að taka þetta. Þetta er orðið svona lögreglumál. Mér finnst okkar hlutverk komið svo langt í burtu. Þetta er svona löggufókus. Við erum einhvern veginn komin í bakgrunninn og þetta er orðið svona rannsóknarlögreglumál. Mér finnst það óþægilegast.

Einnig kom fram að það geti verið erfitt fyrir börnin að bíða á meðan rannsakandi klárar sína vinnu og betur færi á því að hægt væri að byrja strax að finna lausnir fyrir þau. Börnin eru líka oft að hlusta á hluti sem þau ættu ekkert að vera að hlusta á.

5.3.3 Sérfræðingar frá Reykjavíkurborg

Sérfræðingar frá Reykjavíkurborg voru ánægðir með markvissari skráningu en áður á ofbeldi þegar erfitt var að kalla fram tölfræði, lykiltölur og aðrar upplýsingar. Þetta auðveldar alla aðkomu að ofbeldismálum og alvaran er meiri. Þó benti einn sérfræðingur á að það hefði komið á óvart hversu lítil samskipti væru út af verkefninu og að deildarstjórar mættu vera betur upplýstir. Hún benti líka á mikilvægi þess að þjónusta fjari ekki út. Það þurfi að vera skýrt hvenær þjónustumiðstöðvarnar taki við málunum og verkferlar þurfi að vera skýrir þannig að eftirfylgnin sé góð án þess að dregið sé úr friðhelgi heimilanna.

Annar sérfræðingur ræddi einnig um mismunandi menningu innan stofnananna sem standa að verkefninu og að sér fyndist að lögreglan væri vanari að hlýða skipunum að ofan. Ef hún sendi tölvupóst með fyrirmælum á sína undirmenn færu oft umræður af stað um verklag og annað og sitt sýndist hverjum. Þetta taldi hún ekki eiga við í lögreglunni og þar væri meiri hefð fyrir hlýðni við yfirmenn. Þannig gæti verið erfitt að fá félagsráðgjafa til að fara nákvæmlega eftir verklagi ef þeir voru ósammála því. Þetta væri samt þáttur sem gæti reynst erfitt að breyta.

5.3.4 Viðhorf þolenda til starfs Reykjavíkurborgar

Allir þolendur sem rætt var við lýstu yfir ánægju með félagsþjónustu á vettvangi. Viðmælendur töldu að starfsfólk félagsþjónustu hefði komið vel fram, verið ljúf og samvinnufús og sýnt stuðning og skilning:

Þetta var bara mjög eðlilegt, eðlileg samskipti. Bara spurðu út í hvað skeði og allt það allt í þeim pakka sko. Og svo var hún þarna, frá félagsþjónustunni held ég, hún var bara, mér fannst hún sko, hún talaði svona við mann eins og maður væri bara þú veist, bara persóna, svona skildi þetta allt saman og það var bara mjög einfalt.

Annar þolandi orðaði þetta svona:

Þeir [lögreglumennirnir] kunnu ekkert að tala við mig, þannig séð, þeir gátu ekkert, einhvern veginn, sagt réttu hlutina til þess að ég myndi róa mig niður. Svo komu félagsráðgjafar og þeir voru geðveikt rólegir og þeir tóku utan um mig og spurðu hvað gerðist og þú veist, voru svo mjúkir, skilurðu, maður verður

svo hræddur við lögregluna, af því þeir náttúrulega eru í þessum búningum sem eiga að vera ógnandi.

Nokkrir minntust sérstaklega á hversu gott var að tala við félagsþjónustu á vettvangi því starfsmanni hennar tókst að hugga og hjálpa á annan hátt en lögreglu og barnavernd. Einn þolandi notaði til dæmis orðalagið að félagsráðgjafinn væri mjög „hlýr“ en lögregla og barnavernd hins vegar „kaldari“.

Fimm þolendur sögðu frá því að þeir hafi ekkert heyrt frá félagsþjónustu eftir að útkallið átti sér stað. Fjórir af þeim hefðu viljað fá símtal eða heimsókn til að fá ráðgjöf og tengingu við úrræði en einn hafði ekki áhuga á því vegna eigin áfengisvanda. Starfsfólk þjónustumiðstöðva hringdi í fimm þolendur eftir útkallið til að athuga hvernig þeim liði. Þeir voru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu en einn þáði aðstoð, m.a. styrk fyrir sálfræðiþjónustu og fjárhagsþjónustu vegna húsnæðis og leikskóla. Annar þolendanna, sem er 18 ára kona, var strax í miklum samskiptum við félagsþjónustu og fékk skólstyrk og íbúð. Móðir hennar hefur beitt hana ofbeldi síðan hún var fimm ára. Hún var mjög ánægð með viðbrögð félagsþjónustu sem aðstoðaði hana við að komast burt af heimilinu og verða sjálfstæð. Hún sá það sem lykilþátt í lausn sinna mála að hún væri orðin 18 ára, ofbeldið hafði átt sér stað í mörg ár með vitneskju Barnaverndar en engin inngrip frá þeim höfðu hjálpað henni.

Í einu tilviki tók þolandi sérstaklega fram að svo virtist sem félagsráðgjafi hafi náð mjög vel til gerandans, svo þolandinn vildi leyfa þeim að vinna áfram saman í friði, á meðan þolandinn leitaði sér aðstoðar annað. Þó ert vert að taka fram að í því tilviki þótti þolanda eftirfylgni fara allt of hægt af stað, en tveir til þrjú mánuðir liðu þar til fyrsta símtal átti sér stað.

Tveir þolendur lýstu óánægju með aðkomu félagsþjónustu. Annar þeirra lýsti mikilli ánægju með samskipti við félagsþjónustu á vettvangi en svo hafði ekkert gerst í framhaldinu: „Það [að málinu var ekkert fylgt eftir] drap svolítið traustið mitt gagnvart þessu fólki.“ Þessi þolandi vildi fá sálfræðiaðstoð fyrir son sinn en hefur ekki fengið hana. Þolandanum var sagt að félagsráðgjafi myndi hafa samband, sem var ekki gert, svo þolandinn hringdi í ráðgjafann og skildi eftir skilaboð en það var aldrei hringt til baka. Hún hefur farið til annars félagsráðgjafa sem hún er ekki ánægð með því hún fær sjaldan jákvæð svör við beiðnum og hefur jafnvel fengið mismunandi svör eftir því hvern hún spyr. Vegna þessara vonbrigða hefur þolandinn ekki reynt að sækja meiri faglega þjónustu.

Hinn þolandinn er kona sem ekki hefur fengið eftirfylgnisímtal eftir útkallið. Hún reyndi líka að hafa samband sjálf en ekki var hringt í hana til baka. Hún hafði orðið vongóð á vettvangi en skortur á eftirfylgni varð til þess að henni fannst eins og hún stæði ein og án stuðnings. Svo vildi til að hún í viðtölum hjá öðrum félagsráðgjafa sem hún er ekki ánægð með:

Ég hef verið hjá félagsráðgjafa og það er bara djók ... Það er ekkert plan, það er engin aðgerðaáætlun ... Þetta er bara djók. Ég er ekki að segja að borgin eða sveitarfélagið eigi að halda mér uppi en þetta eru sérstakar aðstæður og

Eftirfylgni af hálfu félagsþjónustu er mikilvæg í augum þolanda og heppilegt að skoða vel hvernig best verður að henni staðið

ég er tilbúin til að bæði koma mér út úr þessu og ég finn að eins sjálfstæð og ég er, þá er að renna upp fyrir mér að ég er ekki að koma úr heilbrigðum aðstæðum. Svona starfsgetu eða orkulega eða bara sjálfið, ég er svona sirka 60%. Þannig að support systemið sem að tekur við, mín reynsla, það er ekkert.

Hún hefði viljað fá sálfræðiþjónustu sem hún telur nauðsynlega fyrir þolendur heimilisofbeldis almennt. Hún vildi einnig fá aðstoð eða ráðgjöf varðandi umgengni sonar síns og gerandans en hefur ekki fengið neitt slíkt.

Fjórir þolendur gagnrýndu sérstaklega skort á eftirvinnslu og í sumum málum virðist sem svo að ef eitthvað kemur upp á, til dæmis ef tími fellur niður hjá félagsráðgjafa, þá sé ekkert meira gert í því máli. Einn af þessum þolendum bað líka um að fá áfalla-hjálp en þar sem þolandinn bað ekki um það strax á vettvangi, fékk viðkomandi þau svör að of langur tími væri liðinn fyrir slíkt. Þessi mál benda til þess að einhverjar brotalamir séu í eftirvinnslu sem og í að tryggja að haft sé samband við alla þolendur eftir útkall. Þolendur voru þannig að mestu ánægðir með starfsfólk félagsþjónustu en vildu fá meiri þjónustu og eftirfylgni.

5.4 Annað starfsfólk

Verkefnið fór fram í samvinnu við aðrar stofnanir. Til dæmis á Kvennaathvarfið fulltrúa í stýrihópi verkefnisins, sem hefur tekið þátt í mótun og yfirferð þess. Rætt var við sérfræðinga í Kvennaathvarfi og hjá Heimilisfriði um verkefnið.

5.4.1 Kvennaathvarf

Hlutur Kvennaathvarfsins í verkefninu er að taka þátt í stýrihópi þess en að öðru leyti gegnir athvarfið sama þjónustuhlutverki í þessum málaflokki og áður. Þannig geta konur og börn þeirra komið og dvalið þar eða komið í viðtöl eða tekið þátt í sjálfshjálparhópum. Einnig er í boði almenn ráðgjöf fyrir aðra, eins og aðstandendur. Sérfræðingur frá Kvennaathvarfinu sagði að um leið og verkefnið fór af stað hafi orðið greinileg breyting í málaflokknum. Þetta sást helst í aukningu á aðsókn til þeirra, en haldin voru 720 viðtöl á árinu 2015 (606 árið 2014) og 126 konur komu í dvöl en voru 100 árið 2014. Tveir þriðju kvenna í dvöl árið 2015 voru ekki með börn með sér, en voru helmingur dvalarkvenna árið 2014. Af þeim sem komu í athvarfið bjuggu 48% í Reykjavík og 31% annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsfólk telur að aukin aðsókn sé bæði vegna aukinnar umræðu almennt um heimilisofbeldi og svo virðist sem fagfólk sé meðvitaðara um úrræðið og vísi meira þangað en áður. Almenn ánægja er með verkefnið meðal starfsfólks Kvennaathvarfsins, sem telur að verkefnið hafi farið vel af stað og með tímanum vinni allir aðilar betur og betur saman. Þó sé mjög mikilvægt að halda þessari vinnu áfram til að tryggja rétta úrvinnslu mála og að hugsa meira um forvarnir við heimilisofbeldi í framtíðinni.

Sérfræðingur frá Kvennaathvarfinu lýsti ánægju með félagsþjónustuna í þessu verkefni. Núna sé athvarfið komið með sinn eigin félagsráðgjafa sem aðstoðar konurnar

þar og er í samskiptum við aðra félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðum eftir þörfum. Veik félagsleg staða þolenda kemur skýrt fram meðal þeirra sem dvelja í Kvennaathvarfinu, þar sem skortur á tengslaneti og fjármagnsskortur spila oft stórt hlutverk. Þannig getur verið erfitt fyrir konur í láglau nastörfum með börn að borga dýra leigu og konur eru oft lengur í athvarfinu eða í ofbeldissamböndum vegna þessa. Það væri því dýrmætt ef félagslega kerfið gæti veitt meiri stuðning með margþættari úrræðum gegn ofbeldi.

Sérfræðingur Kvennaathvarfs var ánægður með samskipti við lögreglu, bæði fyrir og eftir verkefnið. Til dæmis geta þolendur talað við lögreglukonu inni í athvarfinu til að spyrja spurninga um öryggi og möguleika þeirra. Þetta hefur reynst vel, þar sem margar konur hræðast lögregluna eða vilja ekki leggja fram kæru gegn gerandanum. Lögreglan hefur einnig verið mjög hjálpleg hvað varðar aðstoð við þolendur sem þurfa að fara heim og ná í hluti og annað slíkt. Einnig hefur lögreglan brugðist hratt og vel við ef öryggi er ótryggt í athvarfinu sjálfu. Fáar konur sem dvelja í athvarfinu leggja fram kæru gegn gerandanum, sem getur verið af ótta við að styggja hann eða að þær vilja ekki endilega að gerandi fái dóm, heldur hætti að sýna ofbeldishegðun. Þess vegna er sú breyting á verklagi lögreglunnar að hægt sé að leggja fram kæru án aðkomu þolandans að mati sérfræðings Kvennaathvarfsins, því það léttir álagi af þolandanum: „Það er glæpur að lemja konuna sína, hvort sem að konan er tilbúin þess að leggja fram kæru eða ekki.“

5.4.2 Heimilisfriður

Heimilisfriður er sérhæft meðferðarúrræði fyrir gerendur heimilisofbeldis.

„Besti vinur heimilisofbeldis er þögnin og leyndarmálið“ Starfsmaður Heimilisfriðar

Fulltrúar Heimilisfriðar eru mjög ánægðir með verkefnið og telja það mjög til bóta:

Nú er búið að gera heimilisofbeldi að opinberu lýðheilsuvandamáli, eins og við kjósum að kalla það, og þá fær þolandinn fleiri „resúrsa“ til að vísa á og pressa á og umræðan verður líka pressa í eðli sínu. Við erum rosa glaðir með þetta áttak.

Þeir bæta því við að öll umræða í kringum verkefnið hafi verið fagleg og ábyrg og það sé mikilvægt og bæta svo við:

Aðalatriðið í þessu er að ef þú beitir ofbeldi inni á heimili, beitir þína nánustu ofbeldi, þá er það ekki einkamál, það er lýðheilsuvandamál og þá mun ákveðið ferli fara í gang. Þá verður ekkert voðalega mikið þælt í hvort þetta hafi verið

óheppni eða eitthvað svolítið frekar en ef þú ert tekinn ölvaður við akstur, þá fer ákveðið ferli í gang. Friðhelgi einkalífsins á ekki við vegna þess að afleiðingarnar eru svo alvarlegar. Þetta er í raun aðalatriðið og þessi umræða má í rauninni vera mikið opnari.

Annað starfsfólk í heimilisofbeldismálum er því jákvætt gagnvart verkefninu og telur það vera góða þróun í þessum málaflökki.

5.5 Vinnuálag

Í þessum hluta og í þeim næsta um útköll eru sett fram samþætt gögn frá ólíkum aðilum. Allt starfsfólk var sammála um að vinnuálag væri óhóflegt. Umræða um vinnuálag starfsfólks lögreglunnar kom síendurtekið upp hjá viðmælendum, bæði hjá starfsfólki lögreglunnar sem upplifir sig nú þegar vera störfum hlaðið og hjá félagsráðgjöfum Reykjavíkurborgar og starfsmönnum Barnaverndar sem töldu augljóst að vinnuálag starfsfólks lögreglu væri mjög mikið. Þegar átaksverkefnið fór af stað bættist mikil vinna við, sér í lagi hjá rannsóknarlögreglumönnum, án þess að auknir fjármunir eða starfsfólk væri sett í málaflökkinn. Þá hefur ekki verið slakað á kröfum eða álagi í vinnslu annarra brotaflokka. Lögreglumenn hafa jafnvel bara tíma til að sinna mjög alvarlegum málum og önnur mál þurfa þá að sitja á hakanum.

„Þú ert alltaf að slökkva elda einhvers staðar“

Rannsóknarlögreglumáður vísar til álags í starfi

Rannsóknarlögreglumenn sjá líka málin staflast upp hjá sér hraðar en þeir geta unnið úr þeim. Þetta hefur mjög neikvæð áhrif á þá og það gætir jafnvel ákveðins vonleysis hjá þeim:

Það er bara leiðinlegt og lýjandi að vera með mál á borðinu og sjá þau hrúgast upp, þú veist að þú ert ekkert að fara í þau ... og maður er bara eiginlega búinn að gefast upp á því, það verður aldrei tími til að gera þetta.

Rannsóknarlögreglumenn hafa skilning á því að þeir eigi að forgangsraða heimilisofbeldismálum en finnst erfitt að ná ekki að klára allt sem þeir eiga að vinna og á meðan sitja aðrir málaflökkar á hakanum.

Starfsfólk ákærusviðs lögreglunnar tók í sama streng:

[Mannskapurinn] er keyrður áfram í marga klukkutíma í hverju útkalli sem að verður kannski ekkert meira úr. Þeir menn sem fara í útköllin þurfa að fara í hvíld. Það bitnar á vinnu þeirra daginn eftir. Þá er mannekla á stöðvunum, svo mæta þeir aftur þreyttir til vinnu. Það er bara dæmi um það hér að menn sem

mæta í bakvaktir eru með í fanginu þegar þeir mæta aftur á mánudegi kannski sex tilvik sem að kallast heimilisofbeldi. Þeir komast ekkert í önnur mál.

Vinnsla heimilisofbeldismála hefur líka breyst mikið þannig að núna tekur hvert mál mun lengri tíma en áður og felur í sér meiri skriffinnsku. Talað var um að hvert einasta mál tæki a.m.k. fimm klukkutíma og í flóknari málum getur úrvinnsla tekið allt að sólarhring. Einnig tekur samstarf með öðrum starfsstéttum tíma sem getur lengt ferlið enn frekar. Eftir því sem starfsfólkið venst verklaginu gengur það hraðar en er engu að síður mikil vinna og fleira starfsfólk og vinnustundir væru æskilegar til að geta unnið málin eins vel og starfsfólk kysi.

Sérfræðingar lögreglu bentu einnig á að mikið vinnuálag er innan lögreglunnar og því kannski ekki skrytið að sumum finnist fara of mikil orka í þennan málaflokk þar sem ekki fylgdi neitt fé með verkefninu og lögregla hefur búið við langvarandi niðurskurð, sameiningar embætta og hagræðingu.

Ekki er einungis aukið álag á lögreglu því að fram kemur hjá flestum ef ekki öllum viðmælendum matsteymisins að vinnuálag hafi aukist á öllum vígstöðvum. Aðili frá Barnavernd tiltók ekki einungis mikla fjölgun mála, heldur væru útköll lengri. Slíkt þýddi einnig aukna notkun á bílum og símum, auk þess sem starfsfólk fengi frítökurétt og í kjölfarið ykist álag annars staðar.

Starfsmenn félagsþjónustu bæta vöktum vegna verkefnisins að miklu leyti ofan á aðra vinnu og upplifa mikið álag við að taka bæði bakvaktir og vera í fullri dagvinnu. Það sem þeir kvarta helst yfir er að erfitt sé að sinna bakvöktunum með tilheyrandi eftirvinnslu auk þess að skila fullri dagvinnu. Einnig hefur bakvaktafyrirkomulagið verið þannig að félagsráðgjafar fá ekki greitt ef útkall kemur á dagvinnutíma. Dæmi var um félagsráðgjafa sem fór í fjögur útköll á einum sólarhring en fékk bara greitt fyrir tvö. Þessi hópur kallaði eftir skýringum á launum og kjörum bakvaktarstarfsmanna, t.d. á frítökurétti og hvíldarákvæði, og nokkrir töldu að verið væri að brjóta á rétti starfsmanna.

Heimilisfriður hefur líka fundið fyrir gríðarlegri fjölgun mála í sínu starfi. Úrræðið fær fleiri tilvísanir en sérfræðingar þeirra hafa einnig tekið þátt í fræðslu fyrir þátttakendur í atakinu, bæði félagsþjónustu, barnaverndarstarfsmenn og lögreglu. Úrræði þeirra er nú fastur liður í tilvísunum Barnaverndar og því koma flestar tilvísanir nú orðið þaðan. Fyrstu sex mánuði 2015 var aukning mála hjá þeim 42% en árið á undan var líka mikið vaxtarár í starfseminni. Fyrir utan fjölgun tilvísana vegna opinberra afskipta þá smitar verkefnið út frá sér og fleiri gerendur sem ekki hafa orðið fyrir afskiptum yfirvalda vísa í umræðu um *Saman gegn ofbeldi* sem ástæðu fyrir komu. Fulltrúar Heimilisfriðar benda á að sama hafi átt sér stað á Suðurnesjum. Umræðan verður líka til þess að þolendur eru meðvitaðri um úrræðið og geta bent á það.

Viðmælendur frá Heimilisfriði benda einnig á að allir sem sinni verkefninu, þ.e. lögreglan, starfsfólk þjónustumiðstöðva og Barnavernd, vinna undir miklu álagi, verkefni séu mörg og mikill niðurskurður:

Það er hægt að hlaupa svona á hugsjóninni í einhvern tíma en það er spurning hvað er hægt að gera það lengi. Ef þetta fólk fer svo að reka sig á það sem við erum að benda á, segjum t.d. að það fari að myndast biðraðir hjá okkur, sem eru að auka brottfallið, ef það er langur biðlisti, segjum að það sé þannig að það séu í raun engin úrræði fyrir börn, o.s.frv. Þá er hætt við því að þetta verði eitt af þessum skylduverkefnum sem við verðum allavega að hafa þannig að það sé ekkert upp á fólk að kлага.

Sérfræðingur frá Kvennaathvarfi sagði frá því að starfsfólk þar hefur fundið fyrir auknu vinnuálagi vegna fjölgunar kvenna sem koma. Þó sé þetta ekki of mikið álag og streita fyrir starfsfólk athvarfsins.

Mikið vinnuálag kom sterkt fram í frásögnum starfsfólks og því mikil hætta á kulnun í starfi.

5.6 Útköll

Með breyttu verklagi koma mun fleiri aðilar á vettvang í útköll. Lögreglumenn sem koma í útkall ráðfæra sig við stöðina og mál eru flokkuð. Þá er rannsóknarlögreglu-maður kallaður út, sem og sérfræðingar frá Barnavernd og félagsþjónustu.

Félagsráðgjafar telja að samvinna í útköllum gangi almennt vel og hafi batnað eftir því sem líður á verkefnið. Þó eru nokkur íhugunarefni sem kom fram í viðræðum við þá. Til dæmis kvarta félagsráðgjafar yfir því að þeir komi yfirleitt síðast á vettvang og séu stundum utangátta þar sem enginn setur þá inn í málin og þeir eru ekki kynntir fyrir aðilum á vettvangi sem geti skapað óöryggi hjá þolendum. Hins vegar viti þeir af útköllum þar sem ekki hefur verið kallað á félagsþjónustu þó að það hefði átt að gera samkvæmt verklagi. Þá hefur einnig komið fyrir að lögregla yfirgefi vettvang á undan félagsráðgjafa og það megi ekki gerast. Í tveimur tilfellum hefur félagsráðgjafi verið kallaður út í útköll í öðrum bæjarfélögum en í Reykjavík og í fjórum tilfellum var brotavettvangur í Reykjavík en þolandi með lögheimili í öðrum sveitarfélögum.

Einn þolandi lýsti því að það væri svolítið óþægilegt að fá svona margt fólk á vettvang og að allt ferlið tæki nokkuð langan tíma. Nokkuð bar á því við upphaf verkefnisins að óþarflega margir starfsmenn kæmu á vettvang mála vegna óöryggis lögreglu-manna. Annar þolandi, kona, var orðin mjög þreytt þegar allt ferlið var búið en fannst samt skiljanlegt að það þyrftu að mæta svona margir. Einn þolandi minntist líka á að það hefði verið erfitt að fara yfir alla söguna því hún var í áfalli eftir að gerandinn braust inn til hennar þegar hún var sofandi:

Ég var bara í sjokki. Mér fannst erfitt að segja nákvæmlega hvernig þetta var, rifja upp allt, skilurðu, bara alla fimm ára söguna ... Ég hefði frekar viljað bara hittast og láta taka þetta upp bara daginn eftir eða, þú veist, ekki bara þarna um miðja nótt, fullt af fólki heima hjá mér og eitthvað.

Einn viðmælandi, kona sem rætt var við, er utan þessa hóps sem skilgreindur var sem þolendur heimilisofbeldis og vildi hún ekki skilgreina sig sem þolanda. Hún taldi sitt mál fremur falla undir ágreining innan heimilis. Tvisvar hafði verið hringt á lögreglu vegna þeirra hjóna en þau eiga tvo syni. Í fyrra skiptið voru hjónin að rífast, hann henti niður hillu og þá hringdi einhver á lögregluna. Í seinna skiptið átti eiginmaðurinn í ágreiningi við systur þolandans sem fékk að sögn viðmælanda móðursýkiskast og hringdi í kjölfarið á lögregluna. Málin voru flokkuð sem heimilisofbeldismál og taldi viðmælandi að það mættu vera fleiri stig greiningar fyrir slíkar aðstæður. Þarna hafi rifrildi farið úr böndunum, en hjónin eru í fjárhagsþrengingum, auk þess að vera undir verulega miklu álagi vegna barna. Það tók á hana að lögregla mætti á staðinn í merktum bíl og í einkennisbúningum og henni finnst sem nágrannar dæmi hana.

Það mætti alveg íhuga að mæta aðeins rólegar á staðinn. Nú búum við í blokk og börnin eru rosalega erfið, þeir eru stanslaust hlaupandi, öskrandi, lemjandi hvorn annan og grátandi og það eina sem nágrannarnir heyra eru stanslaus læti í þeim ... þau náttúrulega halda bara að það sé eitthvað mikið í gangi. Og svo ofan á það kemur lögreglan heim til okkar og þá bara, „it set the deal“. Núna erum bara þakki. Maður reynir að læðast heim til sín og burt því ef þú hittir nágranna á ganginum þá bara [líta þeir undan].

Samkvæmt viðmælanda var best að eiga við félagsþjónustu á vettvangi, starfsmenn hennar hafi sýnt samúð og skilning en Barnavernd og lögregla hafi verið mjög kulda-
leg.

Starfsfólk ákærusviðs lögreglunnar lýsir svipuðu sjónarmiði:

Ef að það gerist t.d. eitthvað einu sinni hjá svona sem maður segir ... venjulegu fólki, þú hringir í lögreglu og allt í einu ertu kominn með einhvern svakalegan pakka, það er rosalegt inngrip bara frá lögreglu. Þú bara bakkar ekki neitt. Maður hefur áhyggjur af því að einhver hluti fólks myndi bara veigra sér við því ... ég mun ekki tilkynna aftur.

Sérfræðingur frá Barnavernd taldi einnig að í byrjun verkefnisins virtist jafnvel hafa verið farið offari: „Komnir sex lögreglubílar og tólf manns inn á heimilið þar sem bræður voru að rífast.“ Oft væri erfitt að greina hvað er í raun heimilisofbeldi og hvað ágreiningur. Félagsráðgjafar tóku í sama streng og vildu sumir meina að stundum væru þeir kallaðar út í aðstæður þar sem framlag þeirra væri óþarft, en að verklagsreglurnar væru strangar. Þeir töldu jafnframt að það væri á stundum óljóst hvað teldist ágreiningur og hvað heimilisofbeldi og það væri vissulega erfitt fyrir lögregluna að leggja mat á slíkt. Þá töldu þeir einnig vera dæmi þess að teymið hefði ekki verið kallað út fyrir tilvik þar sem greinilega var um heimilisofbeldi að ræða.

Viðmælendur voru þó sammála um að verklag varðandi útköll hafi slípast til síðan verkefnið hófst, enda tekur tíma fyrir starfsfólk að læra að meta aðstæður og venjast nýjum verkháttum.

Félagsráðgjafarnir lýstu almennt ánægju með samstarf við aðila á vettvangi og kom fram að gaman væri að sjá hvað lögregla sé lagin við störf þar. Það hafi komið ánægjulega á óvart hvað hún kemur fram við alla af mikilli virðingu og standi sig vel.

6 Sérstakar aðgerðir

Í þessum kafla verður rætt um sérstakar aðgerðir sem fylgja átaksverkefninu: Eftirfylgniheimsókn, nálgunarbann og brottvísun af heimili, gátlisti og fræðsla. Farið verður yfir hvern af þessum þáttum og sjónarmið frá ýmsum aðilum skoðuð. Þó ber að nefna að úrræðið nálgunarbann og brottvísun af heimili var til staðar áður en lögð var sérstök áhersla á útbreiddari notkun þess í þessu verkefni.

6.1 Eftirfylgniheimsókn

Samkvæmt verklagi eiga rannsóknarlögreglumaður og fulltrúi félagsþjónustu að fara í heimsókn á heimilið eftir að útkall hefur átt sér stað. Einn þolandi greindi frá því að rannsóknarlögregla hefði hringt til að athuga hvernig honum liði, nokkrum dögum seinna. Í öðru tilfelli var rannsóknarlögreglumaður í sambandi við þolanda til að láta vita hvenær geranda yrði sleppt úr haldi, sem þolandinn kunni vel að meta. Af þeim fimmtán þolendum sem talað var við, höfðu þó aðeins tveir fengið eftirfylgniheimsókn. Í öðru tilvikinu var komið í heimsókn 3-4 vikum eftir útkallið og var þolandinn mjög sáttur við að fá þessa heimsókn, aðallega vegna þess að gerandinn hafði haft tíma til að hugsa sinn gang og virtist meira tilbúinn að ræða málin en þegar útkallið átti sér stað:

Fyrst þá útilokaði hún það að ræða eitt né neitt um þetta eða við neinn. En þarna þá allavega opnaði hún, virtist hún vilja opna sig og hún, við höfum svona aðeins talað um þetta ... hún er aðeins að þæla í þessu og fær svo einhvern til að tala við sig.

Þolandinn tók fram að í þeirra tilviki hefðu útkallið og eftirfylgniheimsóknin haft þær afleiðingar að þau geta talað betur um sambandið og vonandi komið í veg fyrir ofbeldi í framtíðinni. Þolandanum fannst slík heimsókn ekki vera innrás í einkalíf sitt.

Hinn þolandinn sem fékk eftirfylgniheimsókn var líka ánægður með hana en gerandinn var þá ekki á heimilinu lengur. Henni fannst gott að tala við félagsráðgjafa og lögreglumann og sagði að þeir hefðu verið kurteisir og góðir. Í kjölfar heimsóknarinnar fékk þolandinn alls konar aðstoð sem var alveg nauðsynleg frá félagsþjónustu og var mjög ánægður með það:

Það er mjög þægilegt að ég hafi verið strax sett inn í þetta í staðinn fyrir að ég hafi þurft að leita til þeirra. Skilurðu? Þú veist, þau voru búin að heyra allt og í staðinn fyrir að ég þurfti að byrja upp á nýtt, bara ég var að gera þetta og mig vantar einhverja aðstoð, þú veist, skilurðu, þá vita þau þínu hvað er í gangi ... Í staðinn fyrir að ég þurfi í ömurlegum aðstæðum, bara stoltið mitt, bara eins og með þetta, að leita til féló.

Aðrir þolendur voru spurðir hvort þeir myndu vilja fá slíka heimsókn og allir nema tveir sögðust hefðu viljað fá heimsókn, eða a.m.k. símtal til að athuga hvort allt væri í lagi á heimilinu. Einn þeirra tók sérstaklega fram að það væri enn ekki orðið of seint að fylgja þessu eftir, því „þetta skiptir allt máli.“ Þolendur virðast því vera jákvæðir gagnvart eftirfylgniheimsóknum (og símtölum) en því miður hefur það ekki átt sér stað í öllum málum.

Ástæða þess að ekki hefur verið farið í eftirfylgniheimsókn í öllum málum, eins og lagt var upp með í verkefninu, er að það hefur oft reynst of flókið í framkvæmd. Félagsráðgjafar í rýnihópum ræddu um að erfitt væri að ná tali af málsaðilum til að koma í eftirfylgniheimsóknir og jafnframt væri tímafrekt að fylgja þeim eftir. Viðhorf lög- reglumannanna til eftirfylgniheimsóknarinnar voru einnig nokkuð blendin. Flestum fannst þetta ágætis hugmynd en mjög erfitt í framkvæmd. Í fyrsta lagi getur verið mjög erfitt að hitta á fólk. Rannsóknarlögreglumenn vinna á dagvinnutíma þegar fólk er almennt í vinnu og heimsóknin á að vera óboðuð. Við bætist að samræma þarf aðgerðir með félagsráðgjafa sem á að koma með í heimsóknina. Það eykur enn á flækjustigið þegar þarf að taka tülk með og svo er kannski enginn heima þegar búið er að ná þessum hóp saman. Enn fremur vilja sumir ekki láta ná í sig, til dæmis vegna neyslu. Þá ber einnig á því að lögreglumönnum finnist ekki alltaf nauðsynlegt að fara í eftirfylgniheimsókn, til dæmis ef þolandi og gerandi eru ekki í sambandi lengur.

Sumum lögreglumönnum fannst að eftirfylgniheimsókn væri ekkert endilega lög- reglumál og starfsfólk þjónustumiðstöðva gæti jafnvel farið eitt á vettvang. Á móti kom það viðhorf fram hjá félagsráðgjöfum að þeir teldu að það væri öryggisatriði að hafa lögreglu með í eftirfylgniheimsóknum.

Verklagi við eftirfylgniheimsóknir var breytt í október 2015 og er boðun nú á ábyrgð félagsráðgjafa.

6.2 Nálgunarbann og brottvísun af heimili


Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili voru sett árið 2011. Nálgunarbann felur í sér að einstaklingi er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við tiltekna manneskju og við brottvísun af heimili er einstaklingi vísað brott af heimili sínu eða dvalarstað og viðkomandi bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Úrræðinu er beitt ef rök- studdur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotþola, eða ef hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotþola.

Samkvæmt lögnum geta brotþoli, fjölskylda hans eða annar honum nákominn, lögráðamaður brotþola ásamt starfsmönnum félagsþjónustu og/eða barnaverndarnefndar óskað eftir nálgunarbanni eða brottvísun af heimili. Þá hafa lögreglustjórar einnig heimild til að hafa frumkvæði að í slíkum málum og taka lögreglustjórar eða löglærðir fulltrúar þeirra ákvarðarnir um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili. Lögreglustjóri leggur nálgunarbann á en þarf svo að fá það staðfest frá Héraðsdómi.

Hér verður fjallað um fjölda útgefinna nálgunarbanna sem komu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur árið 2014 og fyrri hluta árs 2015 (janúar til júní). Þessa þróun má sjá á Mynd 6-1 eftir ársfjórðungum. Fjöldi nálgunarbanna jókst umtalsvert á árinu 2015 frá 2014, en fimm nálgunarbönn voru sett á fyrri hluta ársins 2014 en alls 17 á fyrri hluta ársins 2015. Þess ber þó að geta að Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur falla, auk Reykjavíkur, innan umdæmis Héraðsdóms Reykjavíkur. Heildarfjöldi nálgunarbanna á árinu 2014 voru 14 og var því heildarfjöldi ársins 2015 í lok júní þegar kominn yfir heildarfjölda ársins 2014.

Í þessu samhengi er einnig áhugavert er að skoða niðurfellingar nálgunarbanna, en tvö nálgunarbönn voru felld úr gildi á árinu 2014, en fjögur á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Hlutfall staðfestinga fyrir dómi lækkaði því eilítið milli ára, úr 86% árið 2014 í 76% árið 2015.

Tölur sem birtar eru hér um nálgunarbönn komu frá Héraðsdómi Reykjavíkur. Reynt var að fá upplýsingar um nálgunarbönn frá LRH en miðlægri skráningu um nálgunarbönn þar er ábótavant og þarf að bæta. Vinnulagi hefur verið breytt frá því sem áður var og kemur aðvörun strax upp hjá lögreglu ef aðili sætir nálgunarbanni, sem er mjög hjálplegt við að tryggja að rétt viðbrögð.



MYND 6-1 FJÖLDI NÁLGUNARBANNA FYRIR HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR EFTIR ÁRSFJÓRÐUNGUM 2014-2015

Ábendingar sem settar eru fram í erlendum rannsóknum og úttektum á nýtingu nálgunarbanna í heimilisofbeldismálum geta verið hjálplegar fyrir íslenskt samhengi,³ en nokkuð skiptar skoðanir eru um beitingu nálgunarbanns á Íslandi og verður hér fjallað um sjónarmið ólíkra hópa.

6.2.1 Nálgunarbann – sjónarhóll þolenda

Einn þolandi var mjög ánægður með að rannsóknarlögreglumaður og félagsráðgjafi útskýrðu fyrir gerandanum, sem var sonur hans, að brottvísun af heimili og nálgunarbanni yrði beitt ef ofbeldið héldi áfram:

Hann veit það að ef hann beitir heimilisofbeldi aftur, ef hann ræðst á mig eða mömmu sína, að þá eru bara lög, hann fær ekkert að koma inn á þetta heimili hvort sem hann er edrú eða ekki.

Polandinn var mjög ánægður með þetta nýja verklag því það brýnir fyrir geranda að slík hegðun sé ekki liðin. Í þeirra tilfalli er nálgunarbann einmitt gott mögulegt úrræði til að fá gerandann til að hætta að beita ofbeldi og eins þarf þolandi ekki að bera ábyrgð á að henda geranda út af heimilinu ef ofbeldi á sér stað.

„Nálgunarbann ... þetta er engin lífsskerðing. Að þú megir ekki vappa í kringum einhverja eina manneskju sem vill ekki hafa þig ... Af hverju á hann að hafa þau líf skjör að geta bankað á húsið hjá mér þegar honum dettur í hug? Af hverju?“

Polandi lýsir afstöðu sinni til nálgunarbanns

Einn þolendanna, sem var kona, kvartaði yfir því að lögreglan hefði ekki hlustað á sig og ekki stutt það að nálgunarbann væri sett á geranda af því að gróft ofbeldi hafði ekki enn átt sér stað:

Ég man ég sagði við lögguna sko, fyrst þegar að löggan kom og hann búinn að hóta að berja mig, ég sagði bara, „ég vildi að hann hefði barið mig í klessu þannig að það væri hægt að gera eitthvað í þessum málum“ ... af því ég bjóst líka við því af honum. Það var alveg ástæða fyrir því að ég hringdi í lögregluna

³ Sjá t.d. áhugaverðar ábendingar hér:

https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/260897/horr76.pdf.

Þegar hann var að hóta að berja mig. Sjáðu bara hvað gerðist tveim vikum seinna, hann barði mig, þannig að ég var ekki eitthvað sækó.

Tveir polendur voru sérstaklega óánægðir með nálgunarbandsferlið, þar sem þeim var sagt á vettvangi að þeir gætu fengið nálgunarband en seinna var dregið í land með það. Þetta mál sýnir hversu mikilvægt er að allt starfsfólk vinni málin á sama hátt til að vekja ekki upp vonir um úrræði sem ekki er hægt að standa við. Annar polandinn hafði þá upplifað margra mánaða ofsóknir og hótanir og sárnaði þetta:

Mér finnst bara ömurlegt að hugsa til þess að það geti einhver svipt þig algjörlega hugarrónni heima hjá þér og ef hann er nógu klár þá bara má hann það.

Þessi polandi vildi fá nálgunarband til að auka sitt öryggi en einnig til að aðrir tækju mark á henni og skildu að ástandið væri alvarlegt:

Ég batt rosa vonir, mér fannst það líka svolítið „statement“, þú veist, núna er komið nálgunarband og það sem hefði kannski líka gerst í kjölfarið á því er að nærumhverfið hefði orðið meiri þátttakandi í því, eins og til dæmis fjölskyldan hans ... það hefði getað munað mig heilmiklu að hringja í þau þegar hann byrjar svo aftur og geta sagt: „Ég er með nálgunarband, viljið þið tala við hann?“

Polandinn upplifði það sem mikla höfnun að hún fékk ekki nálgunarband:

Ég upplifði stundum eins og kerfið væri að segja: Þetta er nú ekkert svo slæmt, þetta er allavega ekki nógu slæmt til að við þurfum að passa upp á þig.

Polandi, kona, bað upprunalega um nálgunarband en dró svo í land. Þá var gerandinn búinn að setja mikla pressu á hana svo að hún þorði ekki öðru en að draga beiðnina til baka. Hún óttaðist frekara ofbeldi af hans hálfu og að gerandinn myndi alltaf nota það gegn henni í framtíðinni ef hún héldi kröfunni til streitu. Þetta sýnir að dæmi eru um að gerendur reyni að hafa áhrif á polandann þegar nálgunarband er annars vegar og undirstrikar mikilvægi þess að skilningur sé til staðar á veikri stöðu polenda í heimilisofbeldismálum og ástæður þess að draga beiðnir um nálgunarband til baka. Þannig geti í sumum tilvikum verið nauðsynlegt að ganga gegn vilja polandans til að tryggja öryggi hans.

6.2.2 Nálgunarband – sjónarhóll annarra

Nokkuð skiptar skoðanir voru meðal lögreglumanna um nálgunarband og brottvísun af heimili. Sumir sögðu að þegar þeir hafi beðið um nálgunarband hafi það farið í gegn hjá ákærusviði og Héraðsdómi en aðrir að öll þeirra mál hefðu stöðvast á öðrum hvorum staðnum. Sönnunarbyrði fyrir dómstólum er nokkuð þung og dómstólar virðast telja úrræðið mjög íþyngjandi fyrir gerandur, eins og kom einnig fram hjá starfsfólki ákærusviðs LHR. Lögreglumenn voru yfirleitt á öðru máli. Þrátt fyrir að lagaheimildir til að beita nálgunarbandi hafi verið til staðar áður en átaksverkefnið

fór af stað var því fremur sjaldan beitt. Lögreglumenn líta aukna beitingu nálgunar-banns jákvæðum augum en hins vegar minnst margir á að þolendur hafi „brotið gegn“ nálgunarbanni með því að hafa samband við geranda.

Slík túlkun virðist byggja á þeim skilningi að nálgunarbann leggi einnig kvaðir á brota-þola. Mikilvægt er því að áréttta að það er sakborningur/gerandi sem sætir nálgunar-banni en ekki brotapolí, bannið virkar ekki í báðar áttir, það nær eingöngu yfir geranda. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að hafa í huga, við meðferð mála er varða ofbeldi í nánnum samböndum, að þau byggist iðulega á valdamismun aðila og að gerandi hefur oft en ekki yfirburðastöðu gagnvart þolanda.

Starfsfólk ákærsviðs LHR þekkti einnig nokkur dæmi þess að þolendur „brytu gegn“ nálgunarbanni og að það drægi vissulega úr vægi bannsins. Þolendur og gerendur mættu til dæmis saman í dómssal eða að þolandi hefði reglulega samband við geranda í gegnum síma. Þá lagði starfsfólkið áherslu á að mikilvægt væri einnig að gæta hagsmuna meintra gerenda þegar nálgunarbönn kæmu til skoðunar.

Við verðum líka að hafa í huga að brottvísun og nálgunarbann hefur ekki bara í för með sér að þú víkur einhverjum í brott frá maka sínum, þetta getur haft mjög mikil áhrif á feður eða mæður í forræðismálum, í umgengismálum sem að aldrei hefur verið neitt vesen á milli. Þannig að ef að þú ert með vafamál þá getum við ekki sett okkur í þá dómastöðu að ... það þarf einhvern veginn að horfa á þetta allt.

Viðmælendur frá Heimilisfriði telja að nálgunarbann sé úrræði sem er að sýna sig og sanna. Jafnvel hafi þó verið of „sjálfvirk“ notkun á því í byrjun verkefnisins og í tveimur tilfellum, sem þeir vita um, töldu þolendur að tekið væri fram fyrir hendurnar á þeim. Aðili frá Barnavernd Reykjavíkur taldi að nálgunarbann væri ágætt í stuttan tíma en ekki ætti að líta á bannið sem langtímalausn:

Það er til bóta á meðan því stendur en við sjáum, eins og svo margir aðrir, að það vill oft falla til baka. Við sjáum alveg hversu óvarðar konur eru og ef það er einbeittur brotavilji þá virðist ekkert annað kom til greina en landflótti eða ný kennitala.

Þó lagði viðkomandi áherslu á að sumum þolendum nægði sá tími og svigrúm sem nálgunarbann veitir til að koma sér af stað í því ferli að bæta stöðu sína. Það viðhorf kom fram hjá félagsráðgjöfum að sú staðreynd að þolandinn hefði vald til að ákveða hvort gerandi væri tekinn af heimilinu væri mjög tvíbent þar sem ógnun og kúgun væri til staðar. Þolandi væri oft ekki í stöðu til að taka slíka ákvörðun og að utanaðkomandi aðili þyrfti því að leggja mat á stöðuna og taka ákvörðunina fyrir hönd þolanda. Einn félagsráðgjafinn sagði frá: „Ég hef sjálf heyrt þolanda segja: „Það þyrfti að svipta mig sjálfræðinu í tvo sólarhringa.“

Sérfræðingur frá Kvænnaathvarfinu sagðist ekki hafa orðið mikið var við nálgunar-bönn hjá þolendum sem koma til þeirra. Þó tók viðkomandi fram að ef brottvísun af heimili og nálgunarbann eru að virka þá séu það þolendur sem koma ekki til þeirra. Starfsfólk athvarfsins þekkir samt almenna umræðu um nálgunarbönn og finnst erfitt

að skilja af hverju þetta úrræði er ekki oftár nýtt og af hverju sé svona erfitt að fá nálgunarbann: „Mér finnst að nálgunarbann ætti að vera miklu sjálfsagðari hlutur þegar upp kemst um ofbeldi gagnvart sínum nánustu.“

6.3 Gátlisti

Samkvæmt verklaginu eiga rannsóknarlögreglumenn að fylla út gátlista þegar um heimilisofbeldi er að ræða.^{4,5} Lögreglumenn segjast vinna listann en eru ekki fyllilega sáttir við hann. Til dæmis á að haka við ákveðin atriði og telja þau, en engin viðmið eru til um hvernig eigi að túlka niðurstöðuna. Sumum finnst listinn of langur og sum atriðin á honum ruglingsleg og ekki passa vel við aðstæður hér á landi. Sú hugmynd var því sett fram að lögreglan myndi jafnvel endurhanna listann og nota styttri lista í stað þess sem notaður er í dag. Sumum lögreglumönnum finnst líka eins og niðurstöður listans séu ekki notaðar í dag, telja listann vera ónauðsynlegt tól sem eykur þeirra vinnu. Þeir benda hins vegar á að það geti verið gagnlegt að hafa listann til hliðsjónar við skýrslutöku til að tryggja að engar mikilvægar spurningar gleymist. Starfsmaður á ákærusviði nefndi jafnframt að gátlistinn nýttist ekki í störfum sviðsins:

Áhættumat um hvort að maður sé líklegur til að gera hluti aftur eða eitthvað slíkt. Við vinnum bara með það sem við erum með í höndunum núna, ekki hvað hann [gerandi] er líklegur að gera á morgun eða hinn. Kannski er það gott fyrir félagsráðgjafana og fyrir lögreglumenn á vettvangi að vita söguna. En þetta hjálpar ekki saksókninni.

Annað starfsfólk ákærusviðs tók þó fram að gátlisti geti nýst við ákvörðun um nálgunarbann. Í þessu samhengi má hafa í huga að listinn er byggður á sambærilegum, viðurkenndum verkfærum sem nýtt eru erlendis, sem góð reynsla er komin á, og enn fremur þarf að taka tillit til þess að nú er verið að þróa og innleiða áhættumat innan LRH sem miðar að því að bæta ferlið og m.a. meta skilvirkni gátlistans.

6.4 Fræðsla

Lögreglumenn settu fram þá gagnrýni að lítil fræðsla hefði verið í boði fyrir hópinn. Við upphaf verkefnis voru nokkrir fræðslufundir haldnir og voru allir boðaðir á þá en ekki mættu þó allir. Það hefði verið gagnlegra að hafa meiri fræðslu og þá sérstaklega að útskýra verklag og hvernig breytingarnar hefðu áhrif á úrvinnslu mála hjá ólíkum hópum. Einnig var minnst á að gagnlegt hefði verið ef stjórnendur verkefnisins hefðu

⁴ Notast er við margs konar áhættumat erlendis, en hér má finna gott yfirlit frá 2013 yfir ólíkar tegundir áhættumats sem notast er við í Kanada: http://www.justice.gc.ca/eng/rp-pr/cj-jp/fv-vf/rr09_7/rr09_7.pdf.

⁵ Matið er byggt á erlendu fordæmi, svokölluðu B-SAFER. Hér má finna mat á áhættumatinu frá 2004: http://www.justice.gc.ca/eng/rp-pr/fl-lf/famil/rr05_fv1-rr05_vf1/rr05_fv1.pdf.

farið út á stöðvarnar til að kynna verkefnið og svara spurningum. Brugðist var við þessu með fundum með varðstjórum, rannsökurum og löglærðum fulltrúum um verklagið, þar sem ýmis atriði voru skýrð, haustið 2015 og var þeirri yfirferð lokið fyrir áramót. Örfáir mættu á sameiginlegan fund með félagsþjónustu og og á námskeið í áfallahjálp og almennt má segja að að lítil mæting sé á þá fræðslu sem stendur lög-reglumönnum og starfsmönnum ákærusviðs til boða og kann það m.a. að stafa af vinnuálagi.

Vorið 2015 voru námskeið og fræðsla í boði fyrir starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þau voru opin öllum starfsmönnum en skylda fyrir þá ráðgjafa sem sinna bakvöktum í átakinu *Saman gegn ofbeldi*. Boðið var upp á námskeið um skimun fyrir ofbeldi í nánnum samböndum sem 80 manns sóttu. Þar var veitt innsýn í aðferðir sem þykja líklegar vænlegar að beita til að hjálpa þolendum ofbeldis í nánnum samböndum að segja frá reynslu sinni, hvernig bregðast skuli við þegar skjólstæðingur segir frá slíkri reynslu og þau úrræði sem standa þolendum ofbeldis til boða. 60-70 manns sóttu einnig námskeið um *Saman gegn ofbeldi* þar sem fjallað var um hugmyndafræði verkefnisins og markmið, starfshætti og fyrri reynslu. Starfsfólk minntist sérstaklega á að innlegg frá Heimilisfriði hefði verið gagnlegt á námskeiðinu. Þá var boðið upp á námskeið um rannsókn á ofbeldi gegn konum þar sem kastljósinu var beint að barngervingu kvenna í menningu Vesturlanda og sóttu 51 námskeiðið.

Ráðgjöfum og lögreglumönnum var einnig bent á morgunferðarfund *Náum áttum* um heimilisofbeldi í febrúar og málþingið *Heimilisofbeldi – veruleikinn á Íslandi* á vegum lagadeildar Háskólans í Reykjavík í maí, en ekki var gerð krafa um mætinga-skyldu. Starfsfólki Barnaverndar Reykjavíkur, þeim sem sinna bakvöktum á þjónustumiðstöðvunum og lögreglu var jafnframt boðið á myndina *Svínastían* en um 50 starfsmenn mættu til að sjá kvikmyndina.

Félagsráðgjafar voru ánægðir með þá fræðslu sem þeir hafa fengið til þessa, en vildu gjarnan fá samráðs- og umræðuvettvang með öðru starfsfólki Barnaverndar og lögreglu til að fá innsýn inn í þeirra hlutverk, aðferðir og úrræði. Þá kom fram ósk um meira samstarf á milli þjónustumiðstöðva og að jafningjafræðsla og opnar umræður væri kjörin leið til að bæta enn samstarf þessara hópa og styðja við verkefnið. Við þessu var brugðist og voru haldnir fundir þar sem öllum þátttakendum var boðið og einnig hefur verið boðað til funda sem byggja á jafningjafræðslu á milli þjónustumiðstöðva.

Þá var því sýndur áhugi að fá námskeið í viðtalstækni. Sú hugmynd kom líka fram að lögregla fengi betri kynningu á starfi þjónustumiðstöðvanna og hins vegar að félagsráðgjafar fengju námskeið hjá Öldu Hrönn Jóhannsdóttur, aðstoðaryfirlögrelustjóra hjá LHR, í lögreglunni og námskeið um lögfræðilega hlið heimilisofbeldismála. Búið er að bregðast við þeirri ósk og hélt Alda námskeið um nálgunarbönn fyrir félagsráðgjafa og einnig hefur verið haldið námskeið í áfallahjálp sem kallað var eftir í áfangamati.

Sálfræðingar Barnaverndar sakna í sínum störfum sérhæfðrar fræðslu og telja að jafnframt væri gott að njóta stuðning erlendis frá, t.d. með tengingu við ákveðið kerfi, hugmyndafræði eða líkan sem hægt væri að byggja á. Eitt slíkt kerfi, frá Svíþjóð, nefnist Trappan en það byggir á því að hitta barnið mun oftast en tíðkast hjá Barnavernd, í 10-12 skipti. Þaðan væri hægt að fá efni, fyrirmyndir, stuðning og ráðgjöf ásamt handleiðslu. Jafnframt væri heppilegt að vera meðlimur í einhvers konar faglegu tengslaneti barnaverndar, t.d. á Norðurlöndum. Starfsfólk telur ákveðinn hóp barna þurfi á mjög miklum stuðningi að halda en hann er ekki er fyrir hendi í dag.

Þessar sérstöku aðgerðir sem fylgja verkefninu *Saman gegn ofbeldi* voru því eftirfylgniheimsókn, nálgunarbann og brottvísun af heimili, gátlisti og fræðsla fyrir starfsfólk. Allar aðgerðirnar eru mikilvægar en eru að einhverju leyti ennþá í mótun svo að þær verði sem allra bestar. Þannig er til dæmis ennþá verið að vinna að því að bæta eftirfylgniheimsókn og gátlistann svo þau séu gagnleg bæði fyrir þolendur og lögregluna. Þetta er eðlilegur þáttur flókinna samvinnuverkefna og mun taka einhvern tíma að fínþússa. Fræðsla og samráð við starfsfólk eru líka nauðsynlegir þættir verkefnisins sem þarf að tryggja að haldið sé áfram með.

7 Áhættuhópar og-þættir í heimilisofbeldismálum

Ákveðnir hópar í samfélaginu eru í aukinni hættu á að verða fyrir heimilisofbeldi og hafa einnig minni aðgang að réttarkerfinu (sjá meira um þetta t.d. í Leicester City Council, 2009). Því gæti verið ráðlegt að móta sértæka þjónustu til að mæta þörfum þessara hópa. Jafnframt þarf að vinna að vitundarvakningu meðal þolenda og aðstandenda þeirra. Í verkefninu *Saman gegn ofbeldi* er sjónum beint sérstaklega að þremur hópum; börnum, fólki af erlendum uppruna og fötluðu fólki. Í þessum kafla verður rætt um þessa hópa, auk þess sem stuttlega verður farið yfir hlutverk fíknar og geðrænna vandamála í þessu samhengi sem og kynjað kerfi.

7.1 Börn og ofbeldi innan heimila

Samkvæmt gögnum lögreglu voru börn á meirihluta þeirra heimila þar sem heimilisofbeldismál komu upp, eða á 245 heimilum af 391, í tæplega 63% tilvika. Á öllum heimilum þolenda sem talað var við, nema tveimur, voru börn. Einn kvenkyns þolandi hafði lifað við ofbeldi móður sinnar frá fimm ára aldri eða allt þar til hún varð lögráða og flutti að heiman. Annar kvenkyns þolandi lýsti því að gerandinn hefði ráðist á dóttur hennar og lamið hana þangað til hún steig á milli og var lamin í staðinn. Sjö þolendur sögðu frá því að börn þeirra hefðu orðið vitni að einhverju ofbeldi. Áhrif ofbeldisins voru ólík: Einn þolandi sagði að elsta dóttir hans, sjö ára, hefði orðið vitni að ofbeldi í eitt skipti og þau hafi rætt málin en ekki þótt ástæða til að sækja sér neina sérstaka faglega aðstoð. Hinsvegar sagði annar þolandi frá því að börnin tali reglulega um ofbeldið sem þau urðu vitni að og þau hafi greinilega orðið fyrir töluverðum áhrifum vegna þessa. Annar lýsti því hvaða áhrif ofbeldið hafði:

Við reyndum eins lítið og við gátum að rifast í kringum þau en það gerðist bara stundum. Þannig að þeim var byrjað að líða mjög illa. Strákurinn minn var orðinn mjög, og er reyndar ennþá, hann hefur alltaf verið mjög skapstór. En ég vil alveg viðurkenna að ég held að ... hvernig við vorum í kringum hann hafi alveg haft áhrif. Maður sá bara að reiðin, hann lærði þetta frá okkur. En eftir allt þetta [sambandslitin] þá líður honum miklu betur.

Foreldrar töldu að leggja þyrfti meira í mál þar sem börn eru til staðar. Einn þolandi hafði reynt að fá sálfræðiaðstoð fyrir son án árangurs. Sumir þolendur vildu einnig að gerendurnir væru í sambandi við sameiginleg börn þeirra, sem þeir gera stundum, en er ekki alltaf treystandi til að passa þau vel eða vera með þau í langan tíma. Loks kom einnig fram hjá tveimur þolendum að gerendurnir hafa verið að segja ljóta eða óviðeigandi hluti um þolandann við börn þeirra. Börn verða því oft fyrir ofbeldi eða orðið vitni að því inni á heimilum og það hefur áhrif á þau.

Margir lögreglumenn minntust á áhrif verkefnisins á börn. Þeir töldu að börnum væri sinnt betur en áður, alltaf væri rætt við þau og þeim boðin aðstoð og bjargir. Börn geta upplifað mikið hjálparleysi við það að horfa upp á foreldra sína í ofbeldis- aðstæðum og einnig eiga foreldrar mögulega við önnur vandamál að etja, eins og fíkn. Einnig var rætt um að áhrif ofbeldisins á börn séu oft vanmetin:

Það eru svo margir sem segja: „En þau voru sofandi.“ En það er málið, þau eru ekkert alltaf endilega sofandi. Þau vita meira en við höldum og foreldrarnir vilja halda.

Lögreglumenn lögðu einnig áherslu á forvarnargildi verkefnisins, að inngrip geti bætt heimilisástandið og jafnvel komið í veg fyrir að börnin sjálf lendi á rangri braut síðar meir. Lögreglumönnum getur líka þótt erfitt að horfa upp á aðstæður sem eru ekki góðar fyrir börn, sérstaklega þegar ekki er gripið inn í og þeir koma ítrekað á sömu heimilin.

Starfsmenn Barnaverndar telja einn mesta ávinning verkefnisins að öll börn sem verða vitni að ofbeldi fá sálfræðiaðstoð, áfallahjálp, í kjölfarið eða innan 48 stunda. Það er mjög mikilvægt að hún komi strax. Þó komu fram þau viðhorf hjá starfsfólki Barnaverndar að með tilkomu verkefnisins hefði ábyrgð á málum færst að einhverju leyti frá Barnavernd til lögreglunnar.

Einnig kom fram að það geti verið erfitt fyrir börnin að bíða á meðan rannsakandi klárar sína vinnu og betur færi á því að hægt væri að byrja strax að finna lausnir fyrir þau. Börnin eru líka oft að hlusta á hluti sem þau ættu ekki að heyra. Þannig mætti íhuga hvort lögregla og barnaverndarstarfsmenn ættu að vera í meira samráði og samstarfi til að reyna að skilgreina betur hlutverk sitt og bæta þjónustuna eins mikið og hægt er.

Samstarf lögreglu við barnaverndarstarfsmenn hefur verið gott en litið er á þann hóp starfsfólks sem sérfræðinga í málum sem varða börn og lögreglumenn telja að þeim þurfi að treysta til að taka rétta ákvörðun í málum er varða börn. Verkefnið hefur breytt viðbrögðum Barnaverndar mikið í augum lögreglunnar, sem telur að starfsmenn hafi áður verið tregir til að mæta nema lögreglan krefðist þess, en núna mæta þeir alltaf þegar börn eru á heimilinu. Það viðhorf kom fram bæði hjá félagsráðgjöfum Reykjavíkurborgar og lögreglumönnum að dýrmætt væri að hafa starfsfólk Barnaverndar á vettvangi þar sem nauðsynlegt væri að hafa sérfræðinga til að ræða við börn og veita þeim viðeigandi stuðning.

„Ofbeldi á heimili, hvort sem það er andlegt eða líkamlegt, ég held að það hafi miklu meiri áhrif á börn heldur en við gerum okkur grein fyrir“

Lögreglumaður um áhrif ofbeldis á börn

Samkvæmt viðmælendum frá Barnavernd Reykjavíkur hefur verkefnið í sjálfu sér ekki breytt verklagi starfsfólks mikið enda hefur stofnunin margra ára reynslu af sjónarhorni barnsins í þessum aðstæðum. Almennt lýsa starfsmennirnir ánægju með verkefnið. Það hefur aukið vinnuálag en fyrir fólk sem verður fyrir heimilisofbeldi í Reykjavík telja starfsmenn Barnaverndar að verkefnið sé til mikilla bóta. Verkferlar eru skýrari en þó setja þeir spurningarmerki við það að öll útköll flokkist sem heimilisofbeldi og þau telja að veita mætti lögreglu meira vald til að flokka eðli mála á staðnum áður en allir eru kallaðir út.

Stundum upplifir fólk þetta sem mjög íþyngjandi að þarna birtist fjöldi manns inni á heimilinu þeirra og oft segir fólk næst mun ég aldrei hringja. Jafnvel systkini sem hafa verið eitthvað að karpa og lent í, eitthvað farið úr böndunum, flokkast sem heimilisofbeldi.

Þá er einnig eitthvað um útköll sem ekki eru í verkahring Barnaverndar eins og t.d. slagsmál feðga þar sem sonurinn var þrítugur, ófrísk kona eða barn með lögheimili utan Reykjavíkur. Gott væri því ef ítarlegri upplýsingar fengjust áður en farið er af stað og athugað sé hvort börn eru á staðnum og hvar þau eiga lögheimili. Starfsfólk Barnaverndar lagði til að nýta mætti hálfgerðan tékklista sem farið væri yfir með nöfnum, aldri, lögheimili, þolanda, og geranda til að koma í veg fyrir að barnaverndarstarfsmenn mæti á vettvang þar sem þeir eiga ekki erindi.

Tilraunaverkefni Barnaverndarstofu, *Hópmeðferð fyrir börn sem búið hafa við ofbeldi á heimili*, sem hófst 2011, fól í sér nýtt verklag þar sem einn starfsmaður á vegum Barnaverndarstofu fór í öll útköll og talaði við börnin þegar upp komu ofbeldismál til að fylgja þeim eftir með þjónustu og sálfræðilegri aðhlyningu fyrir börn. Einnig fór Barnavernd stundum í mál þar sem grípa þurfti til aðgerða/úrræða. Verkefnið leið undir lok en starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkurborgar er þó vant að ganga bakvaktir með lögreglumönnum og hefur gert það um áratuga skeið.

Barnavernd fékk gagnrýni fyrir nokkrum árum fyrir lélega þjónustu við börn sem urðu fyrir heimilisofbeldi. Samkvæmt starfsmanni Barnaverndar Reykjavíkur kallaði lögreglan áður fyrr eftir aðstoð Barnaverndar í 2-3% útkalla, en yfirleitt fékk Barnavernd tilkynningu tíu dögum eftir að útkall átti sér stað. Í dag sé staðan önnur og starfsfólkið fer væntanlega með í yfir 90% útkalla. Vegna verkefnisins hafi hlutverk Barnaverndar

Reykjavíkur orðið skýrara og skilgreindara. Sálfræðingar stofnunarinnar sjá ýmis sóknarfæri til að auka þjónustuna og vildu gjarnan hafa tækifæri til að vinna bæði betur og dýpra og hafa fleiri úrræði í boði fyrir börn. Í dag hitta sálfræðingar börn og jafnvel foreldra í nokkur skipti. Starfsfólkið er enn að læra af verkefninu en ýmis sjónarmið eru uppi varðandi hvernig eigi að standa að stuðningi gagnvart börnum.

Sálfræðingar Barnaverndar benda á að samfella sé mjög mikilvæg í þjónustu við börn. Það væri gott ef sá aðili sem kemur á vettvang myndi sjá um viðtöl og eftirfylgd. Bakvaktarstarfmaður fer hins vegar á staðinn samkvæmt núverandi fyrirkomulagi en barnið hittir hann ekkert aftur. Að þessu leyti væri heppilegt ef sálfræðingar gætu verið á bakvakt.

„Það er heilmikið sem má gera betur en það er frábært að við skulum vera lögð af stað og það er verið að vinna í þessu“

Starfsmaður Barnaverndar

En kannski megnið af þessum börnum þurfa ekki endilega rosalega sálfræðimeðferð, þetta er einstaka atvik sem ekki er hægt að vinna svo mikið með. Og við björgum ekki heiminum og aðalatriðið er náttúrulega að ofbeldið hætti en ekki að börnin fái meðferð. En sum börn búa virkilega við ömurlegar aðstæður og það væri frábært ef það væri hægt að sinna þeim betur.

Annað sem er brýnt að ráða bót er að bjóða börnunum upp á barnvænlegt, huggulegt og stöðugt umhverfi í viðtölum. Aðkoma skiptir líka máli en núverandi aðstaða uppfyllir ekki þessi skilyrði. Komið hefur til tals að Reykjavík byggji vistheimili fyrir börn og ef af því verður væri jafnvel hentugt að hafa viðtalsþjónustu á sama stað.

Sérfræðingur Kvennaathvarfsins tók einnig undir að það sé mjög mikilvægt að vinna með börn á heimilinu og aðstoða þau þegar heimilisofbeldi á sér stað. Síðastliðin ár hefur Kvennaathvarfið tekið sig á hvað varðar börn og reynt að vinna markvisst með börnum sem dvelja þar, til dæmis með viðtölum, samstarfi við Barnavernd og vísunum í Barnahús fyrir sérfræðiaðstoð. Einnig sé reynt að styðja börn í athvarfinu og bæta líðan þeirra með skemmtunum, til dæmis með því að fara í leikhús og í bío. Starfsfólk athvarfsins segir það vera greinilegt bæði í almennri umræðu og meðal fagfólks að betri skilningur er í dag hvað varðar áhrif ofbeldis á börn en var áður.

Börn eru í brennidepli í verkefninu og virðist vera samhljómur á meðal þeirra sem að því koma um að verkefnið hafi bætt þjónustu við þau. Þó verður að tryggja að börn fái áfram þá þjónustu sem þörf er á og að hlutverk starfshópa séu skýr og vel afmörkuð. Þannig er tryggt að börn fái sem besta þjónustu.

7.2 Fólk af erlendum uppruna

Fólk af erlendum uppruna getur verið í sérstökum áhættuhópi þegar kemur að heimilisofbeldi. Hér verður rætt um málefni fólks af erlendum uppruna eins og þau birtast meðal þolenda, í gögnum lögreglu og hjá starfsfólki.

„Fólk af erlendu bergi þekkir ekki leiðirnar, hefur ekki tengslanet, fólk veit ekki hvert það á að leita og býr jafnvel við lygar og kúgun sem er erfitt að leiðrétta.“


Starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur

Tveir þolendur voru af erlendum uppruna, báðir voru ungar konur. Í einu tilviki var þolandinn, kona, af erlendum uppruna og gerandinn íslenskur. Þegar hún var spurð hvort hún hefði fundið fyrir öðruvísi framkomu vegna uppruna síns þá sagði hún svo ekki vera, en þess ber að geta að hún talar fullkomna íslensku. Í hinu tilvikinu var þolandinn hálfíslensk kona sem hafði orðið fyrir ofbeldi erlendrar móður. Gerandinn hefur búið á Íslandi í 23 ár og kann íslensku en talar með hreim en þolandinn, dóttir hennar, talar fullkomna íslensku. Lögreglan hefur ítrekað komið á heimilið og tjáði þolandi að lögregla hefði yfirleitt sýnt gott viðmót en þó hafi komið fyrir að þeir hafi sýnt af sér dónaskap og ekki þóst skilja hvað var sagt. Þolandi taldi þó að þetta væru ekki eins miklir fordómar og fjölskyldan mætir í sínu daglega lífi, eins og til dæmis úti í búð. Í tveimur tilvikum var gerandi af erlendum uppruna, einn karl og ein kona.

Í gögnum lögreglu kemur fram að 19% bæði þolenda og gerenda eru með erlent ríkisfang og 3% eru með íslenskt ríkisfang en annað upprunaland, eins og sést á

myndum 7-1 og 7-2.


Ríkisfang gerenda í málum lögreglu í Reykjavík 2015



MYND 7-1 RÍKISFANG GERANDA Í MÁLUM LÖGREGLU Í REYKJAVÍK 2015

Ríkisfang þolanda er jafnframt í flestum tilfellum íslenskt líkt og kemur fram á mynd 7-2.

Ríkisfang þolanda í málum lögreglu í Reykjavík 2015



MYND 7-2 RÍKISFANG ÞOLANDA Í MÁLUM LÖGREGLU Í REYKJAVÍK 2015

Lögreglumenn telja að félagsleg einangrun og menningarmunur skipti máli í þessu samhengi ásamt hugmyndum um að konur eigi að vera undirgefnar mönnum sínum, það megi rasskella börn og einnig sé mikill þrýstingur á konur að halda sambandi gangandi í sumum menningarheimum. Þeir reyni því að sýna nærgætni og virðingu fyrir því að fólk hefur mismunandi bakgrunn og gildi, en sumt af þessari hegðun er brot á íslenskum lögum og þeir verða að bregðast við því. Starfsfólk Barnaverndar tekur undir það að menningarmunur og aðrar hugmyndir um uppeldi t.d. og fólk gerir sér ekki grein fyrir því að ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi er ekki í lagi og ofbeldi sé ekki lengur talið eðlilegur hluti af uppeldis.

Úrvinnsla þessara mála getur líka orðið flóknari en hjá öðrum, þar sem oft þarf að fá túlk, sem getur verið miserfitt eftir tungumálum, sérstaklega að nóttu til. Í gögnum lögreglu eru gerendur af 31 þjóðerni og þolendur af 32 þjóðernum. Þessi mikli fjöldi þjóðernishópa sýnir berlega þörfina fyrir fjölbreytta túlkabjónustu.

Félagsráðgjafar bentu einnig á að mjög erfitt geti verið að fá þolendur til að tjá sig í gegnum túlk. Oft passi eiginmenn líka upp á að konurnar þeirra komi ekki einar á þjónustumiðstöðvarnar og því sé oft erfitt að ná til erlendra kvenna.

Viðmælendur frá Heimilisfriði segja að eitthvað hafi verið unnið með körlum af erlendum uppruna en oft séu vandamál vegna túlkabjónustu. Ef viðkomandi geti ekki bjargað sér á ensku eða íslensku þá geta þeir eiginlega ekki leitað sér aðstoðar að eigin frumkvæði vegna túlkavanda. Hjá Heimilisfriði hafa líka komið upp vandamál vegna gæða túlkunar og jafnvel hafa viðtöl skapað óþægindi vegna tengsla túlks við gerenda, báðir aðilar koma mögulega úr sama litla innflytjendasamfélaginu. Heimilisfriður hefur komið sér upp lista af áreiðanlegum og faglegum túlkum. Aðili frá Barnavernd Reykjavíkur tekur í sama streng og nefnir að landið sé lítið, það sé erfitt að fá túlk á réttu tungumáli, auk þess sem þjóðarbrotin þekkist:

Það er verið að horfa núna til Skype-túlkunar sem mér finnst bara vera frábært, að við förum bara að nota þjónustu erlendra fyrirtækja. Þá er líka ekkert persónulegt, þá er þetta bara fagtúlkun og fólk á ekkert að hittast í Bónus eða á Laugaveginum eða fara í einhverja togstreitu með hlutverk. Við erum búin að þekkja það mjög lengi hjá okkur.

Nokkuð sem vekur athygli er að Heimilisfriður hefur sennilega aldrei verið með íslenskan geranda í meðferð sem er giftur konu af erlendum uppruna. Þetta rímar ekki við þann hóp sem leitar sér aðstoðar í Kvennaathvarfinu, en þangað kemur stór hópur erlendra kvenna, en 27% þeirra kvenna sem leituðu sér hjálpar hjá athvarfinu á árinu 2015 eru af erlendum uppruna á meðan Íslendingar eru gerendur í 79% málanna. Gerendur þeirra kvenna sem koma í athvarfið eru oftast íslenskir ef þolandinn er íslenskur eða frá landi utan EES, en yfirleitt erlendur ef þolandi er frá öðru landi innan EES. Þetta bendir til þess að í náinni framtíð væri verðugt verkefni að leita leiða til að ná til þessa hóps gerenda.

Starfskonur Kvennaathvarfs eru mjög ánægðar með nýtt verklag í ofbeldismálum og að verið sé að taka þessi mál föstum tókum fyrir konur af erlendum uppruna þar sem þær eru mjög falinn hópur. Þær íslensku konur sem dvelja í athvarfinu eru þar yfirleitt í stuttan tíma en erlendu konurnar dvelja oft lengur, því þær hafa minna tengslanet og eiga ekki í önnur hús að vernda. Oft er um að ræða ungar mæður í láglaunastörfum sem eiga erfitt með að finna leiguhúsnæði vegna kostnaðar. Kvennaathvarfið býður líka upp á viðtöl og ráðgjöf og þá eru íslenskar konur í meirihluta (82%).

„Þeir segja: „Hér er það karlinn sem ræður. Og konan, henni ber að hlýða í einu og öllu og það er bara þannig á Íslandi.“ Það voru margar sem nefndu þetta“

Sérfræðingur Kvennaathvarfs um þær ranghugmyndir sem ofbeldismenn koma inn hjá konum af erlendum uppruna

Samkvæmt sérfræðingum frá Kvennaathvarfi getur ótti við Útlendingastofnun hindrað konur sem beittar eru ofbeldi í að leita sér hjálpar og gerendur nýta sér þennan ótta. Ótrúlega margar konur viti lítið um sinn rétt og halda að íslenskur uppruni eiginmannsins geri hann réttþærri en þær. Mennirnir sem beita þær ofbeldi nýta sér það hins vegar hversu óupplýstar þær eru um sinn rétt hér á landi og nota Útlendingastofnun til að hóta þolendum brottrekstri úr landi.

Starfskonur kvennaathvarfsins hafa gert rannsóknir á stöðu erlendra kvenna sem þangað leita. Hildur Guðmundsdóttir gerði árin 2009 og 2012 rannsóknir á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið og Ísól Björk Karlsdóttir rannsakaði einnig þörf fyrir samfélagsfræðslu til fólks af erlendum uppruna og hugmyndir um það hvernig standa megi að slíkri fræðslu. Í þessum rannsóknum voru konur af erlendum uppruna sammála um nauðsyn þess að fá fræðslu við komuna til landsins. Þær þyrftu að fá upplýsingar um tilvist Kvennaathvarfsins og önnur úrræði sem þeim standa til boða og að þeim sé óhætt að hringja í lögregluna vegna heimilisofbeldis, en í mörgum löndum er engin hefð fyrir því. Konurnar höfðu hins vegar góða reynslu af því að hringja í lögreglu hér á landi. Starfskonur Kvennaathvarfsins lýsa einnig mikilli einangrun kvenna af erlendum uppruna sem leita til athvarfsins:

Kona sem var búin að vera hér í þrjú ár og gat ekki nefnt hvað gatan heitir sem hún býr við. Konur sem geta ekki komið börnunum á leikskólann, konur sem eru algjörlega einangraðar. Þær vita ekki einu sinni að 112 er neyðarnúmerið.

Stærstur hluti þeirra kvenna sem snúa heim í sama ástand koma frá löndum utan EES. Þær standa líka frammi fyrir miklum hindrunum við að lifa hér sjálfstæðu lífi.

þær tala jafnvel hvorki ensku né íslensku og þurfa að finna sér húsnæði og vinnu sem reynist oft óyfirstíganlegt.

Oft vita erlendar konur ekki að þær eru ekki ábyrgar fyrir skuldum maka, þær verða fyrir margvíslegu fjárhagslegu ofbeldi og algengt er að gerendur taki af þeim vegabréf og pappíra. Margar eru algjörlega upp á makann komnar og það gefur honum gríðarlegt vald yfir þeim.

Að sögn starfskvennanna leggur hið opinbera mikla áherslu á að koma upp um svokölluð málamyndahjónabönd. Til slíkra hjónabanda er þó ekki stofnað af illum ásetningi heldur vegna vonarinnar um betra líf. Þó að konur velji að koma hingað og giftast á þeim forsendum verður að líta á það sem persónulegt val. Annað er uppi á teningnum þegar menn með illan ásetning ná sér í konu og beita hana ofbeldi. Færi því betur á því að nýta kraftana í slík mál.

Ein erlend kona sem leitaði til athvarfsins lýsti sinni reynslu af hjónabandi með íslenskum manni svo:

Ég vinn úti, ég aflu ... ég geri öll heimilisstörfin sjálf. Ég elda, ég þvæ, ég geri allt og ég þjóna honum og ég skil ekki af hverju hann er vondur við mig. Vegna þess að ég er að uppfylla allar kröfur sem hægt er að uppfylla.

Einnig er greinilegur menningarmunur. Innflytjendur frá ákveðnum löndum Austur-Evrópu eru stundum í mikilli áfengisneyslu og ofbeldi virðist viðtekið í þeirra hópi.

Börnin eru oft fórnarlömb ofbeldisins líka og eru oft félagslega einangruð. Ljóst er að huga þarf betur að aukinni þjónustu fyrir börn erlendra kvenna.

Starfskonur Kvennaathvarfsins eru sammála um að fræðsla þurfi að vera skylda fyrir innflytjendur. Það sé sjálfsögð þjónusta. Það er samfélagslegur ávinningur og öryggisatriði fyrir fólk sem hingað flytur að það fái góðar upplýsingar.

7.3 Fötlun

Í erlendum samstarfsverkefnum hefur fötlun verið greind sem áhættuþáttur í heimilisofbeldismálum.

Fram kom að lögreglumenn telja mál þolenda og gerenda með fötlun ekki koma mikið við sögu en ekki er haldið utan um slíkar persónuupplýsingar í skráum lögreglu. Reykjavíkurborg skráði í fimm tilfellum að þolandi hafi verið með fötlun af einhverju tagi og í tíu málum var gerandi fatlaður. Þess ber þó að geta að slíkar skráningar eru ekki ítarlegar þar sem málsaðilar á vettvangi eru ekki sérstaklega spurðir um fötlun og því er fötlun ekki skráð nema um augljósa eða sjáanlega fötlun sé að ræða.

Aðili frá Barnavernd Reykjavíkur tók í sama streng, að mikið væri um mál sem vörðuðu fólk af erlendum uppruna en færri mál vörðuðu fatlaða einstaklinga. Sérfræðingur frá Kvennaathvarfinu sagði að fáir þolendur komi þangað með fötlun, en þar

hefur heldur ekki verið góð aðstaða til að taka á móti fötluðum einstaklingum. Hins vegar sé nokkuð um öryrkja sem leiti til athvarfsins. Einn af þolendum sem rætt var við var með fötlun, taugasjúkdóm, sem háir viðkomandi þó ekki mikið í daglegu lífi.

Samkvæmt verkefnaáætlun Reykjavíkurborgar var kastljósinu sérstaklega beint að fötluðum einstaklingum. Settur var á fót vinnuhópur sem setti fram tillögur sem nú er unnið eftir. Sérfræðingar mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar fara nú á alla vinnustaði velferðarsviðs sem þjónusta fatlað fólk. Búið var að fara á 6-7 staði þegar viðtal við sérfræðing var tekið, með fræðslu um verkefnið og áherslu á fatlað fólk og ofbeldi.

Heimsóknirnar hafa reynst gagnlegar og umræðurnar sem skapast í þeim leiða oft í ljós vandamál sem skoða þarf nánar. Þegar voru komin þrjú mál sem leita þarf lausna við. Eitt af því sem sýnir sig er að fyrir kemur að fólk er sett saman í búsetukjarna, eða annað búsetuúrræði, sem ekki á samleið t.d. beitir einn íbúi kannski annan ofbeldi og þá fer mikil orka hjá starfsfólki í að leysa úr vanda sem best verður leystur með því að hafa ákveðna einstaklinga ekki á sama stað. Slík vandamál eru fylgifyiskar þeirrar stefnu í málefnum fatlaðra að byggja upp stofnanir en ekki einstaklingsþjónustu.

7.4 Fíkn og geðræn vandamál

Þátttakendur í verkefninu telja almennt að fíkn sé í mörgum tilfellum nátengd heimilisofbeldismálum og margir telja einnig að það þurfi að fást við geðræn vandamál á heildrænni hátt í þessu samhengi. Gögn frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sýna að brotapolar voru ölvaðir eða undir áhrifum í 92 málum, eða í um fjórðungi þeirra mála sem upp komu og gerendur voru ölvaðir eða undir áhrifum í 189 málum sem er hátt í helmingur málanna. Starfsfólk ákærusviðs lögreglunnar nefndi sem dæmi að nauðsynlegt væri að virkja „geðheilbrigðisbatteríið“ í ofbeldismálum, þar

Fíkn og geðræn vandamál eru samþætt mörgum heimilisofbeldismálum, og knýjandi er að nýta viðeigandi úrlausnir og meðferðarúrræði

sem gerendur ættu gjarnan við djúpstæðan vanda að etja sem ekki ætti að fást við með dómum, heldur væri heppilegra að leitað væri úrlausna og úrræða innan heilbrigðiskerfisins.

Lögreglumenn nefndu að nokkuð væri um að málsaðilar ættu við ýmis geðræn vandamál að stríða og þennan hóp gæti verið mjög erfitt að aðstoða. Í málaskrá lögreglu kemur fram að leitað var aðstoðar hjá geðheilbrigðiskerfinu í nokkrum heimilisofbeldismálum á árinu. Brotapola eða geranda var fylgt á geðdeild í tíu tilvikum og einn gerandi, sem einnig hafði verið handtekinn, fór jafnframt í viðtal á geðdeild.

Lögreglumenn og félagsráðgjafar lýsa einnig málum þar sem neysla áfengis og vímu-efna gera heimilisofbeldismál mjög flókin, sérstaklega ef báðir aðilar eiga við slík vandamál að etja eða þegar börn eru á heimilinu. Dæmi um erfiðleika tengda fíkn, sem hafa áhrif á störf lögreglunnar, er þegar fólk er undir áhrifum á vettvangi, talar

jafnvel óskýrt og samhengislaust, sem gerir skýrslutöku erfiða. Vegna þessa hafa sumir lögreglumenn sett spurningamerki við hvort taka megi skýrslu af geranda og/eða þolanda þegar viðkomandi er greinilega undir áhrifum. Fíkn hefur líka áhrif á hvort þolendur vilja nýta sér úrræði eða leita aðstoðar, til dæmis ef viðkomandi telur að hann verði settur í aðstæður þar sem hann hefur ekki tök á að fá að stjórna eigin neyslu. Félagsráðgjafar töldu jafnframt að mikill vandi lægi í því að mörg mál vörðuðu unga fíkla sem beittu ofbeldi en væru ekki viljugir til að sækja sér aðstoð.

Starfsmenn Barnaverndar hafa ekki þá upplifun að málin séu almennt neyslutengd. Gerandinn sé fremur undir áhrifum, en oft er búið að fjarlægja hann þegar starfsmenn Barnaverndar koma á svæðið:

Félagsþjónustan er kannski, er ekki eins vön að fara inn á heimili þar sem er bara allt í rúst og allir bara, langvarandi neysla og börnin gifurlega vanrækt. Enda félagsþjónustan og við erum ekki að fara alltaf í sömu útköll. Svo er það það. Við förum stundum ein af því að forsjáaraðilinn vill ekki fá félagsþjónustuna og þegar það eru ekki börn þá fara þeir bara einir. Það gæti vel verið að það sé ólíkt í þeim útköllum að það séu allir í standandi fyllerý þar. Þá er kannski löngu búið að fjarlægja börnin.

Sérfræðingur frá Kvennaathvarfinu útskýrði að þolendur sem koma þangað segja oft frá geðrænum vanda eins og þunglyndi og kvíða. Einnig séu margir þolendur öryrkjar eða eigi við ýmis önnur heilsufarsvandamál að stríða. Oft eru þessi vandamál tilkomin vegna ofbeldisins⁶. Hins vegar segja ekki margir þolendur í Kvennaathvarfinu frá fíknivanda, enda mega konur í neyslu ekki dvelja þar.

Fíkn og geðræn vandamál voru einnig mjög miðlæg í frásögnum þolenda. Átta þolendur lýstu því að gerandinn ætti við einhvers konar fíknivanda að stríða. Í þremur tilvikum var um spilafíkn að ræða og í fimm um áfengis- og vímuefnafíkn. Tveir gerendur höfðu farið í meðferð en það hafði ekki gengið vel. Tveir þolendur lýstu þannig að gerandinn verði bara önnur manneskja undir áhrifum áfengis eða vímuefna: „Ég hafði bara aldrei kynnst svona ... og viðbjóðurinn sem fylgir þegar hann er fullur.“ Fíkn virðist því spila stórt hlutverk í mörgum þeirra ofbeldissambanda sem um ræðir.

Þrjú þolendur sögðu frá því að þeir ættu sjálfir við fíknivanda að etja, einn við spilafíkn og tveir við áfengisvanda. Annar þeirra, kona, lýsti því að henni fannst erfitt að fá aðstoð vegna heimilisofbeldisins vegna áfengisfíknar sinnar, til dæmis fannst henni komið öðruvísi fram við sig í Kvennaathvarfinu og að lögregla á vettvangi tók ekki eins mikið mark á frásögn hennar þegar hún var undir áhrifum. Einn þolandi, kona, lýsti einnig blendnum tilfinningum gagnvart geranda í tengslum við áfengisfíkn, því

⁶ Fyrir ítarlegri upplýsingar um þennan málalið má sjá ársskýrslur Kvennaathvarfsins á vefsíðu þeirra

að þrátt fyrir ofbeldið hafði gerandinn hugsað um hana þegar hún var ekki í neinu ástandi til þess sjálf.

Í tíu tilvikum sögðu þolendur frá því að gerendur ættu við einhver geðræn vandamál að stríða. Til dæmis höfðu tveir gerendur gert tilraun til sjálfsvígs og einn enn hafði hóttað því. Á heildina litið lýstu þolendur fremur djúpstæðum geðrænum vandamálum hjá gerendum sem í sumum tilfellum höfðu ekki verið greind af fagfólki eða viðkomandi ekki leitað sér aðstoðar vegna vandans. Dæmi um einkenni voru kvíði, aðsóknarkennd, geðhvörf og siðblindu. Sex þolendur nefndu reiði sérstaklega sem vandamál. Þannig gátu gerendur verið mjög skapstórir og skyndilega farið að öskra, skella hurðum og strunsa út. Allir þessir gerendur áttu við reiðivandamál að stríða sem beindist ekki bara að þolandanum heldur líka að fjölskyldu geranda, sameiginlegum börnum geranda og þolanda og jafnvel að ókunnugu fólki úti á götu. Í fjórum tilvikum var einnig sérstaklega nefnt að geðræn vandamál og fíkn spili saman og geri ástandið enn flóknara og erfiðara.

Á mörgum viðmælendum mátti þó skilja að stærsti vandinn væri varðandi þá aðila sem ekki hafa áhuga á að þiggja meðferð eða aðstoð, oftast í málum þar sem mikil neysla áfengis- eða vímuefna átti sér stað. Í samtali fulltrúa Heimilisfriðar kom fram að þeim þætti sjálfsagt að dæma fólk til meðferðar vegna ofbeldis. Þeir væru tilbúnir að skapa slíkt úrræði, sem yrði aðeins öðruvísi en það sem nú er í boði. Þekkt sé að árangur væri af slíkri þvingaðri meðferð þó að hann væri ekki jafn góður og af meðferð sem fólk fer í sjálfviljugt.

7.5 Kynjað kerfi

Þó að ekki sé gengið út frá því sem vísu í skilgreiningu Reykjavíkurborgar á heimilisofbeldi að karl sé gerandi og kona þolandi má sjá á greinargerðinni *Reykjavík gegn ofbeldi* að kerfið hefur miðað við það hingað til að svo sé. Þar var iðulega fjallað um konur sem þolendur, til dæmis konur af erlendum uppruna og fatlaðar konur (Reykjavíkurborg, 2014). Þessu hefur nú verið breytt í samræmi við ábendingar í áfangamati verkefnisins. Lögreglumenn nefndu að kerfið sé miðað að því að karlar séu gerendur og konur þolendur. Þó eru karlar þolendur heimilisofbeldis í hluta málanna en lögregla bendir á að skortur sé á úrræðum fyrir þá þar sem Kvennaathvarfið er fyrir konur. Lögreglumönnunum finnst líka að þeir séu almennt líklegri til að nota þvingunarúrræði, eins og handtöku, gagnvart körlum en konum.

Það viðhorf kom einnig fram að aðrir á vettvangi, t.d. barnaverndarstarfsmenn, gangi næstum út frá því að karlinn sé gerandinn og tali alltaf við móður óháð aðstæðum og atburðum. Þetta viðhorf er þó ekki einhlítt. Félagsráðgjafi í rýnihóp lýsti næmni lögreglumanna við að greina aðstæður, hún sagði frá því að hún hefði komið inn á heimili og ályktað að tiltekinn aðili væri gerandi en að lögreglan hefði tekið skýrslu með hlutlausum hætti og þá hefðu aðstæður snúist við – ætlaður gerandi í hennar

Konur eru í meirihluta þolenda heimilisofbeldis en það einskorðast þó ekki við konur og marga áhættuhópa er að finna í samfélaginu

augum hefði í raun verið þolandi. Jafnframt kom fram að einn karlkyns þolandi var ósáttur við barnaverndarfulltrúa á vettvangi því hann taldi að fulltrúinn hefði ekki trú á því að hann væri í raun þolandinn í málinu. Af þessu má álykta að skoða þurfi vel hvaða úrræði hægt sé að móta fyrir karlkyns þolendur, bæði almennt í kerfinu og mögulega hvort að viðhorf starfsfólks sé litað af fyrirfram gefnum sjónarmiðum um hlut kynjanna í heimilisofbeldi.

Úrræði fyrir heimilisofbeldi hafa einnig verið mjög kynbundin, sbr. Kvennaathvarf og Karla til ábyrgðar, nú Heimilisfriður. Þó að konur séu í meirihluta þolenda heimilisofbeldis er nauðsynlegt að miða þjónustuna að því að hún sé öllum aðgengileg sem hana þurfa, óháð kynferði. Til dæmis hefur Kvennaathvarfið byrjað að sinna karlkyns þolendum í gegnum síma, en líka vísað þeim á aðra staði sem geta sinnt þeim betur, eins og Drekaslóð eða Stígamót. Sérfræðingur Kvennaathvarfsins tók einmitt sérstaklega fram að það þurfi meiri rannsóknir og betri skilning á heimilisofbeldi gagnvart karlkyns þolendum, bæði í fræðasamfélaginu og í almennri umræðu. Þannig minnkar hætta á því að einhverjir hópar falli milli stafs og hurðar og fái vanda sinn ekki viðurkenndan og þar af leiðandi þjónustu við hæfi. Þessar áherslur eru að breytast, sbr. Heimilisfriður sem nú miðar við gerendur en ekki kyn þeirra. Sama á við hjá þeim sem bjóða meðferð vegna kynferðisofbeldis eins og Stígamót sem hafa verið að efla þjónustu fyrir karla.

Þó ber að hafa í huga að oft þurfa konur og karlar sérhæfð kynjamiðuð úrræði og að ekki er ráðlegt að blanda kynjum saman í þjónustuúrræðum vegna ofbeldis.

8 Almennt um ofbeldi og áhrif þess

8.1 Ofbeldi á milli náinna og skyldra

Ofbeldi af hálfu tengdra og skyldra, sem jafnan er vísað til hér á landi sem heimilisofbeldis, er skilgreint sem mynstur líkamlegs, kynferðislegs og andlegs ofbeldis af hálfu náinna eða aðstandenda (Tjaden & Thoennes, 2000). Skilgreining á heimilisofbeldi í verklagsreglum ríkislögreglustjórans um meðferð og skráningu heimilisofbeldis, sem tóku gildi 2. desember 2014, er svohljóðandi:

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafi sögu um tengsl, sbr. 2. gr. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu (Ríkislögreglustjórin, 2014).

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lýst því yfir að ofbeldi af hálfu tengdra og skyldra sé alvarleg ógnun við almennt heilbrigði á heimsvísu (World Health Organization, 2005) en stofnunin metur að 30% kvenna í heiminum sem verið hafa í samböndum hafi upplifað ofbeldi af hálfu maka (World Health Organization, 2013). Gögn frá Bandaríkjunum benda til að 20,4% kvenna verði fyrir ofbeldi af hálfu maka. Áætluð tíðni meðal evrópskra kvenna er á bilinu 20-30% (World Health Organization, 2013). Slíkt ofbeldi er ekki einungis mjög algengt heldur er það einnig alvarlegt. Af þeim bandarísku konum sem höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi óttuðust 45% að þær sjálfar eða náinn aðstandandi yrði drepinn. Þessi veruleiki á einnig við á Íslandi, þar sem 21 manndráp hefur átt sér stað frá árinu 2003 og mætti skilgreina 11 þeirra sem heimilisofbeldi (52%) og níu eru á milli aðila í nánnum tengslum (43%) (Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, 2016).

8.2 Íslenskar rannsóknir

Íslenskar rannsóknir sem beinast að ofbeldi gegn konum eru þó nokkrar og var sú fyrsta gerð árið 1979 af þeim Hildigunni Ólafsdóttur, Sigrúnu Júlíusdóttur og Þorgerði Benediktsdóttur (Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum, 1982). Á undanförunum árum hefur verið töluverð virkni í rannsóknum á ofbeldi (t.d. Anni G. Haugen, 2009; Elísabet

Karlsdóttir og Ásdís A Arnalds, 2010; Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstj.), 2010; Guðrún Helga Sederholm, 2010; Guðrún Helga Sederholm, 2009; Ingólfur V. Gíslason, 2010a; Ingólfur V. Gíslason, 2010b) og þá má einnig benda á rannsóknir sem beinast að velferð barna og heimilisofbeldi (Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004; Steinunn Bergmann, 2010; Örnólfur Thorlacius, 2011). Stofnanir hins opinbera hafa jafnframt birt skýrslur sem tengjast viðfangsefninu og viðleitni hins opinbera til að berjast gegn heimilisofbeldi (Guðbjörg Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010; Gunnar Narfi Gunnarsson, 2012; Velferðarráðherra, 2011; Barnaverndarstofa, 2012; Landspítali háskólasjúkrahús 2012, Barnaverndarstofa, 2007).

Viðamesta aðgerðin til að kortleggja ofbeldi í nánnum samböndum á Íslandi á undanförunum árum er þó skýrsla velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum sem lögð var fyrir Alþingi 2011 (Alþingi, 2011). Að baki skýrslunni lágu nokkrar rannsóknir og bækur Ingólfs V. Gíslasonar um ofbeldi í nánnum samböndum sem ætlaðar eru til kennslu á háskólastigi og fyrir starfsmenn heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og lögreglu.

Í skýrslunni kemur fram, í rannsóknum Elísabetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds á ofbeldi gegn konum, að 1-2% kvenna á aldrinum 18-80 ára höfðu orðið fyrir ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum en 22% höfðu orðið fyrir ofbeldi maka einhvern tíma á ævinni. Alls höfðu 42% kvenna orðið fyrir ofbeldi og hótunum og kynferðislegum snertingum sem ollu vanlíðan eftir 16 ára aldur (Ásdís A. Arnalds & Elísabet Karlsdóttir, 2010). Í skýrslunni kemur einnig fram að af þeim konum sem beittar voru ofbeldi töldu 32,5% þeirra kvenna sem urðu fyrir ofbeldi í nánnum samböndum síðasta ofbeldisatvik sem þær urðu fyrir hafa verið refsivert atvik en aðeins tilkynntu 13,1% þeirra atvikið til lögreglu, í 3,9% tilvika fékk lögregla upplýsingar um atvikið á annan hátt sem þýðir að 83% ofbeldisatvikanna höfðu ekki komið til kasta lögreglu.

Rannsóknir hafa einnig verið gerðar á ofbeldi gagnvart ákveðnum hópum. Til dæmis voru börn rannsökuð í bók Guðrúnar Kristinsdóttur sem kom út haustið 2014, *Ofbeldi á heimili með augum barna*. Bókin byggir á rannsókninni „Þekking barna á ofbeldi á heimilum“ sem unnin var hér á landi á árunum 2006-2013. Fatlað fólk var rannsakað af Félagsvísindastofnun H.Í. árið 2013. Þar kom fram alvarleg staða fatlaðra kvenna en flestar áttu þær langa sögu um undirokun og ofbeldi. Þá var einnig gefin út skýrsla starfshóps um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki þar sem er að finna má ráðleggingar um aðgerðir gegn heimilisofbeldi (Reykjavíkurborg, 2015 a). Skýrslan var unnin sem hluti af verkefninu *Saman gegn ofbeldi* og farið eftir henni hjá Reykjavíkurborg. Loks hefur ein rannsókn verið gerð á ofbeldi gegn öldruðum (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010) en skortur er á frekari þekkingu um þetta mál. Í fylgiskjali við skýrslu þessa er birtur heimildalisti ólíkra rannsókna í íslensku samhengi sem við koma heimilisofbeldi, en þar má finna áhugaverðar rannsóknir af ýmsum fræðasviðum.

8.3 Kynbundið ofbeldi

Eins og upptalningin hér að framan sýnir hafa rannsóknir á heimilisofbeldi hingað til beint sjónum að ofbeldi karla gegn konum en ofbeldi sem beitt er af konum er síður rannsakað. Þetta á sér þó að mörgu leyti eðlilegar skýringar þar sem rannsóknir sýna að konur eru mun líklegri til að verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum en karlar.

Heimilisofbeldi er kallað kynbundið ofbeldi sem einkennist af því að flestir gerendur eru karlar og flestir þolendur eru konur. Kynbundið ofbeldi er ein alvarlegasta birtingarmynd ójafnréttis í samfélaginu og það ofbeldi sem konur eru í mestri hættu á að verða fyrir. Skilgreining jafnréttisstofu á kynbundnu ofbeldi er eftirfarandi:

Lögin skilgreina kynbundið ofbeldi sem ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjóninga þolenda. Einnig teljast hótanir um slíkt ofbeldi, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis á grundvelli kynferðis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi, til kynbundins ofbeldis (Jafnréttisstofa, 2015).

Ingólfur V. Gíslason bendir á að sá greinilegi munur sé á ofbeldi karla gegn konum og kvenna gegnum körlum að: „Í fyrsta lagi er mun líklegra að konur beiti ofbeldi í sjálfsvörn en karlar“ og að almennt standi „körlum ekki ógn af líkamlegu ofbeldi kvenna.“ Þá leiði það yfirleitt ekki „til alvarlegra áverka, til þess að heimilið sé yfirgefið eða að um endurtekið ofbeldi sé að ræða“ (Ingólfur V. Gíslason, Ofbeldi í nánum samböndum, 2008). Þó að mun algengara sé að gerandi heimilisofbeldis sé karl og þolandi sé kona er það ekki einhlítt og tekur verkefnið *Saman gegn ofbeldi* til ofbeldis sem beitt er í nánum samböndum óháð kyni.

Eðli heimilisofbeldismála eru gjarnan mjög flókin, málsaðilar geta verið tengdir fjölskylduböndum, börn og fjölskylduaðstæður hafa mikið vægi í málunum, þolandi getur hafa átt í langvarandi ofbeldissambandi og upplifað verulegar áskoranir við að losa sig frá víthring ofbeldis. Þá er einnig vert að benda á að eðli ofbeldis getur verið mismunandi, allt frá alvarlegu líkamlegu ofbeldi, til ofsókna, áreitnis og tilfinningalegs ofbeldis. Þá hafa rannsóknir bent til þess að margir telji að inngrip inn á heimili séu ekki viðeigandi, jafnvel þó að viðkomandi hafi vissu um að ofbeldi sé viðvarandi innan þess (Ingólfur V. Gíslason, 2010).

8.4 Afleiðingar kynbundins ofbeldis

Áhrif ofbeldis í nánum samböndum eru margvísleg. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin nefnir eftirfarandi afleiðingar: líkamlega áverka (sem geta jafnvel valdið fósturskaða), andleg vandamál sem leitt geta til sjálfsvíga, sjálfsvígshugsana, þunglyndis og misnotkunar áfengis og fíkniefna. Þar kemur líka fram að ofbeldið kosti konur lífið. Í Bandaríkjunum voru 11% þeirra sem voru myrtir á árunum 1976-2000 fórnarlömb maka síns (World Health Organization, 2006).

Fórnarlömb ofbeldis, sérstaklega nauðgana, eru líka mun líklegri en aðrir til að fá ein-kenni áfallastreituröskunar og konur sem eru líklegri til að þjást af áfallastreituröskun en karlar. Algeng „sjálfsmeðhöndlun“ við annars ómeðhöndlaðri áfallastreituröskun er misnotkun á áfengi og fíkniefnum sem notað er til að slökkva á minningunum og tilfinningunum sem fylgja ofbeldinu/áfallinu (American Psychiatric Association, 2016).

Áhrif ofbeldis og áfalla geta komið fram í þunglyndi, lélegu sjálfsmati, áfallastreituröskun, samviskubiti eða skömm, losti eða vantrú, kvíða og ofsakvíðaköstum, tilfinningadoða, reiði, sjálfshatri eða sjálfsásökunum, almennri óttatilfinningu, sjálfsvígshugsunum og tilfinningu um að vera einskis virði og án vonar. Einnig er hætta á ótta við karlmenn, einveru, að vera á meðal fólks, nánd eða annars sem framkallar minningar um ofbeldið. Ofbeldi getur líka tengst sjálfsvígshugsunum eða sjálfskaða, áhættusamri kynhegðun, áfengis- og vímuefnanotkun, átröskunum og einnig getur það valdið því að konur forðast að fara til læknis eða stunda óþarfar læknisheimsóknir. Þá er langur listi yfir líkamleg-, fjárhags- og félagsleg áhrif ofbeldis (Office on Women's Health, 2008). Að verða vitni að ofbeldi og/eða vanrækslu í æsku hefur einnig mikil áhrif á heilsu og vellíðan síðar á ævinni (Centers for Disease Control and Prevention, 2015).

8.5 Lagarammi um ofbeldi í nánnum samböndum

Í nýsamþykktum breytingum á almennum hegningarlögum er svokallaður Ístanbúlsamningur, samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi, leiddur í lög. Enn á þó eftir að ljúka nokkrum framkvæmdaatriðum til að fá samninginn fullgiltan og er nú unnið að því í innanríkisráðuneytinu að koma þeim til framkvæmda. Ákvæði um heimilisofbeldi var einnig bætt í lögin og heimilisofbeldi því skilgreint í íslenskum lögum í fyrsta sinn. Ákvæðið nær til mála þar sem ofbeldið er ítrakað og alvarlegt og er svohljóðandi:

Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á gróf-leika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Aðdragandi málsins er sá að Ísland undirritaði samninginn, sem er „lagarammi um vernd kvenna gegn ofbeldi, forvarnarstarf, saksókn á hendur gerendum og útrýmingu

ofbeldis gegn konum og heimilisofbeldis, hinn 11. maí 2011. Eftirfylgni með innleiðingu samningsins í hverju landi fyrir sig er einnig hluti hans“ (Utanríkisráðuneytið, 2011).

Markmið Istanbúl-samningsins eru að koma í veg fyrir og kveða niður hin margvíslegu og útbreiddu form ofbeldis gegn konum. Í honum er kveðið á um réttindi brotþola og skyldur hins opinbera til að vernda og aðstoða þær konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, fyrirbyggja ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum upp á meðferð.

Fyrir utan þá mikilvægu réttarbót sem samningnum fylgir og betri skilgreiningu á ofbeldi í samböndum tengdra aðila þá má einnig vænta ávinnings á sviði tölfræðiupplýsinga eftir lögfestingu samningsins. Eins og ljóst varð við vinnu skýrslunnar hefur skráning ofbeldis og tölfræðilegar upplýsingar verið af skornum skammti og ósamhæfð eftir stofnunum áður en verkefnið hófst. Búast má við að ein ástæða þess sé skortur á fótfestu í lögum og má því ætla að lagabreytingin stuðli að betri söfnun upplýsinga um ofbeldi í nánnum samböndum.

Helsti ávinningur laganna er að nú er ofbeldi í nánnum samböndum sérstaklega lýst refsivert en eitt af því sem gert hefur ákærvaldinu erfitt fyrir er skortur á slíku ákvæði og þar með skýr lagafyrirmæli um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Nokkur óvissa virðist hafa verið innan lögreglunnar um að málaflokkurinn ætti heima á þeirra starfssviði eins og fram kom í viðræðum við ákærsvið lögreglunnar:

Hvernig erum að refsa í svona málaflokkum? Það eru bara mjög vægar refsingar. Og hvað er fengið með þessu? Hvað er útkoman? Við erum með hámark í lögum 16 ára refsiramma og það er nú verið að nýta yfirleitt háar refsingar hér. En háar refsingar, ég myndi ekki segja að þær væru til bóta, af því að þetta eru heilbrigðismál, af því að þetta er fólk sem þarfnast aðhlyningar, ekki það að pabbi fari á sakaskrá, eða að mamma fari á sakaskrá. Við lifðum hamingju-söm uppfrá því af því að lögreglan gerði eitthvað í málum fjölskyldunnar. Fókusinn er í dag, núna, á lögregluna, ég veit ekki hvort að hún eigi eftir að færast síðar á félagsþjónustuna eða barnavernd. En hvað eruð þið að gera og hvað eru hinir að gera? Það er alla vega ekki í umræðunni í dag.

Þarna er bent á að tilhneiging hefur verið til þess, í opinberri umræðu, að líta á heimilisofbeldi sem málaflökk sem alfarið heyrir undir lögreglu, í stað þess að skoða slík mál í heildrænna samhengi þeirra inngripa og þjónustu sem aðrar stofnanir samfélagsins bjóða upp á. Með tilkomu nýs ákvæðis um heimiliofbeldi í hegningarlögum er tekinn af allur vafi, ef hann hefur verið til staðar, að beiting ofbeldis í nánnum samböndum er sannarlega á verkswiði lögregluyfirvalda.

9 Niðurstöður og tillögur til úrbóta

9.1 Markmið verkefnisins

Í þessum kafla verður leitast við að skoða hversu vel markmiðum verkefnisins hefur verið náð hingað til.

Að tryggja öryggi borgaranna á heimilum sínum

Það markmið að tryggja öryggi borgaranna á heimilum sínum er langtímamarkmið sem haldið verður áfram að vinna með. Ýmsar vísbendingar eru um að borgarar finni þegar fyrir auknu öryggi á heimilum sínum vegna þessa verkefnis. Til dæmis er hægt að taka mið af frásögnum þolenda, en sumir þerra hafa sérstaklega tekið fram að þeir finni fyrir meira öryggi í dag en áður. Einn þolandi tók sérstaklega fram að hann upplifði mun meira öryggi nú en áður, en gerandinn í hennar máli hafi í fyrsta sinn verið handtekinn á þessu ári og hann hafi ekki beitt hana líkamlegu ofbeldi síðan. Hún sagði þetta ástand vera mikla breytingu og að hún búi nú við betra öryggi en áður. Sérstaklega er hugað að börnum og þeim sem minna mega sín í verkefninu og aukið starf Barnaverndar er sterk vísbending um aukið öryggi barna á heimilum sínum. Þá eru vísbendingar um að verkefnið nái til víðari hóps en áður sem þýðir meira öryggi fyrir þá hópa sem eru að koma inn á radar félagsmálafirvalda og lögreglu í verkefninu.

Starfsfólk verkefnisins var að mestu leyti jákvætt gagnvart verkefninu og þeim breytingum sem hafa átt sér stað. Þessir hópar telja það lykilkátt í auknu öryggi á heimilum að félagsmálafirvöld komi meira að málum heimilisofbeldis og að markvissara sé unnið með þennan málaflokk en áður.

Nálgunarbönn og hversu oft því úrræði hefur verið beitt er annar mælikvarði á viðleitni til að tryggja öryggi þolenda. Talsverð aukning hefur orðið á beitingu þess úrræðis í Reykjavík síðan verkefnið hófst og er það því önnur jákvæð vísbending um aukið öryggi.

Að veita þolendum og gerendum heimilisofbeldis betri þjónustu

Þolendur sem rætt var við lýsa almennri ánægju með þá þjónustu sem þeir hafa fengið á vettvangi. Flestir þolendur voru ánægðir með viðbrögð lögreglu á vettvangi og töldu allir að viðvera félagsráðgjafa væri góð viðbót og lýstu jafnframt ánægju

með störf þeirra. Af þeim sem höfðu fengið lögreglu í útkall bæði fyrir og eftir að verkefnið hófst voru flestir mjög ánægðir með breytt verklag.

Hins vegar minntist einn þolandi á að í útkalli getur verið yfirþyrmandi að fá svo marga aðila inn á heimilið og að útkallið taki langan tíma. Annar þolandi lýsti áhyggjum af skömm og fordómum nágranna sem hafa orðið varir við að útkall á heimili hafi átt sér stað.

Eitt af stærstu áhyggjuefnum verkefnisins er að í sumum tilvikum telja þolendur að þeim hafi verið lofað úrræðum og eftirfylgni sem ekki var svo staðið við. Þetta kom skýrast fram þegar þolendum var sagt að þeir myndu fá eftirfylgni og aðstoð frá félagsþjónustu sem kom svo aldrei, jafnvel þó að þolandi leitaði sjálfur eftir því. Einnig sagði einn þolandi frá því að honum var sagt að hægt væri að fá nálgunarbann, sem reyndist svo ekki raunin. Í báðum tilfellum fylgdu þessu mikil vonbrigði sem sköpuðu vantraust á kerfið. Leita verður allra leita til að tryggja að staðið sé við gefin loforð. Almennt upplifa þolendur þó mun betri þjónustu en áður þó að einhverjir hnókrar séu enn til staðar.

Ekki er hægt að fullyrða um viðhorf gerenda hér því aðeins hafa verið tekin viðtöl við þolendur.

Að efla traust þolanda, og eftir atvikum gerenda, á því að stjórnvöld muni veita aðstoð við að binda enda á ofbeldið

Tilkynningum um heimilisofbeldi til lögreglu hefur fjölgað, sem getur bent til aukins traust á að stjórnvöld geti veitt aðstoð við að binda enda á ofbeldi. Einn þolandi nefndi sérstaklega að honum fannst að núna yrði málið loksins tekið föstum tókum og allt yrði í lagi. Í þessu samhengi er vert að minnast á mikilvægi þess að staðið sé við þau loforð sem gefin eru varðandi úrræði og aðstoð.

Almenn tilfinning þátttakenda er að umræða um heimilisofbeldi hafi aukist eftir að verkefnið hófst. Matsteymið tók saman lista yfir umfjöllun í vefmiðlum sem birtist á frá upphafi verkefnisins og til 1. janúar 2016 og fylgir hann í viðhengi. Ekki er hægt að fullyrða um aukningu umræðu þar sem engin könnun var gerð á umfjöllun á öðrum tímabilum. Slík umfjöllun getur svo skilað sér í því að fólk sem verður vitni að ofbeldi er í auknum mæli tilbúið til að hringja í lögreglu. Fram kom í máli sérfræðinga Heimilisfriðar að þeir hefðu orðið varir við að umræðan hefði jákvæð áhrif á komur til þeirra og að þeir fengju fleiri gerendur sem ekki hafa komist í snertingu við yfirvöld en vilja taka á sínum málum. Einhverjir gerendur virðast því hafa aukna trú á því að þeir geti komið sér út úr ofbeldishegðuninni með aðstoð þeirrar meðferðar sem stjórnvöld bjóða upp á.

Að auka samráð og samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn

Flestir sem rætt var við voru ánægðir með samstarf í verkefninu. Starfsfólk lögreglu og félagsþjónustu var ánægt með samstarfið, bæði innan stofnana og þeirra á milli og það sama á við um Barnavernd sem hefur lengi átt í góðu samstarfi við lögreglu.

Lögglumenn voru sérstaklega ánægðir með tengingu við félagsþjónustu og Barnavernd, sem bjóði heimilum upp á þjónustu til lengri tíma. Starfsfólk félagsþjónustu var ánægt með verkefnið og nefndi að nú kæmu inn hjá þeim mál sem hefðu annars ekki ratað inn á þeirra borð.

Þó má gera meira til að auka samráð þeirra sem vinna með málaflokkinn. Til dæmis stungu félagsráðgjafar upp á að gagnlegt væri að funda með rannsóknarlögglumönnum til að auka á gagnkvæman skilning á hlutverkum allra á vettvangi. Einnig gæti verið gagnlegt að félagsráðgjafar í verkefninu myndu funda reglulega til að ræða mál eða hvernig þeir vinna á vettvangi og þannig læra hver af öðrum. Slíkt samráð gæti líka verið gagnlegt á breiðari grundvelli til að tryggja samræmd vinnubrögð.

Ekki hefur verið farið í að dreifa upplýsingaefni um ofbeldi, í samræmi við markmið verkefnisins, en efni sem ætlað er fötluðum er til á öllum lögreglustöðvumog þá er nafnspjald með upplýsingum um úrræði dreift í gegnum lögreglu. Einnig hefur verið farið með fræðslu í Lögregluskólann. Þess skal getið að lögreglunám færist upp á háskólastig haustið 2016.

Upplýsingum um verkefnið og efni því tengt hefur verið safnað á síðu þess hjá Reykjavíkurborg (<http://reykjavik.is/saman-gegn-ofbeldi>).

Að efla og samræma úrvinnslu mála

Allir sem starfa að verkefninu finna fyrir auknu vinnuálagi og telja það mjög mikið. Bæði lögregla og félagsráðgjafar hafa bætt á sig aukavinnu vegna verkefnisins og mikil aukning hefur orðið í útköllum Barnaverndar. Sérfræðingar Heimilisfriðar sögðu líka frá því að tilvísunum til þeirra hafi fjölgað mikið og minnstust einnig á óhóflegt álag á starfsmenn Barnaverndar. Allir voru sammála því að endurskoða þurfi fjárveitingar til verkefnisins ef ætlunin er að sinna því svo vel sé til lengri tíma.

Almenn ánægja var með verkefnið meðal lögreglumanna og að það hefði í för með sér nauðsynlegar breytingar í málaflokknum. Þetta kom fram bæði í rýnihópum og netkönnun sem send var á lögreglumenn. Í netkönnuninni kom fram að meirihluti lögreglumanna telur að breytt verklag í heimilisofbeldismálum mæti þörfum þolenda. Þátttakendur í rýnihópum sögðu einnig að breytt vinnsla mála sýni að heimilisofbeldi sé ekki liðið. Þrátt fyrir ánægju með verkefnið meðal lögreglumanna kom fram ákveðin gagnrýni á framkvæmd þess. Til dæmis finnst mörgum lögreglumönnum að eftirfylgni við verklag sé of mikil fylgt og eigi ekki við í öllum málum. Þetta tóku félagsráðgjafar undir að hluta. Þó ber að nefna að áður en verkefnið hófst fengu lögreglumenn að meta aðstæður að vild, en þá voru mörg heimilisofbeldismál sem fengu ekki viðhlítandi meðferð í samræmi við verklagsreglur Ríkislögreglustjóra. Í áfangamati um verkefnið kom fram að lögreglumenn voru gagnrýnir á hvernig rýni mála var framkvæmd en því verklagi var breytt í maí 2015 og hætt að senda rýnina í tölvupóst á lögreglumanninn og yfirmann hans. Síðan þá hefur verklagið verið rýnt með stöðvastjórum, sem eiga að yfirfara málin og hafa yfirsýn og passa upp á skráningu og vinnslu heimilisofbeldismála. Lögreglumennirnir voru gagnrýnir á að taka fram fyrir hendur þolenda með því að halda málum til streitu gegn gerenda.

Jafnframt komu fram áhyggjur af því að lítið af úrræðum stæðu karlkyns þolendum til boða.

Félagsráðgjafar voru einnig ánægðir með verkefnið að mestu leyti, bæði í rýnihópum og netkönnun, þar sem mikill meirihluti var sammála því að verklagið mæti vel þörfum þolenda og gæti fækkað heimilisofbeldismálum. Félagráðgjafar voru einnig ánægðir með stjórnun verkefnisins og úrbætur á verkefnatímanum. Í rýnihópum kom fram að félagsráðgjafar voru ánægðir að fá tengingu inn á heimili sem þeir höfðu ekki komið á áður. Þó kysu félagsráðgjafarnir að hafa aukna áherslu á gerendur í verkefni- nu og að hægt væri að skrá báða aðila sem gerendur og þolendur þegar það ætti við.

Starfsfólk ákærusviðs lögreglu hafði nokkuð gagnrýna sýn á verkefnið, til dæmis að rannsakarar eigi að ráða hvað er gert í hverju máli fyrir sig og að fara þyrfti gætilega þegar nálgunarbönn eru ákveðin. Þó var þessi hópur ánægður með betri söfnun sönnunargagna á vettvangi en áður.

Í mörgum málum hefur eftirfylgniheimsókn ekki átt sér stað, þó verklag hafi kveðið á um það. Þeir þolendur sem fengu eftirfylgniheimsókn lýstu ánægju sinni með hana og hinir sögðust hafa viljað fá slíka heimsókn. Framkvæmd heimsóknanna hefur reynst of flókin og tímafrek, auk þess sem lögreglumenn tóku fram að þær væru ekki ætíð nauðsynlegar. Nú hefur verklagi verið breytt þannig að félagsráðgjafar hafa frumkvæði að eftirfylgniheimsókn.

Gátlisti er fylltur út af rannsóknarlögreglumönnum á vettvangi. Lögreglumenn voru almennt ekki ánægðir með mælitækið og myndu vilja fá styttn og einfaldaðan lista í stað listans sem nú er notaður. Einnig þyrfti að tryggja að upplýsingar sem fást úr gátlistunum væru nýttar í framtíðinni en væru ekki bara auka pappírsvinna. Aðrir voru jákvæðir gagnvart því að áhætta og öryggi væru sérstaklega metin.

Bæði lögregla, starfsfólk þjónustumiðstöðva og þolendur nefndu fíkn og geðræn vandamál sem sérstök vandamál. Þegar þessi vandamál eru til staðar þá geta þau flækt úrvinnslu mála, sérstaklega ef börn eru á heimilinu. Skoða þarf skörun þessara vandamála sérstaklega og hvernig er hægt að bregðast við þeim.

Starfsmenn Barnaverndar eru sammála um að verkefnið sé mjög mikilvægt og að tímanum í það sé vel varið. Það er lyklatríði að Barnavernd mæti alltaf í útköll þar sem börn eru á staðnum. Verkefnið hefur verið að taka á sig mótaðara form, í fyrstu stoppaði ekki síminn en tilfinningin er sú að útköllum hafi fækkað töluvert. Einnig töluðu þeir um að nauðsynlegt væri að flokka útköllin strax en í fyrstu bar á því að þeir væru kallaðir í útköll þar sem þeir áttu ekki erindi, í fyrstu. Einhugur er þó um að það væri betra að fara í nokkur óþörf útköll frekar en að missa af einhverju sem er mjög mikilvægt. Útkallið sendir skýr skilaboð um að ofbeldi sé ekki liðið.

Að bæta tölfraeðiupplýsingar um ofbeldi

Hjá Reykjavíkurborg hefur tölfraeðiupplýsingum um heimilisofbeldi verið safnað á markvissari hátt en áður. Til dæmis fylla félagsráðgjafar út eyðublað fyrir hvert útkall

sem þeir mæta í og á þjónustumiðstöðvum er fyllt út skimunareyðublað fyrir heimilisofbeldi. Hjá lögreglunni hefur skráningu heimilisofbeldismála verið breytt, auk þess sem rýni hefur átt sér stað til að tryggja að mál séu rétt skráð. Verulegar breytingar hafa því verið gerðar til að tryggja aðgengi að nákvæmum upplýsingum um heimilisofbeldi í framtíðinni. Vert er að benda á að mikilvægt er að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar, bæði fyrir almenning og þá sem vinna að verkefninu, enda gerir slík upplýsingagjöf starfsfólki kleift að fylgjast betur með framgangi verkefnisins og árangri af eigin starfi.

Að bæta þjónustu við konur af erlendum uppruna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi

Fólk af erlendum uppruna kom við sögu lögreglu, bæði í opinberri tölfræði og meðal lögreglumanna. Þeir þolendur af erlendum uppruna sem tekin voru viðtöl við höfðu ekki fundið fyrir sérstökum erfiðleikum eða fordómum gagnvart sér, en þess ber að geta að þeir töluðu báðir mjög góða íslensku. Tungumálaörðugleikar voru sérstaklega nefndir af lögreglu og félagsráðgjöfum og vandamál vegna túlkunar við úrvinnslu mála fólks af erlendum uppruna. Þannig getur verið erfitt að finna túlk fyrir öll tungumál og ákveðin hættu er fyrir hendi að túlkar rekist á þolendur eða gerendur í daglegu lífi. Barnavernd hefur leyst þennan vanda með því að kaupa túlkun erlendis frá í gegnum síma og sama aðferð er í undirbúningi hjá lögreglu. Reykjavíkurborg hefur gert samning við breska túlkþjónustu en lítil reynsla er komin á það fyrirkomulag.

Hvað öryggi erlendra kvenna varðar er verulegt áhyggjuefni að Heimilisfriður hafi til þessa ekki fengið íslenskan karlmann til meðferðar sem býr með erlendri konu. Þessi staðreynd er í ósamræmi við hátt hlutfall erlendra kvenna sem nýtir þjónustu Kvennaathvarfsins sem býr með íslenskum mönnum og töluleg gögn úr heimilisofbeldismálum. Það verkefni að ná til þessa hóps gerenda kallar því á sérstaka skoðun og mætti skoða hvort tilefni sé til að stofna sérstakan vinnuhóp um þetta efni.

Nauðsynlegt er að finna leiðir til að ná betur til erlendra kvenna sem búa við ofbeldi og það er áhyggjuefni að engin markviss samfélagsfræðsla sé í boði eða áskilin fyrir þá sem flytjast til landsins. Á meðan svo er ekki skapast skjól fyrir gerendur.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að gera bækling fyrir innflytjendur um heimilisofbeldi. Það hefur ekki verið gert og samkvæmt sérfræðingi mannréttindaskrifstofu er verið að endurskoða þá hugmynd þar sem aðrar leiðir gætu verið árangursríkari. Þá hefur verið bætt við verklagsreglur verkefnisins efni um innflytjendur.

Að bæta stöðu barna sem búa við ofbeldi

Heimilisofbeldi hefur mikil áhrif á börn. Á flestum heimilum þolenda voru börn til staðar, stundum höfðu þau orðið vitni að ofbeldi en í öðrum tilvikum orðið fyrir því sjálf. Að mati þolenda hefur ofbeldið mikil áhrif á börn og sumir þolendur vildu fá sálfræðiaðstoð fyrir þau. Lögreglumenn töluðu sérstaklega um að verkefnið hefði góð áhrif á þjónustu við börn, til dæmis væri alltaf rætt við þau og þeim boðin aðstoð og bjargir. Bætt þjónusta við börn skilar sér líka í forvarnargildi verkefnisins, þar sem vonandi er hægt að koma í veg fyrir frekara ofbeldi í framtíðinni. Lögreglumenn og

félagsráðgjafar eru sáttir við samstarf við Barnavernd og telja mikilvægt að hafa þá sérfræðinga á vettvangi til að styðja við börn. Sérfræðingur frá Barnavernd sagði frá því að starfsfólk færi í langflest útköll þar sem börn eru til staðar og að verkefnið hafi hjálpað að gera hlutverk þeirra skýrara varðandi börnin. Fram kom að þolanda hafði verið neitað um sálfræðipjónustu fyrir barn á heimilinu. Framboð á þjónustu fyrir börn er eitt af því sem þarfnast umbóta í verkefninu.

Að bæta þjónustu við fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi

Bæði erlendis og hér á landi eru fatlaðir skilgreindir sem sérstakur áhættuhópur í heimilisofbeldismálum og því er hjálplegt að skoða leiðir til að þjónusta þennan hóp sérstaklega, þó að slíkt þurfi ekki eingöngu að vera bundið við konur. Lögreglumenn töldu ekki að fötlun væri mjög algeng meðal þolanda og gerenda. Hins vegar verður að taka tillit til þess að fötlun er ekki skráð sérstaklega í meðferð mála lögreglu og að ofbeldi gegn fötluðum getur verið mun faldara en hjá öðrum hópum. Reykjavíkurborg hefur þó skipulagt skyldubundna fræðslu fyrir allt starfsfólk sitt sem vinnur með fötluðu fólki sem hófst haustið 2015 og verið er að vinna eftir tillögum starfshóps um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki.

Að auka þekkingu á málaflokkinum og hvetja til opinberrar umræðu um það samfélagsmein sem heimilisofbeldi er

Þó að ekki hafi farið fram sértök úttekt á opinberri umræðu um málaflokkinn, þykir ljóst að fjölmiðlar hafa í auknum mæli fjallað um heimilisofbeldi síðan verkefnið hófst og er umræðan nú á breiðari grundvelli þar sem hin ólíku birtingarform heimilisofbeldis eru í brennidepli. Af þeim þolendum sem rætt var við minntust sumir þeirra sérstaklega á að heimilisofbeldi væri mun meira í umræðunni en áður og töldu þeir það vera af hinu góða. Opnari umræða í samfélaginu gefur almenningi aukinn skilning á hinum fjölbreyttu myndum heimilisofbeldis, tiltrú á kerfið getur aukist meðal málsaðila sem verður ef til vill til þess að fleiri fá stuðning og sækja sér aðstoð.

Ánægja með fræðslu vegna verkefnisins var mismikil. Til dæmis sögðu lögreglumenn frá því að þeir hefðu viljað meiri fræðslu og umræður um hvernig verklag væri að breytast og hvaða áhrif það hefði á þeirra daglegu störf. Hins vegar hefur komið fram að umtalsverð fræðsla hefur verið í boði en ekki verið vel sótt af starfsfólki lögreglu, mögulega vegna vinnuálags. Félagsráðgjafar fengu fræðslu eftir að verkefnið hófst sem þeir voru ánægðir með en hún hefði þurft að koma fyrr. Þeir voru á sama máli og lögregla með að gott væri að fá hagnýtari fræðslu sem að miðaði að starfi þeirra í stað fræðilegra samantekta. Þeir óskuðu einnig eftir því að komið yrði á samráðsvettvangi þeirra sem fara í útköllin, félagsráðgjafa, lögreglu og barnaverndar, m.a. til að auka á gagnkvæman skilning á verkefnum hvers hóps starfsfólks. Af þeim þolendum sem rætt var við minntust sumir þeirra sérstaklega á að heimilisofbeldi væri mun meira í umræðunni en áður, sem þeim fannst mjög jákvætt.

9.2 Tillögur til úrbóta

9.2.1 Verkefna- og breytingastjórnun

Verkefnið hefur töluverðar breytingar í för með sér meðal mikils fjölda starfsfólks og því er ákjósanlegt að hafa meginreglur breytingarstjórnunar í huga og ekki síður nú þegar verkefnið er komið vel á rexpöl. Það er ótvíræður kostur að verkefnið hefur notið óskoraðs stuðnings æðstu stjórnenda hjá stofnununum þremur og hefur það eflaust verið lykillinn að velgengni verkefnisins fram að þessu. Skoðun hefur þó leitt í ljós að starfsfólk er undir ákaflega miklu álagi og mikilvægt er að leita leiða til að styðja það sem allra best til að tryggja áframhaldandi velgengni verkefnisins. Ekki eingöngu hefur nýtt verklag verið innleitt með auknu vinnuálagi, heldur hefur mála-fjöldi aukist gríðarlega og starfsfólk sinnir enn þeim starfskyldum sem það hafði á sínu borði fyrir byrjun ársins. Mikilvægt er að sjónarmið starfsfólks og tillögur til úrbóta verði skoðaðar, en mörg sjónarmið hafa verið sett fram í þessari úttekt.

Ef litið er á verkefnið út frá sjónarhóli verkefnastjórnunar, má benda á að heppilegt væri ef samstarfsaðilar ynnu út frá einu verkefnaskjali, þar sem ábyrgð og aðgerðir eru vel útlistaðar, að aðilar komi sér saman um hvaða árangursvísa notast skal við í verkefninu og hvernig megi mæla framgang þess. Jafnframt væri mikilvægt að deila þeim upplýsingum reglulega með starfsfólki öllu til að gefa því góða innsýn inn í hvaða árangri starf þeirra skilar.

9.2.2 Virkara samráð og samstarf

Samstarf milli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og félagsþjónustu Reykjavíkur hefur verið gott, sem og samstarf þessara aðila við Barnavernd Reykjavíkur. Viðmælendur létu einnig í ljós ánægju sína með að verklag hafði slípast til eftir því sem leið á verkefnið, sem er mikilvægt fyrir áframhaldandi framþróun þess.

Þegar á heildina er litið þarf að gæta þess að allir hlutar kerfisins vinni saman, bæði milli stofnanna og innan þeirra. Til dæmis má nefna að þó verkefnið hafi farið vel af stað hjá lögreglu og unnið sé eftir verklagslýsingum í útköllum og á vettvangi virðist sem áherslur yfirstjórnar lögreglu hafi ekki að fullu skilað sér inn á öll svið. Fram kemur, t.d. hjá sérfræðingi hjá lögreglunni, að ákærusvið lögreglunnar starfi á tíðum úr takti við verkefnið og komi slíkt ósamræmi niður á þjónustunni. Því er ljóst að frekari vinna þarf að eiga sér stað innan lögreglunnar við að samhæfa áherslur og verklag. Opin samskipti milli hópa þar sem ábendingar til úrbóta væru ræddar á hreinskiptinn hátt væru til bóta. Gagnlegt gæti verið að halda samráðsfundi með fulltrúum af ólíkum sviðum til að halda mótun verkefnisins áfram og til að tryggja að allir starfi á sama hátt. Betri skilningur á milli stétta ætti að skila sér í samræmdari vinnubrögðum og skýrari hlutverkum aðila á vettvangi og í eftirfylgd. Meira samráð og heildstæð sýn á verkefnið myndi fara langt með að bæta það sem uppá vantar í verkefninu.

Aukin fræðsla gæti líka komið sér vel í þessu samhengi en hún þyrfti að vera sérhæfðari en sú fræðsla sem boðið var upp á í upphafi verkefnisins og tryggt að hún nýtist vel í starfi hvers hóps fyrir sig. Samráðsfundur og upplýsingagjöf gæti líka virkað vel milli stofnana, til dæmis stungu félagsráðgjafar upp á að jafningjafræðsla gæti átt sér stað á vinnudegi félagsráðgjafa og rannsóknarlögreglumanna. Á þessum tímapunkti væri mögulegt að nýta jafningjafræðslu, t.d. að móta samræðuvettvang fyrir þá sem koma í útkall og starfa að málunum. Jafnframt mætti íhuga að bjóða sérhæfðari fræðslu af hálfu erlendra sérfræðinga fyrir afmarkaða hópa starfsfólks, en langvinn reynsla er af sambærilegum samstarfsverkefnum víða erlendis og virðast áskoranir gjarnan vera sambærilegar.

Einnig mætti skoða hvernig lögregla og félagþjónusta geta unnið saman að reglulegri yfirferð mála til að tryggja rétt vinnubrögð og eftirfylgni. Til dæmis gæti starfsfólk félagþjónustu á þjónustumiðstöðvum hitt starfsfólk viðkomandi lögreglustöðvar til að tryggja að vel sé hugað að málum sem koma upp í hverfinu.

9.2.3 Útköll lögreglu

Viðmælendum skýrsluhöfunda var tíðrætt um mikið álag á lögreglu og að leita þyrfti leiða til að létta á því. Lögregla kvartaði einnig undan því að mikill tími færi í vinnslu mála sem þeir telja að séu ágreiningsmál og ekki á verksviði lögreglu. Verklag lögreglu er þannig háttáð í dag að varðstjóri kemur á vettvang og ákveður hvort kalla eigi til félagþjónustu og rannsóknarlögreglumann. Almennu telja lögreglumenn að vinnulagið sé gagnlegt en kannski væri hægt að veita varðstjórum meira svigrúm til að meta aðstæður og taka ákvörðun um hvort allt teymið sé kallað út. Hægt væri t.d. með fræðslu og þjálfun varðstjóra að auka hæfni þeirra til að meta aðstæður og auka ákvörðunarvald. Þeir gætu þá metið hvort kalla bæri út rannsóknarlögreglumann, félagþjónustu, báða aðila eða hvorugan. Ef hægt væri að greina fleiri mál á þennan hátt fyrr sparast fjármunir og dýrmætur tími starfsfólks, bæði hjá rannsóknarlögreglumönnum og félagþjónustu. Þó er lykilatriði að vel yrði staðið að slíkum breytingum á verklagi til að tryggja að réttum málum sé fylgt vel eftir, en á þennan hátt væri hægt að forgangsraða málum hjá lögreglu áður en mikill tími er settur í þau. Mat á aðstæðum á vettvangi getur verið mjög flókið og sá möguleiki er fyrir hendi að varðstjórar hafi ekki fullar forsendur til að gera vandað mat. Í sumum tilfellum gæti til dæmis verið nægjanlegt að kalla út félagþjónustu án rannsóknarlögreglu, þar sem þess er mest þörf í sumum málum. Skoða þarf ítarlega hvort slíkt fyrirkomulag myndi setja of mikla vinnu og/eða ábyrgð á herðar varðstjóra.

9.2.4 Eftirfylgni mála

Nokkuð bar á því í áfangamati að málum var ekki fylgt eftir eins og vera ber og var bent á vinnuálag og fyrirkomulag eftirfylgni sem skýringu. Nú hefur hins vegar verklagi við eftirfylgni verið breytt og félagsráðgjafar sjá um boðun.

Mikilvægt er að samræma þjónustu svo þolendur og gerendur fái réttar upplýsingar frá öllum aðilum. Þetta á bæði við um lögreglu og félagsþjónustu. Eftirfylgniheimsóknin hefur til dæmis reynst sérstaklega erfið í framkvæmd. Bæði er erfitt að hitta á þolendur í eftirfylgniheimsókn og samræma heimsóknirnar. Þeir þolendur sem fengu eftirfylgniheimsóknir lýstu ánægju með þær, en þó voru nokkrir sem gagnrýndu þá þjónustu sem þeim var boðin eftir að málin komu upp t.d. að erfitt væri að ná í félagsráðgjafa. Nauðsynlegt er að skoða og skrá þá eftirfylgni sem unnin er í hverju máli fyrir sig til að tryggja samræmda meðferð mála og að öllum málum sé fylgt eftir á skilvirkan máta.

Þau viðhorf komu fram bæði hjá lögreglu og félagsráðgjöfum að sum mál væru þess eðlis að óþarfi væri að lögreglan kæmi með félagsráðgjöfum á staðinn, t.d. ef gerandi hefði yfirgefið heimilið. Í öðrum tilvikum væri nauðsynlegt að lögregla væri með í för og það tryggði einnig öryggi félagsráðgjafa. Einnig mætti skoða hvort einhver hluti eftirfylgni gæti farið fram í gegnum síma, án þess að starfsfólk fari inn á heimili málsaðila.

9.2.5 Gátlisti

Söfnun sönnunargagna á vettvangi hefur batnað, m.a. með myndatöku á vettvangi. Rannsóknarlögreglumenn fylla einnig út gátlista. Almennu voru lögreglumenn ekki ánægðir með listann sem mælitæki. Þeir töldu að betra væri að hafa styttri og einfaldari lista og að tryggja þurfi að listinn sé nýttur í framtíðinni en sé ekki bara auka pappírsvinna. Hins vegar má benda á að listinn er byggður á erlendra fyrirmynd og hefur verið rannsakaður og prófaður og ekki er ástæða til að ætla að heimilisofbeldismál séu að nokkru marki einfaldari á Íslandi en annars staðar. Hins vegar má álykta að í framtíðinni þurfi að skoða gátlista með hliðsjón af því hvað gagnast best í íslensku samhengi. Lagt er til að gátlisti og áhættumat verði sérstaklega skoðað með tilliti til þessa við lok verkefnisins því varasamt er að gera breytingar nema reynsla sé komin á þær aðferðir sem beitt er við áhættu- og öryggismat.

9.2.6 Nálgunarbönn

Ólík sjónarhorn komu fram varðandi nálgunarbönn enda eru aðstæður og eðli hvers máls um sig mjög breytileg. Viðhorfin voru allt frá því að líta svo á að nálgunarbönn skertu lítið réttindi gerenda og að því að þolendur ættu rétt á því að fá lögvarða vörn mót gerendum, allt til þess að þolendur nýttu úrræðið sem tól í ágreiningi, s.s. í forræðisdeilum.

Bresk úttekt á skilvirkni nálgunarbanna leggur til margvíslegar úrbætur í bresku samhengi sem einnig getur nýst í því íslenska. Má þar nefna skilvirkari úrræði fyrir gerendur og að leita leiða til að fá þá til að nýta sér slík úrræði, aukna fræðslu fyrir starfsfólk réttargæslukerfisins, aukna eftirfylgni og eftirlit með nálgunarbönnum, samræmd meðferð mála í gegnum kerfið allt og að viðurlögum við brotum á nálgunarbönnum verði beitt í ríkari mæli (Home Office, 2013). Í samhengi þessa verkefnis má

benda á að margir þættir standa að einhverju leyti utan ramma verkefnisins, en á hitt ber að líta að mikilvægt er að skoða málaflokkinn í stærra samhengi þegar leitað er leiða til úrbóta. Þó er ástæða til að skoða nánar aukna eftirfylgni og eftirlit með nálgunarbönnum sem og viðurlög við brotum á þeim. Nú hefur verklagi verið breytt og nálgunarbönn sem eru í gildi koma strax upp í útköllum svo almenna lögreglan hefur nú ítarlegri upplýsingar sem nýtast við ákvarðanatöku um hvernig eigi að bregðast við á vettvangi.

Miðlægri skráningu nálgunarbanna hjá lögreglu hefur verið ábótavant og er nú til skoðunar hjá LRH. Jafnframt mætti skoða hvort heppilegt sé að miðla þeim upplýsingum til félagsþjónustu.

Þá má nefna að LRH hefur verið að verið að þreifa sig áfram með notkun sáttmála milli lögreglu og geranda í anda þess sem Lögreglan á Suðurlandi hefur notað. Með slíkum samningi lofar gerandi að láta þolanda í friði. Hugmyndin að baki slíks samnings er að láta fyrst reyna á samkomulag áður en farið er fram á nálgunarbann og er hann nokkurs konar undanfari þess. Ef gerandi stendur ekki við að láta þolanda í friði eru komnar skýrari forsendur fyrir því að setja á að nálgunarbann.

9.2.7 Samstarf við aðra aðila

Heimilisofbeldismál eru mjög flókin og birtingarmyndir þeirra eru margar. Fyrir skilvirka úrlausn slíkra mála innan kerfisins er mikil þörf á heildrænni nálgun með aðkomu ólíkra aðila. Nú þegar er hafið samstarf við aðrar stofnanir, eins og Kvænnaathvarfið. Þannig hefur verið ákveðið að ráða félagsráðgjafa í Kvænnaathvarfið í hlustarf til að skapa betri tengingu við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Áður fyrr kom félagsráðgjafi í athvarfið einu sinni í viku en þetta nýja fyrirkomulag er án efa til bóta.

Samstarf sem margar ólíkar stofnanir koma að hefur gefist vel erlendis og er ein leið til að virkja samfélagið í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Heilbrigðiskerfið leikur lykilhlutverk í meðferð þolanda heimilisofbeldis, bæði hvað varðar líkamlega áverka og andlega og er því gjarnan einn samstarfsaðila (Home Office, Violent Crime Unit, 2004). Nú þegar skoðar lögreglan samstarf við aðra aðila, eins og heilbrigðiskerfið, til að tryggja árangursríka aðkomu þeirra að baráttunni gegn heimilisofbeldi en fjölmargir lykilaðilar eins og bráðamóttaka og heimilislæknar ættu vel heima innan samvinnuverkefnisins í náinni framtíð.

Þá má einnig nefna samstarf við skóla sem dæmi um heppilegan samstarfsvettvang auk ólíka meðferðaraðila. Slík samvinna miðar að áhættumati, rýni, fræðslu, vitundarvakningu, forvörnum, stuðningi og meðferð fyrir ólíka aðila heimilisofbeldis. Líta má á *Saman gegn ofbeldi* sem fyrsta skrefið í slíkri nálgun í Reykjavík.

9.2.8 Nýjungar

Mikilvægt er fyrir aðila verkefnisins að taka tillit til og skoða sérstaklega nýja starfs-hætti sem koma til á verkefnatímabilinu sem geta verið tól í baráttunni gegn heimilis- ofbeldi og haft jákvæð áhrif á verkefnið. Sem dæmi má nefna að lögreglan hefur tekið í notkun myndavélar en slíkt hefur nýst ákaflega vel erlendis í heimilisofbeldismálum við að fanga þann veruleika sem er til staðar á vettvangi mála og bæta gagnasöfnun til að styðja við málin (Drumm, 2007). Nýting myndavéla hefur verið tilraunaverkefni hjá LRH þar sem fáar hafa verið teknar í notkun til þessa. Þær hafa þegar reynst vel í heimilisofbeldismálum og eru því góðar forsendur fyrir því að miða að áframhaldandi innleiðingu slíkrar tækni til að styðja við starf lögreglu á þessum vettvangi.

Nýting erlendar túlkabjónustu í gegnum síma er mikilvæg nýjung í þjónustu Reykja- víkurborgar, LRH vinnur, eins og áður segir, einnig að því að innleiða þá þjónustu hjá sér. Þar með er komið í veg fyrir að fólk sem nýtir túlkabjónustu þekki túlkinn, sem hefur verið verulegt vandamál þar sem túlkar sem veita sína þjónustu í litlu málsam- félagi þekkja gjarnan þá einstaklinga sem tala sama tungumál og þeir sjálfir.

Stuðningur með svokölluðum hjálparlínunum eða ráðgjöf og aðstoð í gegnum síma hefur reynst vel í Bretlandi sem er sérhæfður fyrir heimilisofbeldismál (Home Office, Violent Crime Unit, 2004). Slíkur stuðningur er veittur hér á landi í gegnum Kvænna- athvarfið og hjálparsíma Rauða krossins 1717, sem einnig býður upp á netspjall. Við sértækt átak á ólíkum sviðum heimilisofbeldis í náninni framtíð mætti jafnframt athuga hjálparlínur eða netspjall þar sem sérfræðingar veita ráðgjöf og stuðning, t.d. fyrir einstaklinga af erlendum uppruna, fyrir gerendur o.s.frv.

Loks mætti skoða samkeyrslu gagna frá lögreglu og félagsþjónustu til að tryggja að báðir aðilar hafi yfirsýn yfir málin og framgang verkefnisins. Hins vegar eru vand- kvæði því tengd er varða trúnað við skjólstaðinga og málsaðila og því er ekki líklegt að slík samkeyrsla tölulegra gagna muni eiga sér stað í náninni framtíð. Þó er mikilvægt að leita lausna á þessu sviði þar sem leitast er við að tryggja bæði velferð og trúnað við alla aðila mála.

9.2.9 Samþætt meðferðarúrræði sem taka tillit til geðrænna vandamála og fíknar

Starfsfólk á öllum sviðum taldi að einkenni heimilisofbeldismála væru flókin og áskoranir miklar. Áberandi væri að margir málsaðilar glímdu við fíkn af einhverju tagi og að geðræn vandamál væru jafnframt algeng. Þetta rímar vel við frásagnir þolenda, þar sem fíkn og geðræn vandamál voru mjög miðlæg. Í málum lögreglu kemur fram að brotaþolar voru ölvaðir í 92 málum, eða í um fjórðungi þeirra mála sem upp komu, og gerendur voru ölvaðir í 189 málum sem er hátt í helmingur málanna.

Ljóst þykir að knýjandi þörf er á að nýta úrræði geðheilbrigðiskerfisins þar sem máls- aðilar ættu gjarnan við geðræn vandamál að stríða og jafnvel samþættar lausnir fyrir einstaklinga sem eiga við fíkn og geðrænan vanda að etja. Sem dæmi um samþætta

